

skoðun 18

## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Tjöld og útilega





Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

27. maí 2010 — 122. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




### Dansað í náttúrunni

*Landkynningarátak vegna eldgossins er kynnt í dag.*

fólk 34

### Harðgrýti fátæktar

*Edda Jónsdóttir hlaut styrk til að gera útvarpsþætti um fátækt á Íslandi.*

tímamót 24



### Munaði svo litlu

*Íslenska kvennalandsliðið í handbolta var grátlega nálægt því að tryggja sér sæti inn á EM í gær.*

íþróttir 38

### veðrið í dag




**BJARTVIÐRI V-LANDS** Í dag verða víðast norðaustan 3-8 m/s. Skýjað NA- og A-lands og líkur á skúrum eða slydduéljum en annars víða bjartviðri. Hiti 4-14 stig, hlýjast SV-lands.

veður 4

# ESA fellst ekki á rök Íslands

**Afstaða eftirlitsstofnunar EFTA í Icesave-málinu er þvert á þau sjónarmið sem íslensk stjórnvöld hafa haldið á lofti. Afstaðan kemur ekki á óvart, en farsælasta lausnin er að semja um málið segir fjármálaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld eiga að endurgreiða Bretum og Hollendingum greiðslur til innstæðueigenda vegna Icesave-reikninga Landsbankans, að mati ESA, eftirlitsstofnunar EFTA. Þetta kemur fram í áminningarbréfi sem stofnunin hefur sent íslenskum stjórnvöldum.

„Við höfum staðið eina með þau sjónarmið að það væri lagaleg óvissa sem við höfum reynt að halda til haga. Þetta er ekki dómur heldur álit, en engu að síður er ljóst að ESA, að vel athuguðu máli, hefur þessa afstöðu og hún er okkur í óhag," segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Hann segir þetta þó engu breyta um að heppilegast væri að ná samningum við Breta og Hollendinga í Icesave-málinu.

„Kosturinn er sá að þetta snýr eingöngu að lágmarkstryggingunni, þótt niðurstaðan sé þessi," segir Steingrímur. „Þegar menn lesa bréfið sjá menn náttúrulega að málið getur teygt anga sína víðar en þangað. En þetta er svo viðkvæmur þáttur að ég vil ekki tjá mig um það, heldur láta okkar lögfræðinga skoða alla þætti málsins."

> Ég tel að þetta sé tilraun til að ýta á að við semjum.
>
> SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON
> FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir niðurstöðu ESA ekki koma á óvart. Hann segir að niðurstaðan sé í samræmi við það sem Evrópusambandið hafi haldið fram frá upphafi, og ekki komi á óvart að ESA verji evrópska kerfið.

Samninganefnd Íslands telur niðurstöðu ESA styrkja samningsstöðu Íslands, segir Sigmundur Davíð, sem segist sammála þeirri niðurstöðu. Það sé ný staða að ýjað sé að því að málið gæti endað fyrir EFTA-dómstólnum. Bretar og Hollendingar hafi hingað til ekki mátt heyra á það minnst að málið fari fyrir dómstóla.

„Ég tel að þetta sé tilraun til að ýta á að við semjum,", segir Sigmundur Davíð. Aðalatriðið sé þó að reyna að ná samningum, og þar sé aðalatriðið að nú sé búið að opna á leið til að taka málið fyrir hjá EFTA-dómstólnum.

- bj, kóþ / sjá síðu 4



**LITLA SKINNIÐ VARIÐ** Margir notuðu tækifærið til að njóta sólarinnar í sundlaugum höfuðborgarinnar í gær. Laugardalslaugin var engin undantekning. Spáð er blíðu suðvestanlands fram að helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þingmannanefnd um skýrslu:

## Þarf mögulega lengri tíma

**RANNSÓKNARSKÝRSLA** Ráðherrarnir þrír, sem sakaðir eru um vanrækslu í starfi í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, hafa, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, frest til 8. júní til að senda þingmannanefnd um málið skýrslu. Atli Gíslason, formaður nefndarinnar, vildi ekki staðfesta tímasetninguna, en sagði athugasemdafrestinn dæmi um gagnsæja stjórnsýslu nefndarinnar.



ATLI GÍSLASON

Nefndin þarf að ljúka vinnu sinni fyrir setningu Alþingis í septemberbyrjun. Atli segir hana ábyggilega munu nýta þann frest að fullu, mögulega þurfi hún rýmri tíma til verka sinna. „Þetta er gríðarlega umfangsmikið verk og það er frekar að það fari á þann veg að við þurfum viðbótartíma en hitt."

- kóp



**Ólafur og Kolbrún leiða H-lista – framboð um heiðarleika**

Hera Björk Þórhallsdóttir hefur slegið í gegn í Eurovision-keppninni í Ósló:

## Ráðherra heilsaði upp á Heru

**FÓLK** Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, óskaði sérstaklega eftir því að fá að hitta íslensku keppendurna í Eurovision í gær. Þrátt fyrir mikið annríki urðu Hera Björk og íslenski hópurinn að sjálfsögðu við þeirri bón og hittu Støre á efstu hæð hótelsins þar sem þau dvelja.

Örlygur Smári, höfundur íslenska lagsins, segir einstaklega vel hafa farið á með þeim, en rætt var um ástandið á Íslandi, afleiðingar eldgossins og svo var Je ne sais quoi auðvitað kyrjað fyrir ráðherrann.



**STÖRE OG HERA** Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, mætti á fund hjá Heru Björk.

Hera Björk hefur tekið Eurovision með trompi enda brutust út mikil fagnaðarlæti þegar í ljós kom að Ísland hreppti síðasta sætið í úrslitunum sem fram fara á laugardagskvöldið. Þá verður Ísland númer 16 í röðinni.

- fgg / sjá síðu 42


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HR

Áherslulínur: Tölvuleikjaþróun – Hugbúnaðarfræði
Gervigreind – Fræðileg tölvunarfræði



www.hr.is

Kringlan

Opið til 21 í kvöld



## SPURNING DAGSINS



*Árni, er búið að slá skjaldborg um þitt heimili?*

„Nei, ætli það nokkuð. Ekki frekar en annarra.“

Kvikmyndin Backyard, í leikstjórn Árna Sveinssonar, vann áhorfendaverðlaun heimildarmyndahátíðarinnar Skjaldborgar sem fram fór á Patreksfirði um liðna helgi.

„Óhjákvæmilegt“ segir frambjóðandi Samfylkingar í borgarstjórnarkosningunum:

# Steinunn Valdís segi af sér

**STJÓRNMÁL** Innan borgarstjórnarhóps Samfylkingar er mikið rætt um að Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður flokksins, eigi að segja af sér þingmennsku, að sögn Hjálmars Sveinssonar, sem er í fjórða sæti listans.

Hjálmar var spurður á Útvarpi Sögu á þriðjudag hvort honum fyndist að Steinunn ætti að segja af sér og tekur fram að hann hafi ekki haft frumkvæði að umræðunni.

„Ég svaraði bara undanbragðalaust og sagði það sem mér finnst, að það sé óhjákvæmilegt að hún geri þetta. Hins vegar væri það lúalegt af okkur borgarstjórnarframbjóðendum að fara að krefjast þess núna rétt fyrir kosningar, og ekki okkar hlutverk. Hún hlýtur að komast að þessari niðurstöðu sjálf. Það tekur sinn tíma og ég spái því að það sé ekkert mjög langt í að það gerist, án þess að ég hafi heimildir fyrir því,“ segir hann.

Aðspurður segist Hjálmar ekki sjá nein merki þess að þetta gerist fyrir kosningar á laugardag.

Spurður hvort sama eigi að gilda um Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar í borginni, segir Hjálmar þar ólíku saman að jafna. Dagur hafi þegið ríflega fimm milljónir, og takmarkað styrki við 500 þúsund krónur frá hverjum. Að sjálfsögðu sé enginn stikkfrír, en Dagur sé hæfur til að leiða listann.

Steinunn Valdís segist þegar hafa skýrt afstöðu sína til þessa máls. Ekkert samhengi sé milli gjörða hennar og styrkjanna. Afstaða hennar sé óbreytt. **- kóþ, bj**



HJÁLMAR SVEINSSON

Helstu markaðir réttu við sér:

## Sumir sjá tækifæri í fallinu

**VIÐSKIPTI Helstu hlutabréfavísitölur í kauphöllum í Asíu og Evrópu leituðu upp á við í gær. Netútgáfa Börsen segir fjárfesta hafa séð tækifæri í hagstæðu gengi eftir verðfall síðustu daga.**

**Hagtölur í Bandaríkjunum, sérstaklega 40 prósenta vöxtur framleiðslu og aukin eftirspurn, gáfu góð fyrirheit, að sögn AP-fréttastofunnar. Engu að síður sigu vísitölur vestra síðdegis líkt og undanfarna sjö viðskiptadaga. Dow Jones-vísitalan endaði í 9.974 stigum.** **- jab**

Samtökin Sterkara Ísland:

## Ræða um Evrópu og atvinnu

**EVRÓPUMÁL Samtökin Sterkara Ísland – þjóð meðal þjóða stendur fyrir tveimur fræðslufundum, öðrum um laun, kaupmátt og réttindi og hinum um það sem kallað er viðskiptaáætlun Íslands.**

**Á fyrri fundinum, í kvöld, fjallar Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, um aðild Íslands að ESB með hliðsjón af hagsmunum launafólks. Næsta fimmtudag fjallar Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Thule Investments, um þróun íslensks atvinnulífs næstu ár og hvaða máli aðild skiptir.** **- sh**

# Óvæntur reikningur fyrir húsmæðraorlof

**Bæjarráð Hveragerðis er ósátt við að þurfa að greiða hlut í 1,6 milljóna króna reikningi vegna orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu. Ráðið gagnrýnir að Alþingi hafi ekki komið því í verk að leggja af orlofsgreiðslur til húsmæðra.**

**HVERAGERÐI** Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu efndi í fyrra til tveggja orlofsferða fyrir húsmæður. Alls nam kostnaður vegna starfseminnar 3,2 milljónum króna á því ári og er sveitarfélögum á svæðinu, lögum samkvæmt, ætlað að greiða tæpar 1,6 milljónir af því.

Reikningur vegna húsmæðraorlofsins var sendur Hveragerðisbæ og ræddur þar á síðasta fundi bæjarráðs sem lýsti furðu sinni á því að boðuð lagabreyting þar sem orlofsgreiðslur þessar eru lagðar af skuli ekki hafa náð fram að ganga.

„Samkvæmt upplýsingum frá lögmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga er þingmannafrumvarp um málið komið á dagskrá Alþingis en það hefur ekki enn hlotið samþykki. Fá sveitarfélög ef nokkur gerðu ráð fyrir greiðslum vegna orlofs húsmæðra árið 2010 og Hveragerðisbær er þar á meðal,“ segir í bókun bæjarráðsins sem síðan tekur fram að greinilegt sé að greiða verði reikninginn.

Lögin gera ráð fyrir því að konur sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu án þess að fá fyrir það greitt eigi rétt á að sækja um orlof. Til að standa straum af því skuli sveitarfélög leggja fram peninga.

Ferðirnar tvær sem húsmæðurnar í Árnes- og Rangárvallasýslu fóru í fyrra voru farnar í júní og september. Í fyrri ferðinni gistu 38 konur í þrjá daga á Hótel Laka í Landbroti og mismunandi staðir voru skoðaðir, allt frá Dyrhólaey til Hornafjarðar. Seinni ferðin var svokallað hvíldarorlof í fjóra daga þar sem þrjátíu konur gistu á Hótel Hvolsvelli og í Smáratúni í Fljótshlíð.

Konurnar skoðuðu merka staði og nutu víða leiðsagnar fróðra manna. Á kvöldin undu þær sér við skemmtan á borð við bingó, rímur og harmónikkuleik að ógleymdri kvennasöngsveitinni Hot Babes.

„Á föstudag kvöddum við svo alsælar með skemmtilega og tilbreytingarríka dvöl og þakklátar öllu því ágæta fólki sem hlut átti að máli,“ segir í skýrslu ritara kvennanna um hvíldarorlofið í september.

Í reikningum sem sendir voru Hveragerðisbæ kemur fram að sjálfar greiddu konurnar samtals tæplega 1,2 milljónir króna fyrir ferðirnar tvær. **gar@frettabladid.is**



**DYRHÓLAEY** Orlofsferðir húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu í fyrra báru konurnar allt frá Hvolsvelli að Höfn í Hornafirði. Meðal þess sem þær tóku sér fyrir hendur var að aka í rútu í Dyrhólaey, fræðast um Skaftárelda og skoða hafnargerðina í Landeyjum.

**3,2 milljónir** er heildarkostnaður við húsmæðraorlof í Árnes- og Rangárvallasýslu. Sveitarfélögin á svæðinu þurfa greiða tæpar 1,6 milljónir af þessari upphæð.



**ALLT Í PLATI** Hópur lögreglumanna við Hótel Nordica var á æfingu en ekki að eltast við glæpamenn.

Lögreglumenn á æfingum:

## Undirbúa sig fyrir sumarið

**LÖGREGLUMÁL** Vegfarendum á Suðurlandsbraut varð hverft við þegar lögreglumenn á bílum og vélhjólum dreif að byggingu Hótel Nordica upp úr klukkan hálf þrjú í gær. Lögregluliðið safnaðist fljótlega saman á bílastæðinu að baki hótelinu. Almennir borgarar sem urðu vitni að atganginum áttu erfitt með að koma auga á glæpinn í öllu saman enda hafði enginn glæpur verið framinn.

„Við erum bara að æfa okkur fyrir sumarið,“ útskýrði einn lögreglumaðurinn þegar hann kom á vettvang. Fyrr um daginn höfðu lögreglumennirnir æft forgangsakstur á Reykjanesbraut. **- gar**

Eignir fara upp í níu tíundu:

## Fundað með kröfuhöfum

**VIÐSKIPTI Búist er við að eignir Landsbanka Íslands dugi fyrir 89 prósentum forgangskrafna, þar á meðal krafna vegna Icesave. Þetta var haft eftir Lárentsínusi Kristjánssyni, formanni skilanefndar bankans í kvöldfréttum Stöðvar tvö í gær.**

**Kynna á kröfuhöfum nýtt verðmat á eignum Landsbankans fyrir hádegi í dag. Haft var eftir Lárentsínusi að áætlanir skilanefndarinnar haldi og að „eignasafnið hafi ekki súrnað“ frá síðasta verðmati.** **- óká**



**SPARAKSTUR** Í gær var haldin fimmta árvissa sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu. MYND/ATLANTSOLÍA

Fimmtán kepptu í sparakstri:

## Besti árangurinn hingað til

**UMHVERFISMÁL** Sigurvegari í sparaksturskeppni Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) og Atlantsolíu sem fram fór í gær eyddi 2,93 lítrum á hverja 100 kílómetra. Afrekið vann Margeir K. Eiríksson á Volkswagen Polo, árgerð 2010, með 1,6 lítra dísilvél.

Alls tóku fimmtán bílar frá sex bílaumboðum þátt. „Aldrei áður hefur náðst eins góður árangur en tveir bílar eyddu minna en 3,0 lítrum af eldsneyti á hundraðið,“ segir á vef Atlantsolíu. Í öðru sæti var Friðrik Þór Halldórsson á Skoda Octavia, árgerð 2009.

Eknir voru rúmir 140 kílómetrar, upp Mosfellsdal, meðfram Þingvallavatni, framhjá Selfossi og Þrengslin til Reykjavíkur. **- óká**






Efsti maður á C-lista gagnrýnir utankjörfundaratkvæðagreiðslu á Sólheimum:

# Segir keppinauta njóta forskots

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar C-listans í Grímsnes- og Grafningshreppi gagnrýna utankjörfundaratkvæðagreiðslu á Sólheimum í Grímsnesi í dag.

Hörður Óli Guðmundsson, efsti maður á C-listanum, bendir á að Guðmundur Ármann Pétursson, forstöðumaður Sólheima, sé í 2. sæti á K-listanm, hinu framboðinu í sveitarfélaginu. Hörður segir heimilismenn á Sólheimum vera um tólf prósent kjósenda. Hann telji að þeir eigi að mæta á almennan kjörstað.

Hörður kveðst telja K-listann njóta forskots með atkvæðagreiðslunni á Sólheimum. „Auðvitað stóla heimilismenn á Sólheimum á sitt fólk og treystir því og trúir í öllu og er svolítið undir þeirra verndarvæng,“ segir hann.

Guðmundur Ármann Pétursson segir langa hefð fyrir utankjörfundaratvæðagreiðslum á Sólheimum. Þær séu hugsaðar til þess að heimilsfólkið þar hafi traust tækifæri til að neyta kosningaréttar síns.

Guðmundur spyr hvort þeir sem vinni á dvalarheimilum aldraðra eða annars staðar þar sem fram fer utankjörfundaratvæðagreiðsla séu þess vegna vanhæfir til pólitískrar þátttökustarfa. „Ég get ekki séð að listinn sem ég er á njóti einhvers forgangs þótt íbúar í sömu byggð og ég njóti kosningaréttar,“ segir forstöðumaðurinn.

Þess má geta að fulltrúar C-listans kærðu utankjörfundaratkvæðagreiðslu á Sólheimum fyrir fjórum árum en félagsmálaráðuneytið úrskurðaði að úrslitin stæðu. **- gar**



**SÓLHEIMAR** Heimilismenn eiga þess kosta að greiða atkvæði utankjörfundar á Sólheimum í dag líkt og í sveitarstjórnarkosningum fyrir fjórum árum.

# ALLAR VÖRUR TAX FREE

---

# Í DAG

## FIMMTUDAGINN 27. MAÍ

---

## OPIÐ TIL 22 UM LAND ALLT

**TAX FREE**

**ALLAR VÖRUR Í HÚSASMIÐJUNNI - ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI**

**viðarvörn • málning • garðhúsgögn • garðverkfæri • sumarblóm gjafavörur • gluggar • pottaplöntur • sláttuvélar • trjáplöntur • grill heitir pottar • skjólveggir • leiktæki • blómapottar • heimilistæki hreinlætistæki • garðslöngur • blöndunartæki • pallaefni garðhús • leikföng • trampolín • skrúfur • festingar • verkfæri • ljós parket • flísar • búsáhöld • útivistarfatnaður • vinnufatnaður hurðir • tröppur • reiðhjól • bílavörur • bílakerrur...og miklu meira!**

Látum verkin tala!

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 26.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,93 | 130,55 |
| Sterlingspund | 187,22 | 188,14 |
| Evra | 159,84 | 160,74 |
| Dönsk króna | 21,480 | 21,606 |
| Norsk króna | 19,930 | 20,048 |
| Sænsk króna | 16,443 | 16,539 |
| Japanskt jen | 1,4385 | 1,4469 |
| SDR | 190,95 | 192,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,3283

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn er óvíst hvert heildartap ferðaþjónustunnar vegna eldgossins verður:

# Tap í apríl 1,5 milljarðar króna

**FERÐAÞJÓNUSTA** Talið er að ferðaþjónustan hafi orðið af einum og hálfum milljarði króna í apríl vegna áhrifa eldgossins í Eyjafjallajökli á flug. Tölur fyrir maímánuð liggja ekki fyrir.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar komu um fimm þúsund færri ferðamenn til landsins í aprílmánuði en búist var við. Miðað er við að tekjur þjóðarbúsins af hverjum ferðamanni séu um 300 þúsund krónur. Inni í þeirri fjárhæð er flugfar, gisting, afþreying, matur og önnur eyðsla ferðamanna.

Þegar tölur um fjölda ferðamanna í maí liggja fyrir verður hægt að meta heildartap greinarinnar. Þess er jafnframt að vænta að fljótlega í júní verði komið á daginn hvaða áhrif gosið mun hafa á ferðamannastrauminn fram á haust. Sameiginlegt markaðsátak ferðaþjónustunnar og stjórnvalda hefur þá staðið um hríð.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að flugfélögin Icelandair, Iceland Express og Flugfélag Íslands urðu samtals af einum til 1,3 milljörðum króna vegna raskana á flugi af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli. - bþs



**HVAÐ ER Í BOÐI?** Erlendir gestir glugga í ferðamannabækling. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrstu skip sumarsins komin:

# Búist við 120 skipum í sumar

**SIGLINGAR** Fyrstu skemmtiferðaskip sumarsins komu til hafnar í Reykjavík í gær. Skipin heita NG Explorer og Seven Seas Voyager og eru hér á vegum TVG Zimsen-Eimskip. Farþegar gripu tækifærið og skoðuðu miðbæinn í blíðskaparveðri.

Björn Einarsson, framkvæmdastjóri TVG-Zimsen, segir fyrirtækið með bókaðar um 120 komur skemmtiferðaskipa til Íslands í sumar, þar af muni fjörutíu leggjast að höfn í Reykjavík.

Ólafur F. Magnússon:

# Segist ekki hafa þegið styrki

**STJÓRNMÁL** Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi og frambjóðandi H-listans, segist ekki hafa þegið persónulega styrki eftir að hann hætti í Sjálfstæðisflokknum, en það var árið 2001. Síðan hefur hann setið sem fulltrúi F-lista og óháðra.



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Ólafur lítur á milljónastyrki sem mútur og telur því marga frambjóðendur vanhæfa til að stýra borginni.

Framboð hans þiggur ekki styrki fyrir þessar kosningar.

„Fari kosningarnar eins og misáreiðanlegar kannanir benda til, get ég í það minnsta hætt stoltur í huga,“ segir hann. - kóp

## LÖGREGLAN

### Kannabis á Eyrarbakka

Kannabisræktun var upprætt á Eyrarbakka um nýliðna helgi. Húsleit var gerð hjá manni og fundust þar sautján plöntur ásamt einum lampa. Maðurinn var færður til yfirheyrslu og játaði hann að hafa staðið að ræktuninni.

## LEIÐRÉTT

Í blaðinu í gær sagði að allir sitjandi borgarfulltrúar hefðu gefið upp hverjir styrktu þá um hálfa milljón eða meira. Þar gleymdist Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, sem ekkert hefur gefið upp um styrkjamál sín fyrir síðustu kosningar.

Á forsíðu Alltblaðsins í fyrradag var ranghermt að Kerrupúl væri eina líkamsræktin sem ungbarnamæður gætu haft litlu börnin með sér í. Að minnsta kosti World Class í Laugum og Fullfrísk bjóða upp á það líka.

# Eftirlitsstofnun hafnar rökum íslenskra stjórnvalda

**Íslendingum ber að endurgreiða Bretum og Hollendingum útgjöld vegna lágmarkstrygginga á innstæðum á Icesave-reikningunum að mati eftirlitsstofnunar EFTA. Icesave-málið gæti endað fyrir EFTA-dómstólnum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða þýðingu hefur áminningarbréf um Icesave sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur sent íslenskum stjórnvöldum?

**EFNAHAGSMÁL** Íslandi ber ótvírætt skylda til að ábyrgjast innstæður breskra og hollenskra sparifjáreigenda á Icesave-reikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi að ríflega 20 þúsund evra lágmarki, að mati ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.

Stofnunin telur einnig að íslensk stjórnvöld hafi mismunað innstæðueigendum í útibúum erlendis með neyðarlögunum sem sett voru eftir bankahrunið.

Málið snýst í grunninn um innstæður á erlendum reikningum Landsbankans. Í kjölfar bankahrunsins ábyrgðust íslensk stjórnvöld reikninga íslensku bankanna á Íslandi með neyðarlögum, en ekki reikninga utan landsteinanna.

Í kjölfarið greiddu bresk og hollensk stjórnvöld innstæðueigendum þar í landi úr sínum tryggingarsjóðum. Þau hafa í kjölfarið gert kröfu um endurgreiðslu frá íslenskum stjórnvöldum, í gegnum tryggingarsjóð innstæðueigenda hér á landi.

Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að tilskipun EES-samningsins um tryggingarsjóð innstæðueigenda skuldbindi ríkið til að koma á slíkum sjóði, en ekki til að greiða kröfur umfram innstæðu sjóðsins. Þá hafa íslensk stjórnvöld haldið því fram að tilskipun um slíkar lágmarkstryggingar eigi ekki við í algeru kerfishruni eins og varð hér á landi.

Þessu hefur ESA, eftirlitsstofnun EFTA, nú lýst sig ósammála í áminningarbréfi sínu til íslenskra stjórnvalda þar sem álit hennar er reifað.

Íslensk stjórnvöld hafa nú tvo mánuði til að bregðast við bréfinu. Í kjölfar þeirra viðbragða getur ESA ítrekað afstöðu sína eða eftir atvikum breytt fyrri afstöðu með áliti. Fari íslensk stjórnvöld ekki að slíku áliti gæti málið á endanum farið fyrir EFTA-dómstólinn.

Ferlið getur tekið langan tíma, og alls óvíst að það endi fyrir EFTA-dómstólnum, sér í lagi ef Ísland nær samkomulagi við bresk og hollensk stjórnvöld um farsælar lyktir Icesave-málsins.

Fari málið fyrir dómstólinn er Ísland skuldbundið til að fara að niðurstöðu hans. Hann sker þó aðeins úr um hvort Ísland hefur brotið gegn EES-samningnum, og í raun væru því bresk og hollensk stjórnvöld óbundin af niðurstöðu dómstólsins, kæmist hann að þeirri niðurstöðu að Íslandi beri ekki að tryggja innstæðurnar.

ESA er eftirlitsstofnun sem aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, starfrækja. Stofnunin er þó óháð aðildarríkjunum og hefur eftirlit með því að þau fylgi samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Aðild að ESA eiga Ísland, Noregur og Liechtenstein. Ríkin þrjú skipa hvert einn fulltrúa í stjórn ESA. Fulltrúi Íslands er Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra. brjann@frettabladid.is

## Yrðu að hlíta niðurstöðu EFTA-dómstóls

Engin af þeim sjónarmiðum sem reifuð eru í áminningarbréfi ESA eru ný af nálinni, og þau breyta engu um þá niðurstöðu að engin ríkisábyrgð sé á Icesave-reikningunum, segir Stefán Már Stefánsson lagaprófessor við Háskóla Íslands. Hann segir að Bretum og Hollendingum væri ekki stætt á öðru en að hlíta niðurstöðu EFTA-dómstólsins, fari málið alla leið þangað, þrátt fyrir að þeir væru í raun ekki bundnir af dóminum.



STEFÁN MÁR STEFÁNSSON

Stefán hefur haldið því fram að íslenska ríkið beri ekki ábyrgð á því að greiða innistæður á Icesave-reikningum umfram það sem til sé í tryggingarsjóði innstæðueigenda. Þá hefur hann rökstutt það ítarlega í blaðagreinum að íslensk stjórnvöld hafi ekki mismunað erlendum innstæðueigendum með neyðarlögunum í kjölfar hrunsins.

Sú afstaða ESA sem fram kemur í áminningarbréfi þeirra til íslenskra stjórnvalda er kostur þar sem hún opnar á að málið fari fyrir dómstóla, segir Stefán. Fyrir EFTA-dómstólnum megi láta reyna á kröfu um greiðslu umfram getu tryggingarsjóðsins, sem og hvort stjórnvöld hafi mismunað innstæðueigendum.

## Farsælast að semja um Icesave-málið

„Þessi niðurstaða kemur mér ekki á óvart í sjálfu sér, við höfum þekkt þessi viðhorf,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. „Við höfum staðið ein með þau sjónarmið að það væri lagalega óvissa sem við höfum reynt að halda til haga. Þetta er ekki dómur heldur álit, en engu að síður er ljóst að ESA, að vel athuguðu máli, hefur þessa afstöðu og hún er okkur í óhag.“



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur segir þetta ekki breyta stöðunni. Farsælasta lausnin sé, eftir sem áður, að klára málið við samningaborðið. Íslensk stjórnvöld hafi alltaf verið tilbúin að leysa málið með samningum, og það standi, náist ásættanleg niðurstaða í málinu.

„Kosturinn er sá að þetta snýr eingöngu að lágmarkstryggingunni, þótt niðurstaðan sé þessi. Þegar menn lesa bréfið sjá menn náttúrulega að málið getur teygt anga sína víðar en þangað. En þetta er svo viðkvæmur þáttur að ég vil ekki tjá mig um það, heldur láta okkar lögfræðinga skoða alla þætti málsins,“ segir Steingrímur. - kóp






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGLÆTIS VEÐUR**

Á morgun verður afskaplega svipað veður, bjartviðri um vestanvert landið og skýjað eystra. Á laugardag verður hægviðri og ágætlega milt á öllu landinu en þá verður líklega skýjað með köflum suðvestantil en bjartara norðaustanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 18° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 30° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 15° |
| París | 17° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



# Ólafur og Kolbrún leiða H-lista framboð um heiðarleika

HREINSKILNI - RÉTTLÆTI - UMHYGGJA

H

# Helstu stefnumál H-listans:

- Forgangsröðun í þágu velferðar og öryggis borgarbúa
- Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni
- Stöðvun rándýrra framkvæmda sérstaklega Orkuveitunnar sem þjóna undir erlend málmbræðslufyrirtæki.
- Tryggt skal að eigur og auðlindir almennings lendi ekki í höndum einkaaðila.
- Forgangsröðun en ekki skattahækkanir, nema á stóreignarfólk og erlend málmbræðslufyrirtæki.
- Lækkun fasteignagjalda fyrir aldraða og öryrkja svo að þeir geti búið sem lengst á sínum heimilum
- Efling heimahjúkrunar og heimaþjónustu.
- Tekið verði á íbúðarmálum borgarbúa m.a. með fjölgun leiguhúsnæðis.
- Lækkun eða niðurfelling gjaldskrár fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja.
- Endurskoðun framkvæmda á Tónlistar-og ráðstefnuhúsi við höfnina.
- Menningar- og náttúruverðmæti borgarbúa verði höfð í heiðri og nýtt með sjálfbærum og gjaldeyrisskapandi hætti.
- Ferðaþjónusta og nýsköpunnarverkefni verði stórefld.
- Sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Efling almenningssamgangna.
- Frítt í strætó fyir börn, unglinga, aldraða og öryrkja.
- Íbúalýðræði verði eflt verulega.
- 30 km. hámarkshraði í öllum hverfum borgarinnar
- Styrkir til stjórnmálasamtaka og stjórnmálamanna verði feldir niður og óheimilt verði að þigga kosningastyrki.
- Eitt samfélag fyrir alla.

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú rætt beint við einhvern af frambjóðendunum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í þínu sveitarfélagi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 30,6% |
| NEI | 69,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með undankeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á þriðjudagskvöld?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Þrír menn dæmdir í fangelsi fyrir frelsissviptingu, líkamsárás og fjárkúgun:

# Beittu garðklippum á fingur manns

**DÓMSTÓLAR** Þrír menn hafa verið dæmdir til fangelsisrefsingar fyrir brot gegn frjálsræði, líkamsárás og tilraun til fjárkúgunar. Einn þeirra var dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi, annar í tuttugu mánuði og sá þriðji í fimm mánaða fangelsi.

Tveir mannanna voru sakfelldir fyrir alla ákæruliðina sem að ofan greinir. Þriðji maðurinn var sakfelldur fyrir allt nema líkamsárás.

Mönnunum var gefið að sök að hafa í mars 2009 svipt mann í Reykjavík frelsi sínu. Þeir leiddu hann nauðugan að bifreið og ýttu honum í farangursrými hennar. Einn mannanna ók síðan í Öskjuhlíð á meðan hinir kýldu hinn frelsissvipta ítrekað í andlitið.

Í Öskuhlíð tóku þremenningarnir manninn úr bílnum og misþyrmdu honum með höggum og spörkum. Einn þeirra sló hann með steini og annar klippti með garðklippum í litla fingur annarrar handar hans.

Enn fremur létu mennirnir fórnarlambið hringja í systur sína. Þeir hótuðu henni að beita bróðurinn frekara ofbeldi ef hún borgaði þeim ekki hálfa milljón. Þeir skildu manninn svo lemstraðan eftir við slysadeild Landspítala.

- jss



**GARÐKLIPPUR** Þrír voru í gær dæmdir fyrir að pynta mann með garðklippum.

Ísland kynnt í Evrópu:

## Fjallað um eldgos og ferðamál

**IÐNAÐUR** Kynningarfundir um Ísland í tengslum við markaðsátakið Inspired by Iceland verða haldnir á helstu markaðssvæðum ferðaþjónustunnar í Evrópu í þessari viku, að því er fram kemur á vef Ferðamálastofu.

„Fundirnir verða fyrir erlenda blaðamenn og ferðaþjónustuaðila í Mílanó, Barcelona, Frankfurt, París, Amsterdam, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Ósló. Gert er ráð fyrir fundum í Bandaríkjunum í framhaldinu,“ segir jafnframt á vefnum.

- óká

# Ernir kaupir milljón dala vél til Eyjaflugs

**Flugfélagið Ernir hefur áætlunarflug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja í ágúst. Þá hættir ríkið að styrkja flugleiðina og Flugfélag Íslands leggur af sitt flug.**

**SAMGÖNGUR** Flugfélagið Ernir ætlar að hefja áætlunarflug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja í byrjun ágúst. Félagið ætlar að kaupa nítján sæta skrúfuþotu til að anna flugleiðinni en slík vél kostar rúmlega milljón dali, jafnvirði 130 milljóna króna. Er hún væntanleg til landsins í júlí, „ef guð og góðir menn lofa“ eins og Hörður Guðmundsson, framkvæmdastjóri félagsins, orðar það.

Ríkið lætur af stuðningi sínum við flug milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur í lok júlí, en þá flyst áfangastaður Herjólfs á fastalandinu frá Þorlákshöfn til Landeyjahafnar. Flugfélag Íslands hefur notið ríkisstyrksins undanfarin ár en hann nam 124 milljónum króna á síðasta ári.

Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, segir ekki grundvöll fyrir áframhaldandi flugi félagsins eftir að styrkurinn verður aflagður. „Þrátt fyrir ágætan árangur við að fjölga farþegum er kostnaðurinn enn of mikill og farþegafjöldinn ekki nægur til að þetta standi undir sér,“ segir hann. Farþegum hafi fjölgað mjög; úr innan við tuttugu þúsund árið 2006 í 34 þúsund í fyrra.

Árni segir miklum fjármunum hafa verið varið til markaðsstarfs, bæði af hálfu Flugfélagsins og Vestmannaeyjabæjar. Synd sé að ekki sé hægt að fylgja því starfi eftir.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, fagnar áhuga Ernismanna enda skipti öflugar flugsamgöngur Eyjasamfélagið miklu máli. Hann er ósáttur við ákvörðun ríkisins um að slá ríkisstyrkinn af með öllu en telur eðlilegt að hann hefði minnkað um tíu til tuttugu prósent eins og almennt sé um ríkisútgjöld í niðurskurðaraðgerðum stjórnvalda.

Hörður Guðmundsson hjá Erni bendir á að Vestmannaeyjaflug hafi ýmist verið styrkt eða ekki í gegnum árin. „Nú á að reyna að gera þetta á viðskiptalegum forsendum eins og eðlilegt er,“ segir hann.

Ráðgert er að fljúga þrisvar til fjórum sinnum á dag milli lands og Eyja yfir sumartímann og tvisvar til þrisvar yfir veturinn. Ferðum verði fjölgað eða fækkað í samræmi við eftirspurn. Að sögn Harðar er viðbúið að dýrasta farið kosti um átta þúsund krónur en í boði verði tilboðspakkar af ýmsu tagi. Fargjöld Flugfélagsins hafa kostað frá rúmum fimm og upp í tíu þúsund krónur.

bjorn@frettabladid.is



**HEIMAEY** 124 milljóna króna ársframlag ríkisins til flugs milli lands og Eyja fellur niður í lok júlí þegar Herjólfur byrjar að sigla til Landeyjahafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P.



**ÁRNI GUNNARSSON**



**HÖRÐUR GUÐMUNDSSON**



**ELLIÐI VIGNISSON**

Nímenningarnir í Alþingismálinu boðaðir í Héraðsdóm Reykjavíkur:

# Þinghald á óvenjulegum tíma

**DÓMSMÁL** Þinghald yfir nímenningunum, sem ákærðir hafa verið fyrir innrás á Alþingi í búsáhaldabyltingunni í desember 2008, hefur verið boðað 29. júní klukkan hálf níu. Ragnar Aðalsteinsson, einn verjenda nímenninganna, kveðst aldrei fyrr hafa verið boðaður til þinghalds klukkan 8.30, hvorki í Héraðsdómi Reykjavíkur né Bæjarþingi Reykjavíkur þar áður.

„Þetta er ný reynsla,“ segir hann. Í þinghaldinu mun verjendum gefast kostur á að leggja fram skriflegar greinagerðir, að sögn Ragnars sem telur jafnframt líklegt að hann muni svara bókunum ákæruvaldsins varðandi gagnaöflun.

Réttarhöldin yfir nímenningunum hafa verið með nokkuð óvenjulegum hætti þar sem mikil aðsókn hefur verið að þeim og fólki vísað út sem ekki hefur fengið sæti í dómsal. Þá hefur lögregla verið kvödd til og Ragnar gert athugasemdir við að lögreglumenn væru viðstaddir þinghaldið.

Aðstandendur nímenninganna og stuðningsmenn hafa hins vegar gert kröfu um að fá að vera viðstaddir þinghald í málinu.

- jss



**VIÐ DÓMSALINN** Fjöldi fólks vildi komast inn í dómsalinn við síðasta þinghald yfir nímenningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN












Ofurdagur
ORKAN
5 kr.
afsláttur af lítranum í dag*
Ódýrast!
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur
NÝ ORKUSTÖÐ
Gylfaflöt 1
NÝ ORKUSTÖÐ
Hraunbæ 102
NÝ ORKUSTÖÐ
Reykjavíkurvegi 58
NÝ ORKUSTÖÐ
Skógarhlíð 16
NÝ ORKUSTÖÐ
Suðurströnd
Skeljungur
Ath!
Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.
Nýi Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land
Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, safnar Vildarpunktum Icelandair og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Sæktu um nýja Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**
ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!
*Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti eða Skeljungskortum. Gildir ekki með öðrum tilboðum og afsláttarkjörum.
Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**
ENNEMM / SÍA / NM41814

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir þýski ljóslistamaðurinn sem hyggst lýsa upp Snæfellsjökul?*

2 *Hvenær var Garðyrkjufélag Íslands stofnað?*

3 *Hver var yfirskrift Listahátíðartónleika Megasar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Setja á bönkunum reglur um yfirtekin fyrirtæki, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins:

# Bankarnir mega ekki falla í sama farið aftur

**EFNAHAGSMÁL** Bankarnir gegna lykilhlutverki við endurreisn efnahagslífsins og verða að setja þeim fyrirtækjum, sem þeir hafa tekið yfir, reglur sem koma í veg fyrir að samkeppnisstaða skekkist, að sögn Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

Páll hélt erindi í fyrradag á morgunverðarfundi um yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum. Þar varaði hann við því að feta sömu braut og Japanar í fjármálakreppunni í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Þar hafi ekki verið tekið á skuldavanda fyrirtækja og óhagkvæmum fyrirtækjum haldið gangandi. „Tryggja þarf að hér séu starfandi bankar sem þora og geta tekið ákvarðanir um viðfangsefni sín.“

Þá kom fram á fundinum að mikilvægt er að koma fyrirtækjunum út úr bönkunum eins fljótt og auðið er, ýmist með því að selja þau í opnu ferli beint úr bönkunum eða skrá þau á markað.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagðist reikna með að flest fyrirtæki landsins verði komin fyrir horn í lok næsta árs. Hann varaði við því að fyrirtækin féllu í sama farið og yrðu að skuldsettum samsteypum. **- jab**



**FYRIRTÆKIN OG BANKARNIR** Flest fyrirtæki verða væntanlega komin fyrir horn á næsta ári, að sögn viðskiptaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**FRÓÐIR UM EIGNAUPPTÖKU** Carlo van Heuckelom og Rodger Fuller lýstu reynslu sinni af beitingu laga um eignaupptöku án sakfellingar í Háskóla Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vekur spurningar um stjórnarskrárbrot

**Lög um eignaupptöku án sakfellingar gætu nýst við að endurheimta fé sem komið hefur verið undan með flóknum fléttum í bankahruninu. Þau vekja spurningar um hvort gengið sé gegn stjórnarskrárákvæðinu um eignarétt.**

**DÓMSMÁL** Lagasetning um eignaupptöku án sakfellingar kynni að hjálpa íslenskum yfirvöldum að komast yfir fé sem skotið var undan í aðdraganda og eftirleik bankahrunsins. Slík lagasetning vekur hins vegar spurningar um það hvort með henni sé gengið gegn stjórnarskrárbundnum réttindum fólks, til dæmis ákvæðinu um eignarrétt.

Þetta var meðal þess sem fram kom á opnum fundi um eignaupptöku án sakfellingar á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands í gær.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram lagafrumvarp um eignaupptöku án sakfellingar, en í henni felst að hægt verði að gera verðmæti upptæk ef ætla má að þeirra hafi verið aflað með ólögmætum hætti, jafnvel þótt engum hafi verið gerð refsing í sakamáli.

Í máli Carlo van Heuckelom, deildarstjóra fjármunarannsóknardeildar Europol, kom fram að þessi aðferð kunni að nýtast yfirvöldum hérlendis við að koma höndum yfir fé sem komið hefur verið í hendur annarra með flóknum fléttum.

Séu lög sem þessi í gildi skiptir engu máli þótt ekki sé hægt að sanna lögbrot á viðtakanda verðmætanna, né nokkurn annan sem málinu tengist. Ef hægt er að rekja slóð verðmætanna og leiða að því nægilega sterkar líkur að féð sé afrakstur glæpsamlegrar starfsemi, þá getur dómari úrskurðað um upptöku þeirra.

Með slík mál yrði farið sem sjálfstæð skaðabótamál, en ekki refsimál, og í þeim er sönnunarbyrðin léttari.

Á fundinum var farið yfir ýmis álitaefni varðandi lög af þessu tagi, sem þegar hafa verið sett í Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada, Ástralíu og víðar. Heuckelom og Rodger Fuller, fyrrum yfirmaður bresku stofnunarinnar sem sá um eignaupptöku af þessu tagi, voru sammála um að lög sem þessi gangi ekki í berhögg við lögbundin mannréttindi og vísuðu til dómsniðurstaðna og lagaálita máli sínu til stuðnings.

Róbert Ragnar Spanó, lagaprófessor og settur umboðsmaður Alþingis, stýrði fundinum og sagði að framsögunum loknum að líklega myndi stærsta álitaefnið hérlendis varðandi lögin, verði þau að veruleika, snúa að stjórnarskrárákvæðinu um eignarrétt. Eflaust muni Hæstiréttur þurfa að skera úr um það hvort það samræmist stjórnarskrá að gera upptækar eigur fólks, jafnvel þótt engum hafi verið refsað fyrir lögbrot. **stigur@frettabladid.is**






Dvalarheimilið Blesastaðir fær viðurkenningu Öldrunarráðs Íslands:

# Viðurkenning fyrir frábært starf

**VERÐLAUN** Dvalarheimilið Blesastaðir hlaut í gær viðurkenningu Öldrunarráðs Íslands fyrir frábært starf í þágu aldraðra.

„Mér finnst þetta afskaplega ánægjulegt og mikill heiður. Þetta er viðurkenninga á því starfi sem við höfum unnið til þessa og vonandi getum við haldið því áfram,“ segir Hildur Hermannsdóttir framkvæmdastjóri. „Við höfum alltaf haft mjög gott starfsfólk og óhætt að segja að það eigi stóran hlut í starfinu hér og hvernig til hefur tekist.“

Móðir Hildar, Ingibjörg Jóhannsdóttir, stofnaði heimilið um miðjan níunda áratuginn en þá lét hún reisa



**VIÐURKENNING VEITT** Bernharð Guðmundsson stjórnarmaður Öldrunarráðs og Hildur Hermannsdóttir framkvæmdastjóri Blesastaða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

húsið á landspildu sem hún hélt eftir er hún seldi jörðina Blesastaði. Hugmyndin var að dvalarheimilið yrði heimilislegt og íbúar þess litu ekki á það sem stofnun. Þeirri hugmyndafræði hefur verið haldið á lofti æ síðan. „Við leggjum áherslu á að hafa sem heimilislegast hjá okkur og höfum þannig haldið hugmyndum móður minnar á lofti,“ segir Hildur.

Hildur tók við rekstri heimilisins 1994. Hún segir gaman að sjá að stefnan í öldrunarmálum sé orðin sú að reka heimilisleg dvalarheimili og vonast að sjálfsögðu til að rekstri Dvalarheimilisins Blesastaða verði fram haldið. Hann hafi orðið erfiðari í seinni tíð er kröfur hafi aukist án þess að fjármagn hafi fylgt með. **- sbt**

# iMark! HM 2010

## með Apple

# iMac

21,5" og 27" LED baklýstur skjár
Full HD upplausn
Þráðlaust lyklaborð og mús
iLife '09 og Snow Leopard
Engir vírusar

**27" 3,06GHz Intel Core 2 Duo**
2560 x 1440 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
1TB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
ATI Radeon HD 4670 með 256MB af GDDR3 skjáminni
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0
Eitt FireWire 800
SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og þráðlaus Magic Mouse






**21,5" verð frá: 249.990,- kr**

Horfðu á **HM 2010** í Apple tölvunni þinni



## MacBook 13"

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

**Verð: 199.990 kr.**

**Tilboð: 189.990,- kr.***

## HM 2010 TILBOÐ

Elgato EyeTv hybrid sjónvarpsmóttakari
Horfðu á **HM 2010** í Apple tölvunni þinni




**HM verð: 25.990,-**
Listaverð: 28.990,-

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16
Lokað laugardaga í júlí

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda til 11. júlí 2010, eða meðan birgðir endast.



STJÖRNUDANS Vinningshafar keppninnar „Dancing With The Stars“, Derek Hough og Nicole Scherzinger, fá sér snúning í beinni útsendingu sjónvarpsþáttarins „Good Morning America“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprotafyrirtækið Marorka hyggur á skráningu á hlutabréfamarkað eftir tæpt ár:

# Skráning á markað er þroskaskref

**VIÐSKIPTI** Nýsköpunarfyrirtækið Marorka stefnir að skráningu á hlutabréfamarkað. Gangi áætlanir eftir verður fyrirtækið skráð á hlutabréfamarkaðinn First North hér og í kauphöllina í Ósló í Noregi í mars á næsta ári.

Síðasta markaðsskráning fyrirtækis hér á landi var skráning Skipta í Kauphöllinni 19. mars 2008. Exista tók Skipti yfir með manni og mús örskömmu síðar og var félagið tekið af markaði í júní sama ár.

„Þetta er hluti af þroska allra fyrirtækja. Við lítum á undirbúninginn og skráninguna sem lið í að hjálpa Marorku að stækka frekar,“ segir Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Marorku.

Fyrirtækið varð til árið 1998 en var skráð hjá Fyrirtækjaskrá fjórum árum síðar. Það hefur þróað orkustjórnunarkerfi fyrir skip með það að markmiði að draga úr olíunotkun. Hjá Marorku starfa þrjátíu í dag og eru áætlaðar tekjur sex hundruð milljónir króna. Ekki hefur verið ákveðið hversu stór hluti fyrirtækisins verður skráður þegar að kemur. „Við erum að skoða það,“ segir Jón Ágúst. - jab




JÓN ÁGÚST ÞORSTEINSSON Fyrirtæki hefur ekki verið skráð á markað hér síðan í mars 2008. Marorka gæti brotið ísinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákærðir fyrir þjófnaðarbrot:

# Stal samskotum úr kirkju

**DÓMSMÁL** Tveir karlar á fimmtugsaldri hafa verið ákærðir fyrir fjölda þjófnaða.

Annar er ákærður fyrir mun fleiri brot en hinn. Sá stal meðal annars samskotabaukum AA-samtakanna úr kirkjunni í Grindavík. Þá braust hann inn í þrjár íbúðir á Akureyri og lét greipar sópa. Enn fremur braust hann inn í bílskúr þar sem hann stal miklu magni af stangveiðibúnaði og úr bát reyndi hann að stela tölvu, en treysti sér ekki með hana niður brattan stiga. - jss

Höfum opnað nýja glæsilega verslun
á Grensásvegi 48
Tilboð helgarinnar
Hamborgarar með sérbökuðum hamborgarabrauðum
Grísalundir með sælkerafyllingu
Helgardesertinn: sælkeradraumur
Kjötkompaní
Dalshrauni 13 og Grensásvegi 48, sími 578-9700

Kaup Magma á HS Orku:

# BSRB lýsir furðu og vonbrigðum

**STJÓRNMÁL** Stjórn BSRB lýsir furðu og vonbrigðum með kaup Magma Energy á hlut Geysis Green á HS Orku. Segir í ályktun að þáttaskil hafi orðið í samfélaginu þar sem þriðja stærsta orkufyrirtæki landsins sé nú að fullu í eigu erlenda aðila.

„Raforkuframleiðsla á að vera samfélagslegt verkefni,“ segir BSRB. Auðlindir eigi að vera sameign þjóðarinnar og nýting og arður af þeim eigi að skila sér til landsmanna.

BSRB segir erlenda aðila hafa sölsað undir sig meirihluta eignarhalds HS Orku og að ríkisstjórnin hafi sofið á verðinum þegar síst skyldi. Er salan hörmuð og kallað eftir heildstæðri löggjöf um auðlindir þjóðarinnar. - bþs



SUÐUR-KÓRESKIR HERMENN Hermenn Suður-Kóreu í varðstöð við Gangneung, austur af Seoul, höfuðborg landsins. Í gær hótaði Norður-Kórea að stöðva alla umferð um landamæri ríkjanna og skjóta á hátalara sem Suður-Kórea notar til að útvarpa áróðri yfir í norðrið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Spennan færist í aukana á Kóreuskaga

**Utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir alþjóðasamfélagið verða að bregðast við ögrunum N-Kóreu. Samskiptum Kóreuríkjanna hefur hrakað frá 2008.**

**ASÍA** „Þetta var óviðunandi ögrun af hálfu Norður-Kóreu og alþjóðasamfélagið verður að sýna ábyrgð og bregðast við,“ sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, í gær.

Norður-Kórea hótaði því að stöðva alla umferð um landamæri ríkjanna inn á iðnaðarsvæði á landamærum þeirra. Að sögn yfirvalda í Suður-Kóreu var átta embættismönnum á verksmiðjusvæði í landamæraborginni Kaesong í Norður-Kóreu vikið úr landi. Spennan í samskiptum ríkjanna á rætur að rekja til þess að suðurkóresku herskipi var sökkt í lok mars. Í síðustu viku komst rannsóknarteymi að þeirri niðurstöðu að norðurkóreskur kafbátur hefði sökkt því en 46 skipverjar létu allir lífið í árásinni.

> Ég tel að Kínverjar skilji alvarleika málsins og séu tilbúnir til þess að hlusta á áhyggjuraddir Suður-Kóreumanna og Bandaríkjanna.
>
> HILLARY CLINTON UTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA

Suður-Kórea hefur brugðist við tíðindunum með því að hætta viðskiptum við nágrannann í norðri, hefja áróðursstríð á landamærunum og hindra umferð norður-kóreska flutningaskipa.

Bandaríkjamenn hafa sagt að sannanir fyrir því að Norður-Kóreumenn séu sekir um að hafa sökkt herskipinu Cheonan séu nægilega sterkar og hafa stutt við bakið á Suður-Kóreumönnum. Ráðamenn Kína, aðalbandamanns Suður-Kóreu, hafa hins vegar sagt að þeir séu enn að skoða gögnin og hafa lítið gert nema hvetja ríkin til þess að grípa ekki til neinna aðgerða.

„Ég tel að Kínverjar skilji alvarleika málsins og séu tilbúnir til þess að hlusta á áhyggjuraddir Suður-Kóreumanna og Bandaríkjanna,“ sagði Hillary sem sótti Kína heim áður en hún hélt til Seúl. Suður-Kóreumenn vilja að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fjalli um árásina á herskipið og hafa stuðning Bandaríkjamanna í því.

Norður-Kórea hefur vísað því alfarið á bug að hafa sökkt herskipinu og látið í veðri vaka að refsiaðgerðir gætu endað með stríði. Brugðist yrði til varnar gegn sálfræðihernaði Suður-Kóreu og skipum og flugvélum ríkisins meinað að fara um yfirráðasvæði Norður-Kóreu.

Tæknilega hafa Suður- og Norður-Kórea verið í stríði síðan Kóreustríðinu 1950 til 1953 lauk vegna þess að því lauk ekki með friðarsamningi heldur vopnahléi. Samskipti ríkjanna bötnuðu mjög fyrir um tíu árum en hafa versnað síðan Lee Myung-bak varð forsætisráðherra Suður-Kóreu árið 2008.

sigridur@frettabladid.is

N1
ELDHEITT EUROVISION EINTAK
20% AFSLÁTTUR
ÞÚ SPARAR 8.000 KR.
GASGRILL FRÁ BROIL KING
- 8,8kW / 30,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur fylgja
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum



TILBOÐSVERÐ TIL OG MEÐ 29. MAÍ:
31.998 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.998 KR.
GEM
VNR. 076 53603IS
N1 WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000 Meira í leiðinni

Ný dauðhreinsunardeild:

# Þrjár voru sameinaðar í eina

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný dauðhreinsunardeild Landspítala tók formlega til starfa á Tunguhálsi 2 í Reykjavík síðastliðinn föstudag.

Fram kemur á vef Landspítala háskólasjúkrahúss að áður hafi verið starfræktar þrjár dauðhreinsunardeildir, í Fossvogi, við Hringbraut og á Tunguhálsi.

„Markmiðið með sameiningu deildanna er að ná fram hagræðingu, sparnaði og auka fagleg gæði,“ segir á vef LSH, en deildin þjónar meðal annars skurðdeildum spítalans. **- óká**

Landlæknisembættið fær tvo rannsóknarstyrki upp á 700 þúsund krónur:

# Tíðni óvæntra skaða á spítölum í rannsókn

**HEILBRIGÐISMÁL** Rannsókn landlæknisembættisins, á tíðni óvæntra skaða á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri er hafin. Hún er gerð í samvinnu við viðkomandi stofnanir og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna tíðni óvæntra skaða á fyrrnefndum stofnunum. Stuðst er við rannsóknaráætlanir sambærilegra rannsókna erlendis. Söfnun upplýsinga fer fram með skoðun eitt þúsund sjúkraskráa sem fundnar verða með slembiúrtaki úr sjúklingabókhaldi stofnana fyrir árið 2009.

Landlæknisembættið hefur fengið tvo styrki, samtals 700 þúsund krónur, til að gera umrædda rannsókn á ofangreindum sjúkrahúsum. Styrkina veita heilbrigðisráðuneytið og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umræða um öryggi sjúklinga er vaxandi í heiminum, en upplýsingar um fjölda óvæntra skaða á sjúkrahúsum hérlendis liggja ekki fyrir, að því er fram kemur á heimasíðu landlæknisembættisins. Ef niðurstöður úr erlendum rannsóknum eru yfirfærðar á Ísland má gera ráð fyrir 50 til 300 dauðsföllum árlega hér á landi vegna óvæntra skaða. **- jss**



**LANDSPÍTALINN** Rannsökuð verður tíðni óvæntra skaða á Landspítala háskólasjúkrahúsi og á sjúkrahúsinu á Akureyri.



**OLÍUBORPALLURINN** Ellefu manns fórust þegar pallurinn sprakk.

Hunsuðu aðvaranir mæla:

# BP viðurkennir röð mistaka

**BANDARÍKIN Olíurisinn British Petroleum hefur viðurkennt að röð alvarlegra mistaka hafi verið gerð síðustu klukkustundirnar áður en borpallurinn á Mexíkóflóa sprakk í loft upp.**

**Ellefu manns fórust í sprengingunni og olía heldur áfram að streyma út í hafið.**

**Það var fyrir rannsóknarnefnd bandaríska þingsins sem fulltrúar BP viðurkenndu mistökin. Mælitæki hefðu sýnt að eitthvað mikið væri að í olíulindunum.**

**Ekki hefði verið fylgst nógu vel með gasútstreymi og haldið var áfram að bora þrátt fyrir aðvaranir frá sjálfvirkum tækjum. Tveim klukkustundum síðar sprakk borpallurinn. - ót**

Flugraskanir vegna gossins:

# Danska ríkið veitir ábyrgð

**DANMÖRK** Brian Mikkelsen, efnahags- og atvinnuráðherra Danmerkur, hefur lagt fram á danska þinginu frumvarp að lögum um ríkisábyrgð til handa flugfélögum og ferðaskrifstofum, sem hafa orðið fyrir tjóni af völdum öskunnar frá Eyjafjallajökli.

Hugmyndin er sú, að bankar og fjármálastofnanir, sem lána flugfélögum eða ferðaskrifstofum, fái allt að 80 prósent tapsins til baka frá ríkinu ef lokun danska loftrýmisins vegna eldgoss veldur því að fyrirtækin geta ekki staðið undir afborgunum lána.

Danska þjóðþingið hefur verið beðið um að hraða afgreiðslu málsins, svo nýju reglurnar geti tekið gildi strax í júní. **- gb**

## JARÐVÁ

### Fundi frestað vegna gosloka

Vegna hugsanlegra gosloka var fundi lögreglu og fulltrúa sveitarstjórna sem halda átti á Hvolsvelli á miðvikudag frestað um óákveðinn tíma. „Aðeins gufustrókur stígur upp frá Eyjafjallajökli, mikil veðurblíða er á Suðurlandi og bjartsýni ríkir í sveitunum umhverfis jökulinn,“ segir á vef Ríkislögreglustjóra.

## REYKJAVÍK

### Dorgveiði í gömlu höfninni

Hafnarstjórn Faxaflóahafna samþykkti á dögunum að skilgreint verði svæði við Gömlu höfnina í Reykjavík þar sem almenningur er boðinn velkominn til dorgveiði.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag grundvallað á virkri þátttöku almennings. Hreyfingin hafnar alræði markaðshyggjunnar og vill varðveita sjálfstæði þjóðarinnar og forræði yfir eigin auðlindum. Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill .... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Opinn fundur í Iðnó!

Vinstri græn í Reykjavík boða til opins borgarafundar
í Iðnó **í kvöld kl. 20.**

**Dagskrá fundarins**

- **Kolbeinn Stefánsson**
  Brotið lýðræði - yfirgangur markaðarins.
- **Sóley Tómasdóttir** og **Steingrímur J. Sigfússon.**
- Umræður og fyrirspurnir.

Auk þess koma fram **Erpur Eyvindarson, Guðrún Gunnarsdóttir** og **Ugla Egilsdóttir.**

Fundinum stýra **Björg Eva Erlendsdóttir** og **Líf Magneudóttir.**

Verið öll velkomin!




1. sæti
Sóley Tómasdóttir
2. sæti
Þorleifur Gunnlaugsson
3. sæti
Líf Magneudóttir
4. sæti
Elín Sigurðardóttir
5. sæti
Davíð Stefánsson
6. sæti
Hermann Valsson

VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

Suðurgata 10 I opið kl. 13-18 alla daga og frá kl. 11 á kjördag I sími 517 0758 I reykjavik@vg.is I www.vgr.is

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR

Hvað einkenndi kjörtímabilið í Reykjavík?



**HÆTTU ALLIR** Miklar sviptingar einkenndu síðasta kjörtímabil og menn fóru í og úr embættum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sameiginleg áhersla á atvinnumál

**Fjórir borgarstjórar, jafnmargir meirihlutar, hjaðningavíg og deilur um orkuútrás einkenndu síðasta kjörtímabil í borginni. Einn borgarfulltrúi hætti og allir fengu að vera í meirihluta um skeið. Ekki er ólíklegt að sú saga hafi áhrif á afstöðu fólks á laugardag. Nýtt framboð þýðir svo að upp er komin ný staða sem enginn veit hvernig á að bregðast við.**

Þegar litið er á svör oddvita flokkanna í Reykjavík við spurningum Fréttablaðsins kemur í ljós að það sem sameinar þá helst er áhersla á atvinnuuppbyggingu. Um 11 prósenta atvinnuleysi er í höfuðborginni og flokkarnir hyggjast allir bregðast við því á einn eða annan máta. Atvinnumálin, ásamt velferðarmálunum, virðast því vera höfuðmál kosninganna. Málið er þó ekki svo klippt og skorið og innkoma Besta flokksins hefur hleypt hlutunum upp. Ný staða er komin upp sem enginn, hvorki aðrir stjórnmálamenn né fjölmiðlamenn, virðast vita hvernig á að höndla.

Þannig veit enginn hvort nýtt stjórnmálaafl, sem hefur í fáu svarað mörgum lykilspurningum um hvernig standa eigi að stjórn borgarinnar, verður í hreinum meirihluta eftir laugardaginn eða ekki. Fylgið hefur aukist jafnt og þétt eftir því sem liðið hefur á kosningabaráttuna. Ósagt skal látið hvað veldur þessari stöðu, enda er það kannski aukaatriði þegar að er gáð.

Þess vegna er erfitt að setja kosningabaráttuna í Reykjavík nú undir hefðbundið mæliker stjórnmálanna. Fólk vill eitthvað annað en verið hefur, hver sem skilaboðin á bak við það eru. Stjórnmálamenn kvarta yfir því að erfitt sé að ræða um alvöru stjórnmál, en kannski er það til marks um að of oft hafa stjórnmálamenn bankað upp á rétt fyrir kosningar í slíkt spjall, en gleymt því fljótlega upp úr því. Hvernig sem fer hljóta stjórnmálamenn að hugsa sinn gang.

Fái enginn einn flokkur meirihluta í kosningunum um helgina má búast við því að upphefjist mikill stjórnarmyndunarkapall. Ein staða gæti verið sú að gömlu flokkarnir tækju höndum saman gegn þeim nýja. Nái Besti flokkurinn mun færri mönnum inn en spár gera ráð fyrir er opnast staðan upp á gátt og ýmis stjórnarmynstur koma til greina.

Það er því óvíða jafn mikil óvissa um niðurstöðu kosninga og í Reykjavík. Sundrung og órói einkenndi fyrrihluta yfirstandandi kjörtímabils. Tólf ára valdaskeið Reykjavíkurlistans rann sitt skeið og við tóku fjórir meirihlutar á tveimur árum. Allir fengu að vera í meirihluta um skeið. Síðan núverandi meirihluti tók við, í ágúst 2008, hefur meiri stöðugleiki ríkt.

## Margt á huldu um viðræður

Síðustu kosningar voru um margt sögulegar. Reykjavíkurlistinn hafði setið við völd í tólf ár, en bauð ekki fram. Flokkarnir sem að honum stóðu buðu sig fram hver í sínu lagi. Sjálfstæðismenn eygðu því raunhæfan möguleika á að komast til valda í borginni á ný, nokkuð sem var þeim mjög mikilvægt. Sigur vinstri manna árið 1994 var flokknum áfall og enn frekar að ná borginni ekki á ný.

Þegar í ljós kom að flokkurinn hafði ekki náð hreinum meirihluta hóf hann viðræður við aðra fulltrúa, þá Björn Inga Hrafnsson Framsóknarflokknum og Ólaf F. Magnússon, fyrrum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, en nú fulltrúa Frjálslyndra og óháðra.

Margt er enn á huldu með gang þeirra viðræðna og ásakanir hafa gengið á víxl um hver sleit hverju; staðreyndin er hins vegar sú að Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur náðu saman um myndun meirihluta. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti flokksins, varð borgarstjóri og Björn Ingi, oddviti Framsóknarflokksins, formaður borgarráðs.

## REI fellir meirihlutann

Ekki bólaði á öðru en samstarfið gengi vel, í það minnsta voru forráðamenn flokkanna ósparir á yfirlýsingar þess efnis. Það voru hins vegar áætlanir um orkuútrás sem urðu meirihlutanum að falli.

Í október var tilkynnt um fyrirhugaða sameiningu Geysis Green Energy, sem var í eigu FL Group og Glitnis, og Reykjavík Energy Invest, dótturfélags Orkuveitunnar. Markmiðið var að sameina krafta fyrirtækjanna í orkuútrás.

Fljótlega fór að bera á óánægju með hugmyndirnar og fregnir af rétti starfsmanna OR til hlutabréfakaupa í REI, sérstaklega þar sem nokkrir starfsmenn áttu að fá að kaupa mun stærri hlut en aðrir. Því var spáð að verð hlutabréfanna myndi hækka til muna.

Listi yfir þá starfsmenn var lagður fram á eigendafundi 3. október og staðfestu Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, og Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI, það. Vilhjálmur borgarstjóri sagðist hins vegar ekki hafa séð þennan lista.

Fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn gagnrýndu þessar hugmyndir harðlega og málið varð áberandi í fjölmiðlum. Ljóst var að það var meirihlutanum þungur ljár í þúfu og lítil samstaða var innan hans um málið.

Fulltrúar meirihlutans ætluðu að hittast á fundi í Höfða klukkan 14 þann 11. október. Fyrr um morguninn hafði forseti borgarstjórnar, Björn Ingi Hrafnsson, hins vegar setið fund með fulltrúum Samfylkingar, Vinstri grænna og F-lista. Síðar um daginn var tilkynnt um nýjan meirihluta þessara flokka á tjarnarbakkanum við Iðnó.

## 100 dagar og Ólafur F.

Tjarnarkvartettinn, en svo var nýi meirihlutinn kallaður, tók við völdum og kynnti stefnu sína. Efsti maður F-listans, Ólafur F. Magnússon, var í veikindafríi þegar til hans var stofnað. Aðspurð fullyrti Margrét Sverris-dóttir, annar maður á lista, hins vegar að samstarfið nyti stuðnings Ólafs.

Hann sneri úr veikindaleyfi í desember og tók við embætti for-

Framhald á síðu 16



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Á laugardaginn verður kosið til borgarstjórnar. Fái enginn flokkur hreinan meirihluta gætu tekið við flóknar samningaviðræður um myndun stjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs

sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - ... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Líf í borgina

„Mér þykir vænt um Reykjavík. Reykjavík á að vera borg þar sem lífsgæði eru á heimsmælikvarða. Þess vegna býð ég mig fram – við þurfum breytingar."




Líf Magneudóttir
3. sæti á framboðslista VG í Reykjavík

VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

# Og nú góðu fréttirnar!

## Verðlækkun á veiðigræjum



DAM öndunarvöðlu-pakki – DAM önd-unarvöðlur og skór með filtsóla. Frábært verð.
Tilboðsverð aðeins 29.995



DAM neopren-vöðlupakki - DAM neoprenvöðlur og vatnsheldur veiði-jakki á ótrúlegu tilboði. Aðeins 28.995



RT neoprenvöðlupakki – Ron Thopmson neoprenvöðlur og vatns-heldur veiðijakki með útöndun.
Alklæðnaður í veiðina á aðeins 26.995.



DAM fleece undirfatasett á frábæru verði.
Treyja og buxur á aðeins 9.995



DAM Taslan vöðlur – Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvél-um. Belti fylgir. Ódýrustu vöðlurnar í bænum?
Tilboðsverð aðeins 8.995



Scierra tvíhendupakki – 4ra hluta stöng, skothaus, running lína, undirlína, sökktaumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti.
Vandaður tvíhendupakki á frábæru verði. Aðeins 49.995



Scierra einhendupakki – 4ra hluta stöng, góð flotlína, undirlína, taumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti.
Vandaður pakki á góðu verði. Aðeins 29.995.



Okuma og DAM veiðihjól í úrvali.
Verð frá 3.995 fyrir hjól með línu



DAM vöðlutaska.
Aðeins 3.995 með keyptum vöðlum á meðan birgðir endast



Hnífasett í veiðina. Stál og hnífar ásamt bretti í plasttösku. Aðeins 5.995



Ormar og makríll. Beitan í veiðiferðina fæst í Sportbúðinni



RT NyloStretch vöðlur – Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum.
Tilboðsverð aðeins 12.995



Scierra CC3 vöðlupakki – Vandaðar 3ja laga önd-unarvöðlur og skór með filtsóla.
Tilboðsverð aðeins 39.900



Scierra CC4 vöðlupakki – Sterkar 4ra laga önd-unarvöðlur og skór með filtsóla.
Tilboðsverð aðeins 49.900



Scierra CC6 vöðlupakki – Sterkar 6laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla.
Tilboðsverð aðeins 59.900

SPORTBÚÐIN





VEIÐIHORNIÐ

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050 • Veiðihornið • Síðumúla 8 • 568 8410
veidihornid.is • sportbudin.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS MEÐ SAMA VERÐ UM LAND ALLT

KJÖRFUGL: *FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR*



**1598**
KR. KG

KJÖRFUGL: *HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR*



**598**
KR. KG

KJÖRFUGL: *BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR*



**498**
KR. KG

BÓNUS KORNBRAUÐ 1.KG ***198 KR.***
*DUGAR Í 13 SAMLOKUR U.Þ.B. 15 KR. SAMLOKAN*





25% AFSLÁTTUR

**GOUDA OSTUR MILDUR 26%**
*Nú með 25% afslætti*
**972**
KR.KG
*Merkt verð 1296 kr.kg.*



*2 LTR. 179 KR. FLASKAN*



*500 ML. 98 KR. DÓSIN*



MIDI 56 STK

MAXI 50 STK

JUNIOR 44 STK

EUROSHOPPER BLEIUR VINSÆLUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS
**NÚ Á BETRA VERÐI *1498 kr.* PAKKINN**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FROSIÐ ÓKRYDDAÐ ER ÓDÝRARA



998 KR. KG

KS FROSIÐ: LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR



2698 KR. KG

K.S FROSIÐ LAMBAFILLET



KS FROSIÐ LAMBALÆRI
998 KR.KG.

TVÖ TONN EFTIR Á ÞESSU VERÐI



2998 KR. KG

HOLLENSKAR UNGNAUTALUNDIR FROSNAR

10 TONN Í BOÐI Á ÞESSU GÓÐA VERÐI



1259 KR. KG

DANSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR

## ÍSLANDSLAMB: GRILL LÆRISNEIÐAR



1598 KR. KG

ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR



1998 KR. KG

ÍSLANDSLAMB GRILL ***MIÐ***-LÆRISSNEIÐAR



50 KR. LÆKKUN

215 KR. STK

MYLLU SPELTBRAUÐ 500g
VERÐ ÁÐUR 265 KR.STK

UNGNAUTAHAMBORGARI Í BRAUÐI 150 KR.




598 KR. PK

FJÓRIR FERSKIR UNGNAUTA HAMBORGARAR 80g
4 STK MEÐ BRAUÐI

UNGNAUTAHAMBORGARAR
TÍU STÓRIR 120G HLUNKAR

136 KR.STK



1359 KR. PK

NÝ BAKAÐ



198 KR. PK

KORNKUBBAR TVÆR GERÐIR 4 STK
MJÚKAR KRINGLUR 4 STK.


BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR

# Hvað segja oddvitarnir?

Framhald af síðu 12

seta borgarstjórnar af Margréti. Lítil ánægja virtist hjá samstarfsflokkunum með endurkomu hans og þurfti hann að skila inn læknisvottorði áður en hann tók sæti.

Hinn 21. janúar tilkynnti Ólafur, ásamt borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins, um myndun nýs meirihluta. Ólafur yrði borgarstjóri til 22. mars 2009 og Hanna Birna forseti borgarstjórnar. Þá voru 100 dagar liðnir frá því að Tjarnarkvartettinn komst til valda.

Ekki sat Ólafur lengi í stóli borgarstjóra því meirihlutinn sprakk 14. ágúst 2008, eftir 203 daga stjórn. Nýr meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks tók við völdum og situr enn.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



## Ekki verkefnin heldur hugmyndafræðin



„Kosningarnar snúast í raun og veru ekki um þau sjálfsögðu verkefni sem sveitarstjórnir eru að glíma við, sem er að verja velferðina og reyna að halda uppi atvinnustiginu, heldur snúast þær um það hvaða hugmyndafræði verður beitt við þessa vinnu,“ segir Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

„Allir flokkar segjast ætla að standa vörð um grunnþjónustuna og það segjast allir flokkar ætla að halda uppi atvinnustiginu, en það sem skiptir máli er hvernig ætlum við að fjármagna það og hvernig ætlum við að tryggja að þessi grunnþjónusta verði áfram aðgengileg öllum.“ Sóley segir flokkinn hafa sérstöðu í þessum málum.

„Við viljum að borgin axli ábyrgð, ekki bara sem stjórnvald, heldur einnig sem atvinnurekandi. Borgin er einn stærsti atvinnurekandi á landinu og við getum ekki ætlast til þess að hjól atvinnulífsins fari af stað nema við, sem þessi stóri atvinnurekandi, öxlum ábyrgð. Þá viljum við standa fyrir mörgum litlum atvinnuátaksverkefnum þar sem við byggjum á frumkvæði borgarstarfsfólks.“ Sóley vill samstarf um að finna verkefni sem hjálpi borgarbúum í gegnum kreppuna, bæti velferð og auki menntun. Þá segir hún að styðla verði að auknu atvinnustigi iðnaðarmanna, en það sé stærsti hópur atvinnulausra. „Við viljum að farið verði í viðhaldsverkefni og sérstaklega verði hugað að því að auka aðgengi fatlaðra að opinberum byggingum.“

Sóley segir borgarsjóð hafa rýrnað mikið eftir hrun og áralanga óráðsíu og verkefnið sé að tryggja öllum aðgang að grunnþjónustu. Tekna verði að afla. „Það er hægt að gera með tvennum hætti, annars vegar hækka gjaldskrár, hins vegar með því að hækka útsvar. Hækkun gjaldskrár færi flatt á alla óháð tekjum eða félagslegri stöðu, en útsvarið er tekjutengt. Hækkun á því kemur því miklu betur niður á þeim sem standa verst í samfélaginu.

## Verðum að fara að framleiða eitthvað



„Atvinnumálin skipa fyrsta sætið. Við verðum að byggja borgina upp til að auka tekjuflæðið og lækka atvinnuleysistölurnar. Þetta er mikilvægasta málið,“ segir Haraldur Baldursson, sem skipar annað sæti F-lista, Frjálslynda flokksins. Hann vill að komið verði á fót atvinnusetri þar sem hugmyndir komi ofan úr háskólaumhverfinu og leiði niður í sprotafyrirtæki, sjávarútveg og iðnað, svo dæmi séu nefnd. „Við verðum að snúa borginni á hausinn og fara að framleiða. Það er engin leið framhjá því. Það er hægt að skreyta þetta með fallegum orðum en það er eina leiðin út úr þessu.“

F-listinn vill minnka kostnað borgarkerfisins og fækka um eitt stjórnsýslustig á öllum sviðum og færa æðstu stjórnendur nær gólfinu en nú er. „Þá erum við eini flokkurinn sem horfist í augu við það að gríðarlegur kostnaður fellur á borgina í október þegar farið verður að bera fólk út úr húsum sínum. Enginn þorir að tala um þetta.“ Haraldur segir skilmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þannig hafa bein áhrif í borginni og á þá velferð sem nauðsynlegt sé að standa vörð um.

## Burt með flugvöllinn og vinnum á atvinnuleysinu



„Okkar fyrsta mál á dagskrá er að keyra í gegn nýtt skipulag með íbúðabyggð í Vatnsmýrinni. Það er búið að kjósa flugvöllinn í burtu og áætlanir gera ráð fyrir því að hann fari í tveimur hlutum árin 2016 og 2020. Við viljum flýta fyrir nýju samkomulagi og um leið og það liggur fyrir margfaldast verðmæti landsins, en í dag er það áætlað um 70 milljarðar króna,“ segir Baldvin Jónsson, oddviti Reykjavíkurframboðsins.

Baldvin segir ljóst að fjárfestar standi ekki í röðum eftir nýju landi, en mikilvægt sé að nýta eignir borgarinnar. Það megi til að mynda gera með því að veðsetja landið hóflega. Tíu prósenta veðsetning mundi skila sjö milljörðum króna. Baldvin segir þetta lykilatriði til þess að vinna á stærsta vandamálinu sem sé atvinnuleysið.

„Það er 11 prósenta atvinnuleysi í borginni sem kostar kerfið í heild 11 milljarða á ári. Það er stærsta verkefni velferðarkerfisins að takast á við þetta, bæði þar sem þetta er gríðarlega dýrt fyrir kerfið, en ekki síst vegna tilfinningalegs – og félagslegs ööryggis fólks.“ Þá sé mikilvægt að taka skerðingu síðustu missera til baka.

## Fjölga ferðamönnum og efla atvinnu



„Við viljum halda áfram á sömu braut með það að hækka ekki skatta og hækka ekki gjaldskrár umfram verðlagsþróun. Þá viljum við viðhalda þeirri stefnumörkun sem verið hefur í gangi hjá núverandi meirihluta,“ segir Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík. Einar segir mikilvægt að efla atvinnu og Framsóknarflokkurinn vill fara í fleiri átaksverkefni með atvinnutryggingasjóði. „Þá höfum við skoðað mikið atvinnuleysi eftir hverfum, en það er mest á Kjalarnesi og í Breiðholti. Þar þarf að laga tölurvert mikið, til dæmis í Fellunum þar sem umhverfið hefur drabbast niður. Það má sameina atvinnuátaksverkefni og fegrun hverfisins.“

Þá segir Einar mikilvægt að viðhalda átaksverkefninu Völundarverki, sem snýr að atvinnulausum iðnaðarmönnum. Framsóknarflokkurinn sjái fyrir sér átak í því að breyta íbúðum aldraðra til að gera þeim kleift að búa sem lengst heima. Það mætti gera undir merkjum Völundarverks. Þá sé gríðarlega mikilvægt að halda áfram að forgangsraða í þágu velferðarkerfisins og barna. Flokkurinn vill einnig endurreisa atvinnuþróunarfélagið Aflvaka.

„Við viljum líka efla ferðamannaborgina Reykjavík og gera hana að meiri áfangastað en stoppistöð ferðamanna á leið út á land. Þá viljum við laða að fjölbreyttari hóp ferðamanna, horfa til fjölskyldufólks. Reykjavíkurborg verður að fá meiri tekjur af ferðamönnum, í samstarfi við ferðaþjónustuaðila.“

## Flugvöll áfram og heiðarleika í ráðhúsið



„Það sem sker okkur frá öðrum er að við tökum ekki við fjárframlögum og styrkjum. Þegar búið er að bera á þig fé ertu öðrum háður við ákvarðanatöku,“ segir Ólafur F. Magnússon, oddviti H-listans. Hann segir H-listann þann eina sem ekki þiggi styrki og kallar hina flokkana mútuflokka, þar sem þeir stundi þá iðju. Hann telur gríðarlega mikilvægt að auka heiðarleika í ráðhúsinu og segir að þeir sem fé þiggi séu háðir veitendunum.

Ólafur óttast að áratugabaráttu hans í skipulagsmálum sé stefnt í voða, komist hans sjónarmið ekki að í borgarstjórn. Þá telur hann mikilvægt að forgangsraða í þágu fólksins í borginni. Ólafur nefnir sérstaklega mikla lántöku Orkuveitu Reykjavíkur og ábyrgð borgarbúa vegna Kárahnjúkavirkjunar. „Það felast mjög mikil verðmæti í því að huga að samborgurum sínum. Það er mannauður sem við viljum standa vörð um. Við viljum fjármagnið til fólksins en ekki til íslenskra milliliða og stóreignafólks, sem græða umtalsvert, en mest græða þó erlendu málmbræðslurnar.“


Þurrkari - WT 44E103DN
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
(Verð áður: 156.900 kr.)



SIEMENS
Þvottavélar & þurrkarar nú á tilboðsverði

Þvottavél - WM 14E261DN
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
(Verð áður: 159.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA




Bréfsefni A4 500stk 30.710kr
Nafnspjöld 250stk 12.975kr

Verð er gefið upp án vsk. og akstur. Verð getur breyst án fyrirvara. Rétt verð má sjá á www.oddi.is. Allir uppgefnir vinnslutímar miðast við samþykki lokaprófarkar og afhendingu vöru inn á afgreiðslulager Odda. Vinnslutímar geta tekið breytingum. Birt með fyrirvara um prentvillur.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Kaldársel
sumarbúðir KFUM og KFUK





KFUM KFUK

Tryggðu barninu þínu ánægjulega sumardvöl.
Laust er í eftirfarandi flokka:

| | Tímabil | Aldur | Kyn |
|---|---|---|---|
| 01. Stelpur í stuði | 01.06. - 05.06. | 10-12 (1998-2000) | Stelpur |
| 02. Flokkur | 07.06. - 11.06. | 8-10 (2000-2002) | Strákar |
| 03. Ævintýraflokkur | 14.06. - 18.06. | 11-13 (1997-1999) | Bæði |
| 04. Leikjanámskeið - dagvistun | 21.06. - 25.06. | 6-9 (2001-2004) | Bæði |
| 05. Flokkur | 28.06. - 02.07. | 8-10 (2000-2002) | Stelpur |
| 06. Leikjanámskeið - dagvistun | 05.07. - 09.07. | 6-9 (2001-2004) | Bæði |

Skráning og nánari upplýsingar í síma 588-8899 og á www.kfum.is

## Fólk tali saman og hlusti hvert á annað



„Við viljum auka gegnsæi, virkja lýðræði og koma á andrúmslofti þar sem fólk getur talað saman og hlustað á hvert annað," segir Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins. „Við viljum meiri jöfnuð og stöðva spillingu. Verði vart við spillingu krefjumst við að látið sé af henni eða í það minnsta að hún sé stunduð á gegnsæjan hátt fyrir opnum tjöldum. Þannig geti allir borgarbúar tekið upplýsta afstöðu gagnvart henni. Við viljum gera borgina okkar fallegri og skemmtilegri fyrir íbúana. Við viljum skýr mörk á milli stjórnmála og stjórnsýslu."

Besti flokkurinn vill vinna að lausn vandamála í samvinnu við starfsfólk borgarinnar, enda hafi það mest vit á rekstrinum. Þá vill hann auka veg almenningssamgangna og örari ferðir strætó. „Við viljum ókeypis í sund og frí handklæði fyrir alla. Við viljum fjölskylduvæna borg þar sem grunnþjónusta er skilvirk og skiljanleg. Við viljum gera Miklatún að alvöru fjölskyldugarði þar sem eldri borgarar, börn og t.a.m. hundaeigendur eigi sér góð og örugg svæði. Við viljum breyta nafninu aftur í Klambratún."

Besti flokkurinn vill hlúa að Orkuveitu Reykjavíkur, enda standi hún illa eftir ævintýri undanfarinna meirihluta. „Hún er særður gullkálfur sem þarf að hjúkra og gera sterkan á ný. Við lofum að setja rekstur Orkuveitunnar og annarra fyrirtækja borgarinnar ekki vísvitandi á hausinn."

## Atvinnuáætlun út úr kreppunni



„Við leggjum höfuðáherslu á atvinnumálin og erum eini flokkurinn sem er með ítarlega aðgerðaáætlun í atvinnumálum. Það er bæði vegna þess að sjö þúsund Reykvíkingar eru atvinnulausir og það er mikil sóun, en líka af því að skólar og velferð í borginni standa okkur mjög nærri hjarta og við teljum ekki hægt að ganga lengra í niðurskurði þar. Til að geta fylgt því eftir verður að draga úr atvinnuleysinu. Hvert prósent atvinnulausra kostar borgarsjóð milljarð," segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar.

Dagur segir atvinnu þurfa til að skapa tekjur og öryggi í borginni og standa undir nauðsynlegri þjónustu. Þess vegna leggi flokkurinn svo gríðarlega áherslu á atvinnustefnuna og voni að borgarbúar kynni sér hana. Hún hafi virkað annars staðar, líkt og borgarstjóri Árósa hafi vitnað um í heimsókn sinni hingað. „Ég get ekki undirstrikað það nógu mikið hve atvinnan skiptir miklu máli."

Samfylkingin leggur jafnframt áherslu á að enn frekar sé horft á höfuðborgarsvæðið sem eina heild en nú er gert. Nánara samstarf þurfi milli sveitarfélaganna á ýmsum sviðum, ekki síst í skipulagsmálum. Þá hafi flokkurinn svarað kalli um endurnýjun.

„Við erum með nýtt fólk í framboði sem kemur inn í pólitíkina til þess að vinna annars vegar að skipulagsmálum, Hjálmar Sveinsson, og hins vegar að velferðar- og samfélagsmálum, Bjarna Karlsson. Þetta eru mjög sérstakir tímar sem útheimta nýja nálgun á stjórnmálin. Það þarf miklu nánara samstarf við fólkið í borginni. Á öllum þessum sviðum finnst okkur Reykjavík hafa setið og beðið af sér kreppuna, í stað þess að vera í fararbroddi eins og hún á að vera."

## Halda okkar góða starfi áfram

„Við leggjum mesta áherslu á þessi mikilvægu verkefni næstu fjögur árin; grunnskólann okkar leikskólana, frístundaheimilin og alla þá þjónustu sem Reykjavíkurborg rekur og þarf að reka. Við viljum halda áfram að tryggja þá öflugu þjónustu án þess að hækka skatta og með því að tryggja áfram lágar gjaldskrár fyrir þá þjónustu," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Við erum einnig þeirrar skoðunar að næsta kjörtímabil þurfi að forgangsraða kröftuglega í þágu hverfanna í borginni, í þágu nærþjónustu og nærumhverfis. Þar þurfum við að gera betur."



Hanna Birna segir lýðræðismálin vera mjög brýn. Farið hafi verið í ákveðin verkefni á kjörtímabilinu, hugmyndaþing og kosningu um forgangsröðun í fjárhagsáætlun, svo dæmi séu nefnd. Vilji sé til að vinna lengra í þessa veru. Aukna samvinnu þurfi við íbúa sem og á milli borgarfulltrúa.

„Við höfum lagt ríka áherslu á það að halda áfram þeirri samvinnu sem er á vettvangi borgarstjórnar,svo að pólitíkin breytist þannig að samvinnan sé meiri. Við viljum halda þeim verkefnum áfram."

Atvinnumálin eru Sjálfstæðismönnum ofarlega í huga og Hanna Birna segist telja að Reykjavíkurborg hafi staðið sig mjög vel í þeim efnum og lagt um 26 milljarða króna í framkvæmdir árlega, tvö síðustu árin. „Á þessum komandi fjórum árum er mjög mikilvægt að standa vörð um þann árangur sem við höfum náð. Við höfum forgangsraðað mjög ákveðið í þágu barna, velferðar og menntunar og það munum við gera áfram," segir Hanna Birna og bendir á að skorið hafi verið niður um allt upp í 20 prósent í stjórnsýslu og innkaupum en tæplega fjögur prósent í menntun.



Íslenskt atvinnulíf árið 2015
óskar eftir...

... verk- og tæknifræðingum til starfa. Í boði eru spennandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Mikil erlend samskipti. Mjög góð laun. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða nám sem veitir ungu fólki aðgang að þessum störfum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAG UM EFLINGU VERK- OG TÆKNIMENNTUNAR
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SI
TFÍ
VFÍ

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sérkennilegt andrúmsloft í borginni tveimur dögum fyrir kosningar:

## Hvað gera gömlu flokkarnir?

Tvær skoðanakannanir, sem Fréttablaðið og Morgunblaðið hafa látið gera, sýna að Bezti flokkurinn gæti orðið stærsta stjórnmálaaflið í borgarstjórn Reykjavíkur eftir kosningarnar á laugardag. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins um síðustu helgi gæti flokkurinn náð hreinum meirihluta, en samkvæmt könnun Morgunblaðsins myndi hann ná sjö borgarfulltrúum af fimmtán.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Vinsældir Bezta flokksins hafa ekki dvínað, þótt það verði skýrara eftir því sem fleiri frambjóðendur hans opna munninn, að þeir hafa í raun enga stefnu í ýmsum mikilvægum málum, sem borgarstjórn Reykjavíkur þarf að leysa úr. Fulltrúar annarra flokka reyna að vera málefnalegir og leggja til lausnir. Bezti flokkurinn snýr aðallega út úr eða svarar út í hött – og stórum hluta kjósenda virðist vera nákvæmlega sama. Þeir ætla samt að kjósa hann.

Þetta viðhorf ber vott um djúpstætt vantraust á hefðbundnu flokkunum. Kjósendur í Reykjavík vilja augljóslega kenna þeim lexíu – ekki bara sumum, heldur öllum. Tvennt ræður væntanlega mestu um þetta sérkennilega andrúmsloft meðal kjósenda.

Annars vegar er skrípaleikurinn í kringum stöðug meirihlutaskipti á fyrri hluta kjörtímabils núverandi borgarstjórnar. Ef annað hefði ekki komið til, hefði mátt ætla að farið væri að fenna yfir minninguna um þann hamagang allan, því að seinnipart kjörtímabilsins hefur ríkt stöðugleiki og að mörgu leyti gott samstarf milli flokkanna í borgarstjórn um að taka á erfiðum málum.

En þá kemur hitt til, sem er skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, sem var að mörgu leyti áfellisdómur yfir flokkunum. Kjósendum finnst klárlega vanta upp á að þeir hafi brugðizt við sem skyldi; af sannri auðmýkt og vilja til að læra af mistökunum. Þá er ekki aðeins átt við framboðin í borgarstjórn, heldur flokkana á landsvísu.

Vilji gömlu flokkarnir reyna að ná vopnum sínum á ný fyrir laugardaginn, verða þeir að gera eitthvað verulega róttækt til að sýna iðrun sína og umbótavilja. Sá sem gengur á undan í því efni er líklegastur til að ná einhverju af atkvæðunum til baka.

Nú hljóta menn líka að vera farnir að velta fyrir sér meirihlutamyndun eftir kosningar. Fari svo að Bezti flokkurinn nái hreinum meirihluta, er hætt við að bæði frambjóðendur flokksins og kjósendur fyllist eftirsjá að morgni sunnudagsins. Framboðið þarf þá að taka ábyrgð á stjórn stærsta sveitarfélags landsins, án þess að vera með útfærða stefnu um hvernig á að fara að því.

Nái Bezti flokkurinn ekki meirihluta, er ekki sennilegt að hinir flokkarnir vilji vinna með honum. Þá getur niðurstaðan orðið sú að „þjóðstjórnarhugmynd" Hönnu Birnu Kristjánsdóttur verði að veruleika undir breyttum formerkjum; að gömlu flokkarnir myndi saman meirihluta og neyðist þá til að vinna saman af heilindum og með hag borgarbúa að leiðarljósi. Bezti flokkurinn gæti haldið áfram að grínast í minnihluta – ef grínið endist þá í fjögur ár.

Þetta væri kannski ekkert afleit niðurstaða.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afskaplega undarlegt

Eftirlitsstofnun EFTA sendi frá sér ályktun í gær um að Íslendingum bæri að greiða Icesave. Það þykir Pétri Blöndal, þingmanni Sjálfstæðisflokksins „afskaplega undarlegt". Máli sínu til stuðnings nefnir hann að Ísland hafi verið búið að innleiða reglur Evrópusambandsins um innlánstryggingar. „Á því kerfi átti ekki að vera ríkisábyrgð enda hefði það rekist á við kröfur Evrópusambandsins um að ekki sé verið að mismuna fyrirtækjum eftir löndum," segir Pétur.



### Ekki svo undarlegt

Pétur Blöndal ætti að þekkja innleiðingu á reglum Evrópusambandsins um innlánstryggingar ágætlega. Hann tók þátt í umræðum um málið á Alþingi árið 1996. Þá sagði hann meðal annars: „Í reglum ESB er gert ráð fyrir að stofnsettir séu og starfræktir tryggingasjóðir við innlánsstofnanir sem tryggi innistæður undir 1,7 millj. kr.; þ.e. 20 þús. ECU. Ekki kom fram í nefndastarfinu hvað mundi gerast ef þessir sjóðir dygðu ekki fyrir töpum. Þó má óbeint lesa út úr tilskipuninni að þá beri ríkissjóður ábyrgð."

### Sinnaskipti

Nú er langt síðan þetta var og ljóst að Pétur Blöndal hefur hreinlega skipt um skoðun í millitíðinni. Skýr, lögfræðileg rök hljóta að hafa ráðið sinnaskiptunum. Að öðrum kosti er það óneitanlega nokkuð bratt hjá Pétri að kalla niðurstöðu ESA „undarlega" í ljósi þess að eitt sinn var hann sama sinnis. bergsteinn@frettabladid.is



## HALLDÓR




## Tökum næsta skref

Sveitarstjórnarkosningar



Steingrímur J. Sigfússon
formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs



Katrín Jakobsdóttir
varaformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs

Í sveitarstjórnarkosningunum á laugardaginn hafa Íslendingar tækifæri til að stíga næsta skref í uppgjöri sínu við þá stjórnmálastefnu og flokka sem leiddu af sér hrunið. Þessar kosningar eru ekki síður mikilvægar en þær sem fram fóru fyrir rúmu ári, þá í kjölfar efnahagshrunsins og uppreisnar almennings gegn sitjandi valdhöfum. Sú krafa sem almenningur setti fram í þeim kosningum um róttækar breytingar og heiðarleg stjórnmál þarf líka að heyrast á laugardaginn.

Á því rúma ári sem við Vinstri græn höfum setið í ríkisstjórn hefur stærsta og erfiðasta verkefnið verið að taka til eftir óstjórn Sjálfstæðisflokksins og leggja grunn að nýju samfélagi sem hefur háleitari markmið en að „græða á daginn og grilla á kvöldin". Þetta verkefni bíður einnig nýrra sveitarstjórna um allt land að loknum kosningum. Þar þarf að skapa traust og leggja grunn að nýju samfélagi ekki síður en á landsvísu.

Við Vinstri græn leggjum nú sem fyrr áherslu á heiðarlega og málefnalega kosningabaráttu. Gagnrýni okkar á ríkjandi stjórnmálaviðhorf góðærisáranna undirstrikar að hægt er að treysta pólitískri sýn flokksins og að hún geti reynst okkur verðmæt í þeim erfiðu verkefnum sem fram undan eru. Fyrir síðustu alþingiskosningar sögðum við kjósendum réttilega að bæði þyrfti niðurskurð og tekjuöflun til að takast á við vanda landsins. Aðrir flokkar reyndu að spinna sig út úr vandanum en í alþingiskosningunum 2009 virkaði spuninn ekki lengur. Fólk vildi heiðarleg stjórnmál.

Ekki má heldur gleymast að mikilvægar ákvarðanir sem hafa víðtæk áhrif eru teknar í sveitarstjórnum. Nærtæk dæmi eru ákvarðanir bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og borgarstjórnar Reykjavíkur á kjörtímabilinu sem leiddu til þess að þriðja stærsta orkufyrirtæki landsins, HS Orka, hefur farið úr samfélagslegri eigu í hendur kanadísku fyrirtækisins Magma Energy. Þá eru mörg helstu náttúruverðmæti Íslendinga og valdið til að ráðstafa þeim í höndum einstakra sveitarfélaga. Aðkoma Vinstri grænna að sveitarstjórnum landsins er því afar mikilvæg svo að ekki verði gerð fleiri afdrifarík mistök á sveitarstjórnarstiginu.

Nú hefur almenningur tækifæri til að leggja gróðahyggjuna endanlega á hilluna og einbeita sér að því að verja velferð og náttúru. Í þeim efnum eru Vinstri græn öflugur bandamaður. Tökum næsta skref að nýju og betra samfélagi á laugardaginn. Kjósum Vinstri græn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Rússar í góðum gír

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
Prófessor



Þegar ég kveikti á sjónvarpinu seint um kvöld í vetur leið, þetta var í janúar, heyrði ég viðtal við dómsmálaráðherrann. Tvö verkefni ráðuneytisins eru öðrum brýnni, sagði hann. Annað er að treysta sjálfstæði dómstólanna, svo að fólkið í landinu geti borið traust til þeirra. Hitt er að berjast gegn spillingu.

Hvar var ég staddur? Viltu gizka? Ég var í Moskvu.

Dómsmálaráðherra Rússlands heitir Aleksandr Konovalov. Hann er rösklega fertugur að aldri og er doktor í lögum frá háskólanum í Sankti Pétursborg. Þar tók Vladimir Pútín forsætisráðherra lagapróf á sínum tíma og einnig Dimitri Medvedev forseti. Lærimeistari allra þriggja hét Anatoly Sobchak, frjálslyndur lagaprófessor, síðar borgarstjóri í Sankti Pétursborg. Hann leit svo á, að eina færa leiðin til að ljúka því ætlunarverki Péturs mikla keisara að leiða Rússland inn í nútímann væri að gera landið að fullburða réttarríki. Hann vildi byggja landið með lögum. Nemendur Sobchaks eru sama sinnis eins og Guðmundur Ólafsson hagfræðingur hefur oft lýst í útvarpi, en hann er manna fróðastur hér heima um Rússland. Þegar Pútín velgir Vesturlöndum undir uggum með ýmsum grófum ummælum, er hann að reyna að róa kjósendur heima fyrir, segir Guðmundur. Pútín er eins og Svíar voru, þegar munnar stjórnmálamannanna vissu í vestur, en byssukjaftarnir í austur.

**Arfleifð Gaidars**

Ég var sem sagt í Moskvu í janúar, borgin er falleg að frostköldu vetrarlagi, og hlýddi þar á mál nokkurra helztu samstarfsmanna Medvedevs og Pútíns í efnahagsmálum. Fundurinn var haldinn í efnahagsstofnun, sem Jegor Gaidar, fyrsti forsætisráðherra Rússlands eftir hrun kommúnismans, stýrði til dauðadags í desember 2009. Ég hitti hann í Moskvu fyrir átta árum, en nú er hann allur fyrir aldur fram. Hann var hægri hönd Jeltsíns forseta fyrstu þrjú árin eftir hrun, 1991-94. Honum var falið, og tókst, að leggja grunninn að gríðarlegum umskiptum, sem hafa skilað sér með rykkjum og skrykkjum til fólksins í landinu við erfiðar aðstæður.

Gaidar þurfti að gefast upp fyrir gömlum kommúnistum og þjóðernissinnum á þingi og fyrir spilltum og gráðugum sérhagsmunaseggjum, sem tókst að sölsa undir sig umtalsverðan hluta af eignum ríkisins. Hann sagði þá af sér embætti, en hann hélt baráttunni áfram ótrauður innan þings og utan og náði umtalsverðum árangri. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Rússlandi er nú um tvisvar sinnum meiri en hann var, þegar Kommúnistaflokkurinn skildi við 1991. Meðalævi Rússa hefur lengzt um fjögur ár frá 2003 og er nú 69 ár, heilu ári lengri en 1991. Rússar eru að rétta úr kútnum. En spillingin er lífseig, og lífshættuleg.

> Ríkisstjórnin heldur uppteknum hætti, þótt Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi nú til umfjöllunar fráleita málsvörn fyrri ríkisstjórnar fyrir ítrekuð mannréttindabrot.

**Hættuleg sambúð**

Fjármálaráðherrann í ríkisstjórn Pútíns er fimmtugur hagfræðingur og heitir Aleksey Kudrin. Hann flutti langa ræðu á fundinum um þörfina fyrir að reisa skorður við hollenzku veikinni til að tryggja, að olíuauður Rússlands verði ekki til vandræða líkt og víða annars staðar í olíulöndum. Hann átti við, að sambúðin við svo mikla olíu í iðrum Rússlands hneigist til að hækka gengi rúblunnar upp fyrir eðlileg mörk og skaða með því móti aðra útflutningsatvinnuvegi og innlendan iðnað og þjónustu. Hann lýsti einnig næmum skilningi á nauðsyn þess, að arðurinn af olíulindunum skili sér til rétts eiganda, rússnesku þjóðarinnar, frekar en til rummunga. Þannig tala ráðamenn í Moskvu. Þetta var eins og vor um miðjan vetur.

**Heim til þín, Ísland**

Ísland vantar dómsmálaráðherra, sem talar um nauðsyn þess að treysta sjálfstæði dómstólanna og beitir sér af alefli fyrir því og berst gegn spillingu. Ísland vantar einnig fjármálaráðherra, sem viðurkennir nú, þótt seint sé, að útvegsmenn hefðu frá upphafi átt að greiða fyrir afnotin af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar frekar en þiggja kvótann án endurgjalds og veðsetja síðan sameignina upp í rjáfur eins og rakin fífl.

Ríkisstjórn Íslands heldur áfram að mylja undir útvegsmenn, nú síðast með ókeypis úthlutun á nýjum makrílkvóta í stað þess að afla ríkissjóði tekna, sem hann sárvantar, með því að selja kvótann á uppboði. Ríkisstjórnin heldur uppteknum hætti, þótt Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi nú til umfjöllunar fráleita málsvörn fyrri ríkisstjórnar fyrir ítrekuð mannréttindabrot. Ætla verður, að Þjóðareign, nýstofnuð samtök um auðlindir í almannaþágu, fræði Mannréttindanefndina um skjalfest fjárframlög útvegsmanna til stjórnmálaflokkanna. Rússum hélzt ekki vel á einkavæðingu ríkisfyrirtækja á sínum tíma, rétt er það. En ríkisstjórn Jeltsíns forseta mátti þó eiga, að hún seldi útvegsmönnum aðgang að rússneskum fiskimiðum frekar en að úthluta honum ókeypis.

## UMRÆÐAN Á VÍSI

### Daglegt líf í Reykjavík

„Það má jafnvel segja að það stappi nærri kraftaverki að allt skuli ganga sinn vanagang í Reykjavíkurborg eftir efnahagshrunið. Við komumst varla í gegnum einn einasta dag án þess að vera minnt á þetta hrun með einhverjum hætti, en samt hefur núverandi borgarstjórnarmeirihluta tekist að halda uppi þjónustu við borgarbúa, án þess að hækka skatta og skila borgarsjóði þrátt fyrir þetta hallalausum á síðasta ári."

**Svanhildur Hólm Valsdóttir**

### Vinstri græn framtíð

„Við sem erum í Vinstrihreyfingunni - grænu framboði sameinumst um félagslegar áherslur, kvenfrelsi og umhverfisvernd. Vinstri græn hafa ekki og munu ekki setja hagsmuni stórtækra verktaka eða hagsmuni hálaunafólks af því að greiða lága skatta, í forgang. Við Vinstri græn forgangsröðum ávallt í þágu barna, í þágu fatlaðra, í þágu efnaminna fólks og atvinnulausra og annarra sem eiga undir högg að sækja."

**Líf Magneudóttir**

### Óvenjulega venjulegur

„Framsetning Besta [flokksins] er á vissan hátt þversagnarkennd og póstmódernísk, en hið sama má segja um framboð fimmflokksins á seinasta kjörtímabili í Reykjavík. Í ljósi þess kemur gott gengi Besta í skoðanakönnunum ekki á óvart. Þrátt fyrir skringilegheitin og formleysið þá er Besti þrátt fyrir allt óvenjulega venjulegur, nákvæmlega það sem íslensk stjórnmál þarfnast."

**Sölvi Blöndal**

Sjá nánar á visir.is


ÞÚ MEINAR
EINAR

Einar Skúlason skipar 1.sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík. Hann er með BA gráðu í stjórnmálafræði og MBA gráðu frá Edinborg. Einar stjórnaði Alþjóðahúsinu um árabil við góðan orðstír. Hann er þriggja barna faðir í Hlíðunum.

Sköpum störf

Við ætlum að búa til störf með viðhaldi á húsum, meiri ferðamennsku, með því að endurvekja Aflvaka, með því að nota Orkuveituna til að laða að fyrirtæki og svo framvegis og svo framvegis. Margt smátt gerir eitt stórt.

Verjum velferðina

Þetta er vissulega klisjukennt slagorð, en kannski er bara ekki hægt að segja þetta öðruvísi. Það verður að verja velferðina, standa vörð um hana. Tímarnir eru erfiðir. Fólk má ekki lenda á götunni, börnin verða að fá góða menntun, það þarf að hugsa um eldri borgarana og það þarf að tryggja börnum leikskólapláss. Þannig er það bara.

Hækkum ekki skatta

Fjölskyldur eiga nógu erfitt með að láta enda ná saman. Við munum ekki hækka skatta og gjaldskrár umfram verðbólgu.

Aukum lýðræðið

Við viljum að 5% borgarbúa á öllum aldri geti með undirskriftum komið máli á dagskrá borgarstjórnar.



FRAMSÓKN
Í REYKJAVÍK
framsokn.is/reykjavik

# Pólitísk íhlutun Magma og Norðuráls

Orkumál



Sigmundur Einarsson
jarðfræðingur

Í fréttum Stöðvar 2 sl. laugardag var kostuleg frétt þess efnis að viðræður væru hafnar milli Magma Energy og Norður-áls um sölu á orku til álversins í Helguvík. Í viðtali við Árna Sigfússon, bæjarstjóra í Reykjanesbæ, kom fram að hann fagnaði því að hlutur Geysis Green Energy væri nú í höndum aðila sem sé kominn að HS Orku til langs tíma. Það hafi greitt fyrir því að samningaviðræður milli Norðuráls og HS Orku hafi komist á skrið að nýju.

Með fréttinni var gefið í skyn að nú sé að rofa til í orkumálum álversins. En hvað skyldi í raun vera á bakvið þessar svokölluðu viðræður? Í fréttinni kom í raun ekkert fram um viðræðurnar því staðreyndin er sú að þar er ekkert að frétta. Hér var sett á svið ómerkileg leiksýning af hálfu Magma og Norðuráls, tveggja fyrirtækja í eigu erlendra aðila, sem með þessu eru að hlutast til um íslensk stjórnmál. Sýninguna setja þau á svið fyrir velgjörðarmann sinn, bæjarstjórann í Reykjanesbæ, viku fyrir kosningar til sveitarstjórnar. Samkvæmt fréttinni virðist sem hér séu á ferðinni stórtíðindi í atvinnumálum Suðurnesjamanna. Og eins og venjulega sá fréttamaðurinn ekkert athugavert.

Hið stóra plat í leiksýningunni er að HS Orka (Magma Energy) hefur enga orku til að selja Norðuráli. Til að þetta sé alveg skýrt er rétt að fara lauslega yfir þá kosti sem HS Orka hefur til orkuvinnslu:

• Fyrirhuguð stækkun Reykjanesvirkjunar er í uppnámi þar sem Orkustofnun hefur ekki viljað samþykkja stækkunina. Ástæðan er nær örugglega sú að jarðhitasvæðið er nú þegar fullvirkjað og trúlega gott betur. Reyndar hef ég áður bent á að þetta hefði mátt ráða af umsögn Orkustofnunar strax þegar umhverfisáhrifin voru metin.

• Hugmyndir um aukna orkuvinnslu í Svartsengi og Eldvörpum geta hugsanlega skilað fáeinum tugum af megavöttum en svæðið er mjög nálægt því að vera fullvirkjað.

• Rannsóknarboranir við Trölladyngju hafa gefið neikvæða niðurstöðu.

• HS Orka hefur rannsóknarleyfi á litlu jarðhitasvæði við Sandfell í Grindavíkurbæ en takmarkaðir kærleikar hafa verið með HS Orku og Grindvíkingum hin síðari ár. Þetta sýnist ekki efnilegt.

• HS Orka hefur rannsóknarleyfi í Krýsuvík og hefur náð samningum um rannsóknarholur við landeiganda, sem er Hafnarfjarðarbær, en síðan ekkert meir. Finnist yfirleitt nýtanleg orka í Krýsuvík er ekkert sem bendir til að Hafnfirðingar vilji að hún fari til Helguvíkur.

• HS Orka leitar nú eftir orkuvinnsluvæðum í Hrunamannahreppi. Staða þess máls er óljós á sama hátt og sú orkulind sem málið snýst um en hún virðist vera einhvers konar aðfærsluæð jarðhitans á Flúðum innan af hálendinu.

• HS Orka er eigandi að þriðjungi hlutafjár í Suðurorku sem hyggst einbeita sér að vatnsaflsvirkjun í Skaftá, Búlandsvirkjun. Það verkefni er á frumstigi og óljóst um vilja Sunnlendinga til að selja orkuna til Suðurnesja ef af verður.

Þar sem Magma hefur enga orku til að selja er augljóslega ekkert til að semja um. Hér er á ferðinni einfalt pólitískt sjónarspil. Ekki veit ég hvort fordæmi eru fyrir slíku framferði erlendra fyrirtækja á vettvangi íslenskra stjórnmála. Nú rær Árni Sigfússon lífróður til að framlengja veru sína á stóli bæjarstjóra í mínum gamla heimabæ. Þar hefur hann á undanförnum árum rekið bæjarfélagið með einhvers konar ponzi-tilbrigði þar sem eignir bæjarins hafa verið seldar og skuldum safnað í staðinn. En hví skyldu félög í eigu erlendra aðila tilbúin að taka þátt í svona ómerkilegri og siðlausri brellu í þeim tilgangi einum að halda vini sínum, bæjarstjóranum, áfram við völd? Ekki veit ég gjörla hvað hér liggur að baki en undanfarin ár hafa bæði stór og smá fyrirtæki verið að seilast til áhrifa í skipulagsmálum sveitarfélaga. Kunnustu dæmin eru af byggingaráformum í miðborg Reykjavíkur og virkjunaráformum í Flóahreppi. Flutningur skipulagsmála frá ríki til sveitarfélaga fyrir rúmum áratug hefur reynst mikið ógæfuskref og leitt til þess að skipulag sveitarfélaganna er orðið að söluvöru. Og nú virðist málið vera að færast á nýtt stig. Í hvaða sporum verðum við ef veikluðaðir sveitarstjórnarmenn selja skipulagsvaldið í hendur útlendingum? Jafnvel í nafni sjálfstæðis? Er ekki tímabært að draga úr skipulagsvaldi sveitarfélaga?

Svo er að sjá sem hinum útlendu herrum hafi bærilega tekist að tileinka sér það íslenska siðferði sem við helst gætum verið án.

> Nú rær Árni Sigfússon lífróður til að framlengja veru sína á stóli bæjarstjóra í mínum gamla heimabæ. Þar hefur hann á undanförnum árum rekið bæjarfélagið með einhvers konar ponzi-tilbrigði þar sem eignir bæjarins hafa verið seldar og skuldum safnað í staðinn.



## FJÁRMÁLAKREPPUR OG SKULDAKREPPUR

**HVAÐ GETUR ÍSLAND LÆRT AF REYNSLU ANNARRA RÍKJA?**

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík stendur fyrir hádegisfundi
**föstudaginn 28. maí kl. 12:10 – 13:30.**

**Á fundinum fjallar Aldo Musacchio, dósent við viðskiptadeild Harvard-háskóla, um fjármála- og skuldakreppur í nokkrum nýmarkaðsríkjum á síðustu áratugum. Musacchio ræðir hvernig lönd á borð við Argentínu og Mexíkó hafa tekist á við skuldakreppur og reynsluna af mismunandi leiðum í þeim efnum. Jafnframt hvaða lærdóm Ísland getur dregið af reynslu þessara landa.**



**Dr. Aldo Musacchio** hefur kennt hjá viðskiptadeild Harvard-háskóla frá árinu 2004 og er nú dósent við deildina. Auk þess gegnir hann rannsóknarstöðu við National Bureau of Economic Research. Síðustu tíu árin hefur Musacchio stundað rannsóknir á hagsögu Rómönsku Ameríku. Hann hefur m.a. skrifað raundæmi (case study) um kreppuna í Argentínu árið 2001 og um það hvernig endursamið var um skuldir landsins árið 2005. Dr. Musacchio hefur einnig skrifað raundæmi um Mexíkó, Brasilíu, Dubai og Ísland. Aldo Musacchio er með doktorsgráðu í hagsögu frá Stanford-háskóla og BA-próf í hagfræði frá ITAM í Mexíkóborg. Hann hefur kennt og haldið fyrirlestra við Háskólann í Reykjavík, ITAM í Mexíkóborg, Insper og Universidade de São Paulo í Brasilíu og INALDE í Kólumbíu.

Hádegisfundurinn fer fram í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, Betelgás. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og stendur í u.þ.b. 45 mínútur. Góður tími gefst til spurninga og umræðna að honum loknum.
**Allir velkomnir!**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · REYKJAVIK UNIVERSITY
VIÐSKIPTADEILD
SCHOOL OF BUSINESS

www.hr.is

# „Sjö-háskóla“ spurningin

Háskólar á Íslandi



Magnús Árni Magnússon
verðandi rektor Háskólans á Bifröst

Er ekki fáránlegt fyrir 300 þúsund manna þjóð að halda úti sjö háskólum?“ er algeng spurning í umræðunni í dag og svarið „já“ blasir við – þrátt fyrir að höfðatölulega séð sé staðan 7 háskólastofnanir fyrir 300 þúsund manns ekki fjarri því sem er í Bandaríkjunum, þar sem bestu háskólar heims eru starfræktir. Þetta er þó ólíkt því sem er í Evrópu, sem hefur ekki náð vopnum sínum enn í alþjóðlegum háskólasamanburði. „Sjö-háskóla“ spurningin er hins vegar talsvert villandi. Í rauninni mætti líkja henni við að spurt sé „er ekki fáránlegt að 300 þúsund manna þjóð skuli halda úti námi á öll hljóðfæri sem leikið er á í sinfóníuhljómsveit? Er ekki nóg að kenna á málmblásturshljóðfærin og gera það vel?“

Staðreynd málsins er sú að þessir sjö háskólar eru ekki ljósrit hver af öðrum. Flestir eru þeir afar sérhæfðar stofnanir sem leggja megináherslu á fáar greinar og mismunandi kennslufræði. Fæstar þeirra hafa dottið niður úr skýjunum á allra síðustu árum. Flestar eiga áratuga starf að baki og ein þeirra getur rakið sögu sína (með góðum vilja) allt aftur til ársins 1106! Þær hafa hins vegar á umliðnum áratugum fært nám sitt upp á háskólastig samkvæmt kröfum tímans, rétt eins og stofnun sú sem hlaut nafnið Háskóli Íslands gerði árið 1911. Eins eru sumar þeirra til komnar fyrir umfangsmiklar sameiningar fjölbreyttra fagskóla og síðasta áratuginn hefur háskólastofnunum í raun fækkað, en ekki fjölgað.

### Fjölbreytt nám

Stundum er spurt í framhaldi af „sjö-háskóla“ spurningunni hvort það sé ekki út í hött að kenna viðskiptafræði á fjórum stöðum á Íslandi. Ef við vörpum kastljósinu á þau fög sem sannarlega eru kennd í fleiri en einum háskóla á Íslandi – viðskiptafræði, lögfræði og verkfræði, þá er þar um að ræða vinsæl fög sem ekkert er athugavert við að margir fari í gegnum í nútímasamfélagi. Hagnýt og fræðileg þekking á því sem tengist ástundun viðskipta, er afar hagfelld fyrir samfélagið og viðskiptalífið, burt séð frá þeirri gagnrýni sem slíkt nám hefur setið undir að undanförnu og í sjálfu sér ekki óeðlilegt að það nám sé í boði víðar en í einni stofnun.

Að sama skapi er alltaf þörf fyrir lögfræðinga og það fyrirkomulag sem tíðkaðist hér í áratugi, að meina nema 30–60 manns að hefja nám í lögfræði ár hvert, var í grunninn ekki til annars en að búa til einsleita valdaelítu. Almenn lögfræðiþekking er forsenda virks lýðræðis og eflingar borgararéttinda fjöldans. Lengi hefur líka verið talað um að efla þyrfti verkmenntun á Íslandi og það þarf ekki að fylgjast lengi með því sem er að gerast í HR til að sjá að þar er verið að vinna fyrsta flokks starf.

### Menntunarsprenging

Staðan er sú að undanfarin 20 ár hefur orðið menntunarsprenging á Íslandi og er það vel. Það er fjarri því að „fjölgun háskólanna hafi verið tilraun sem mistókst“, eins og fv. landlæknir hélt fram í Fréttablaðinu nýlega. Þvert á móti hníga mörg rök að því að uppfærsla fagskólanna á háskólastig hafi tekist með eindæmum vel. Skólarnir hafa eflst mikið fræðilega, valkostir fólks sem vill fara í nám eru fjölbreyttir og spennandi. Háskólanám er hægt að stunda með mismunandi hætti frameftir öllum aldri víða um landið og aldrei hafa verið stundaðar öflugri rannsóknir á Íslandi en í dag. Í þeim fræðigreinum þar sem um samkeppni hefur verið að ræða hefur hún tvímælalaust verið til góðs. Ekki einu sinni lagadeild Háskóla Íslands mun bera á móti því að sú samkeppni sem Bifröst efndi til í laganámi með því að brydda upp á námi í viðskiptalögfræði árið 2001 (HR og HA fylgdu í kjölfarið), hafi gert annað en að efla laganámið við Háskóla Íslands, en laganám á Íslandi mátti sannarlega við hressilegri uppfærslu í byrjun þessarar aldar.

### Stígum varlega til jarðar

Nú leita menn logandi ljósi að tækifærum til hagræðingar í ríkisrekstri og er það bæði þarft og skynsamlegt. Það þarf þó að stíga varlega til jarðar og á það við í háskólamálum eins og öðrum viðkvæmum málaflokkum. Það þarf að varast að eyðileggja þann árangur sem þegar hefur náðst í íslensku háskólasamfélagi með vanhugsuðum aðgerðum í átt til sameiningar eða lokunar skólastofnana, sem vandséð er hvaða hagræðingu skilar, enda hverfur kostnaðurinn við þá nemendur sem þegar eru í námi, ekki við það að sameina eða leggja niður skóla.

Kostnaður ríkisins við nemendur í t.d. HR og Bifröst er ekki hærri en hann myndi vera við Háskóla Íslands. Það er síðan annað mál að vissulega má gera betur í því að efla samstarf íslenskra háskóla. Það er líka alls ekki ólíklegt að hið aukna samstarf kunni í einhverjum tilfellum að leiða til frekari sameiningar háskólastofnana á Íslandi, eins og þegar hafa farið fram þreifingar um.

Það er sjálfsagt til of mikils mælst að ætlast til hófstillingar og umhugsunar í almennri umræðu eftir þær hremmingar sem þjóðin hefur gengið í gegnum undanfarin misseri og í ljósi þess tröllaukna vanda sem hún stendur frammi fyrir. Það er hins vegar von mín að fólkið sem um vélar hugsi málið als leið og taki ekki hugsunarlaust undir „sjö-háskóla“ spurninguna eins og þar sé að finna helstu lausnina á fjárhagsvanda ríkissjóðs.

> Staðreynd málsins er sú að þessir sjö háskólar eru ekki ljósrit hver af öðrum. Flestir eru þeir afar sérhæfðar stofnanir sem leggja megináherslu á fáar greinar og mismunandi kennslufræði.

# Frábært verð á viðarvörn í BYKO!

Gleðilegt sumar




**5.990**

Pinotex
Vnr. 89410150-2650
**Viðarvörn**
PINOTEX Classic gegnsæ viðarvörn, glær, svört, tekk eða fura, 6 l. Aðrir litir 5 l.




Vnr. 86363040-550
**Pallaolía** **5.990**
KJÖRVARI pallaolía glær, græn, hnota, fura, rauð fura eða rauðviður, 5 l.




Vnr. 86332040-9040
**Viðarvörn** **4.990**
KJÖRVARI viðarvörn, margir litir, 4 l.

5L
Pinotex
Vnr. 89436375-94
**Pallaolía**
PINOTEX pallaolía glær, græn, brún eða pine, 5 l.
**5.990**




5L
Pinotex
Vnr. 89470150-950
**Viðarvörn**
PINOTEX Classic þekjandi viðarvörn, margir litir, 5 l.
**8.690**







10 L
Vnr. 86647783-883
**Málning** **9.990**
KÓPAL Steintex, hvítt, hrímhvítt, marmarahvítt eða antikhvítt, 10 l.



## FRÁBÆRT VERÐ Á PALLAEFNI

| | | Verð |
|---|---|---|
| 0058324 | Fura alhefluð 27x95 mm A-gagnvarið | **289** kr./lm. |
| 0058504 | Fura alhefluð 45x95 mm A-gagnvarið | **399** kr./lm. |
| 0058506 | Fura alhefluð 45x145 mm A-gagnvarið | **579** kr./lm. |
| 0059954 | Fura alhefluð 95x95 mm A-gagnvarið | **819** kr./lm. |

**235** kr./lm

Vnr. 0058254
**Girðingaefni**
Fura afhefluð 22x95 mm, A-gagnvarið.

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
EXPO - www.expo.is

# Júróvisjón lýðræði!

Sveitastjórnakosningar



Hjálmar Hjálmarsson
Oddviti NæstBestaflokksins í Kópavogi

Nú er ljóst að þjóðin gengur til tvennra kosninga n.k. laugardag. Í öðrum þeirra og þeim mikilvægari sýnist mér, gefst okkur tækifæri til að velja besta sönglag Evrópu þetta árið í Evróvisión og í hinum fáum við tækifæri til að velja okkur fulltrúa í stjórn bæjarins okkar.

Það er gaman að bera saman umfjöllun RÚV um þessar tvennar kosningar. Hollenska lagið Shalala fær u.þ.b. 10 sinnum lengri tíma til að kynna framlag sitt, en X-listinn í Kópavogi. NæstBestiFlokkurinn, sem er nýtt framboð, fékk samtals 30 sekúndur í sjónvarpi allra landsmanna í stuttu Kastljósinnslagi 10 dögum fyrir kosningar. Þá er í fréttum RÚV í þessari viku vitnað í 6 vikna gamla skoðanakönnun um fylgi flokkanna í Kópavogi sem var gerð löngu áður en framboðsfrestur rann út og þrír af sjö framboðslistum voru þá ekki komnir fram. Hins vegar var fjallað um Evróvisíón söngvalagakosningarnar í fimm 50 mín. sérlöguðum sjónvarpsþáttum með einum þekktasta og best klædda skemmtikrafti landsins sem leitaði álits annálaðra og prúðbúinna sérfræðinga á sviði Evró-sönglaga, sem fjölluðu á ítarlegan hátt um útlit, framkomu og flutning allra frambjóðenda til Evróvisíónkosninganna, í skemmtilegu og litríku umhverfi í sjónvarpssal allra landsmanna. Auk þess bar fyrir augu samevrópskan þátt um þetta efni sem tók um klst. í flutningi. Þess utan fáum við í kosningavikunni 7 klst. útsendingu frá Júró-kosningunum sjálfum sem enda hversu áhugavert sjónvarpsefni það er í samanburði við framlag Hollands, Shalala, til Evróvisíón kosninganna en maður veltir vonandi vel á laugardaginn þegar ritstjóri Kastljóssins kynnir kosningaúrslitin í beinni frá Osló.

> Við verðum því að treysta evrópskum kjósendum til þess að velja Heru og Örlyg Smára en neyðumst sjálf til að kjósa það næstbesta. Ég sting upp á að kjósendur í Kópavogi geri það einnig á laugardaginn.

Auðvitað geta menn rifist fram og til baka um það hvort framlag X listans NæstBestaFlokksins, til kosninganna í Kópavogi sé eins skemmtilegt eða merkilegt eða því óneitanlega fyrir sér hvernig stjórn RÚV skynjar hlutverk sitt þegar kemur að lýðræðisumræðu og upplýsingu til almennings um grundvallar réttindi fólks. Sannarlega erum við langflest búinn að fá hundleið á hinu flokkspólitíska argaþrasi en Íslendingar eru ekki leiðir á stjórnmálum. Þeir vilja einmitt hafa meira um hlutina að segja. Við erum hins vegar komin með upp í kok af gömlu, ónýtu og spilltu flokkunum og það lýsir sér vel í góðu gengi Bestaflokksins í Reykjavík. Því miður höfum við ekki tækifæri til að velja besta lagið í Evróvisíón kosningunum á laugardaginn. Við verðum því að treysta evrópskum kjósendum til þess að velja Heru og Örlyg Smára en neyðumst sjálf til að kjósa það næstbesta. Ég sting upp á að kjósendur í Kópavogi geri það einnig á laugardaginn, setji x við X og velji NæstBestaFlokkinn.

P.S. Hefðu ekki sparast einhverjar krónur við það að láta Þóru Tómasdóttur fyrrverandi Kastljósdrottningu lýsa Evróvisíón kosningunum? Hún býr jú í Osló, talar þessa fínu norsku líka og hefði farið létt með þetta.



Nám í rekstri og stjórnun
fyrir framsækna nemendur!

**Flugrekstrarfræði 45 ein.**
Námið er sniðið að þörfum starfsmanna í flugtengdum rekstri og tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum.

**Útvegsrekstrarfræði 45 ein.**
Námið er sniðið að þörfum sjávarútvegarins og tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum. Útvegsrekstrarfræði hentar þeim sem hafa starfsmenntun og reynslu úr sjávarútvegi.

**Rekstur og stjórnun, almenn lína 45 ein.**
Námið er opið öllum sem lokið hafa starfsmenntun eða sambærilegri menntun og hafa reynslu úr atvinnulífinu. Námið tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum.

Allar námslínurnar eru þróaðar af Tækniskólanum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er til viðurkenndra háskólaeininga. Hægt er að bæta við sig 15 ein. til rekstrarfræði. Inntökuskilyrði eru starfsmenntun, stúdentspróf eða sambærilegt nám.

**Nánari upplýsingar fást í Endurmenntunarskólanum, s. 514 9601 eða á ave@tskoli.is**

**Innritun stendur yfir**

zetor

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Ríkisstjórnin á leik

Atvinnumál



Hermann Jón Tómasson
bæjarstjóri á Akureyri

Ferðaþjónusta hefur blómstrað á Akureyri síðustu misserin. Akureyrarbær hefur komið myndarlega að markaðsmálum ferðaþjónustunnar með þeim árangri að bærinn er nú vinsælasti áfangastaður íslenskra ferðamanna jafnt sumar sem vetur. Möguleikar til frekari uppbyggingar á þessu sviði eru sannarlega til staðar. Nýtt menningar- og ráðstefnuhús, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, Tröllaskaginn með alla sína möguleika til útivistar og stórbrotin náttúran í Þingeyjarsýslum. Þessi sérkenni og fjölmörg fleiri skapa möguleika til frekari sóknar. Rekstraraðilar í ferðaþjónustu gera sér góða grein fyrir þessu sem má m.a. merkja af þeim áhuga sem nú er á að fjölga hótel- og gistirýmum á Akureyri.

Ef rétt er á spilum haldið er hægt að fjölga til muna erlendum ferðamönnum á svæðinu, sérstaklega þeim sem hingað sækja utan hefðbundins ferðamannatíma, og auka þar með gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Það yrði kærkomin búbót fyrir þjóðarbúið. Forsenda þessa árangurs er beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll.

Undanfarnar vikur hafa óblíð náttúruöflin sannarlega minnt á sig á Íslandi. Samgöngur röskuðust um víða veröld og hér á landi gerðist það hvað eftir annað að ekki var hægt að fljúga um Keflavíkurflugvöll. Akureyrarflugvöllur gengdi lykilhlutverki í að leysa þau vandamál sem upp komu og þörfin fyrir góða aðstöðu fyrir flug til og frá landinu utan suðvesturhornsins kom berlega í ljós. En við vorum jafnframt minnt á að aðstaðan hér á Akureyri er engan veginn fullnægjandi. Ef völlurinn á að geta þjónað hlutverki sem millilandaflugvöllur verður að byggja upp flughlað og stækka flugstöðina. Þetta er eitt þeirra verkefna sem legið hefur á borðum stjórnvalda og beðið afgreiðslu undanfarna mánuði. Tillögur um framkvæmdina eru tilbúnar og þess vegna væri hægt að ráðast í hana með skömmum fyrirvara. Það væri svo sannarlega skynsamleg aðgerð sem tryggði flugöryggi landsins, opnaði nýja möguleika til eflingar ferðaþjónustu og kæmi sem innspýting í erfitt atvinnuástand á Akureyri á hárréttum tíma.

Það er ekki eftir neinu að bíða. Rökin eru augljós og hægt er að ráðast í framkvæmdir með stuttum fyrirvara. En við bíðum eftir stjórnvöldum. Þaðan þurfa að koma skýr svör strax. Það gengur ekki að mikilvæg verkefni sem eiga augljósan rétt á sér séu látin bíða von úr viti. Ég skora á ríkisstjórnina að reka af sér slyðruorðið og gefa grænt ljós á framkvæmdir á Akureyrarflugvelli nú þegar. Það eru skilaboð um að ríkið ætli raunverulega að leggja atvinnuuppbyggingu lið, það eru skilaboð um það að ríkisstjórnin standa með Íslandi í uppbyggingu atvinnu- og efnahagslífs.

# Af kaupfélagsmálum Framsóknar

Sveitarstjórnarkosningar



Elías Pétursson
frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ

Fyrir áratugum síðan fékk Kaupfélag Kjalarnesþings lóð við Vesturlandsveginn gamla. Byggðu þeir Samvinnumenn þar verslunarhús o.fl. af hugsjón þeirra manna sem vilja vinna samfélagi sínu gagn. Ekki vegna þess að þá hafi langað að efnast á kostnað samborgaranna heldur vegna þess að þessum framsýnu mönnum rann til rifja sú aðstaða sem pöplinum var sköpuð til aðfanga nauðsynjavöru.

En ágætu Mosfellingar, nú er sú Snorrabúð stekkur, því ef marka má það sem ég hef lesið og kynnt mér þá virðist Kaupfélagið vera undir „eignarhaldi“ örfárra manna – manna sem virðast hafa yfirgefið hina góðu hugsjón samvinnu og samfélags. Manna sem virðast líta á Kaupfélag Kjalarnesþings sem sinn prívat sparibauk.

Eftir skoðun þykir mér einsýnt að þessir frekar aumu fulltrúar samvinnuhugsjónarinnar njóti nú aðstoðar bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins við að seilast í vasa skattborgara í Mosfellsbæ. Ég mun ekki standa hjá og láta það óátalið að bæjarfulltrúi nýti sér stöðu sína til aðdráttar fyrir sig eða klíkufélaga sína.

Rétt fyrir kosningar 1998 skrifaði þáverandi bæjarstjóri undir nýja lóðarleigusamninga til 50 ára við Kaupfélagið, þetta gerði hann án þess að deiliskipulag svæðisins lægi fyrir. Athygli vekur að bæjarstjórinn skrifar undir en ekki byggingafulltrúinn eins og venja er.

Fyrir u.þ.b. 4 árum þegar miðbæjarskipulag var í vinnslu var ákveðið að nýta rétt sem svohljóðandi 12. grein lóðarsamnings gefur, „Hvenær sem bæjarstjórn telur þörf á að taka lóðirnar í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti er leigutaka skylt að láta leiguréttt sinn af hendi…“ Samkvæmt greininni var seinnihluta árs 2007 óskað eftir því við kaupfélagið að Mosfellsbær fengi lóðirnar aftur gegn endurgjaldi. Þar er saga sem ég hvet bæjarbúa til þess að kynna sér.

Í ágúst 2008 byrja kaupfélagsmenn að tala um að Mosfellsbær „kaupi allan pakkann af þeim“. Stuttu seinna kom í ljós að samvinnumennirnir höfðu þinglýst 200 milljóna skuldabréfi á lóðirnar, skuldabréfi sem þessir hugsjónamenn hafa fram til þessa dags ekki viljað segja nokkrum manni hver á. Ekki þarf mikinn leikjasérfræðing til þess að láta sér detta í hug að þarna hafi menn verið að styrkja stöðu sína í samningaviðræðum við bæinn, samningaviðræðum sem þessir forsvarsmenn lokaða kaupfélagsins ætla að græða vel á.

> Rétt fyrir kosningar 1998 skrifaði þáverandi bæjarstjóri undir nýja lóðarleigusamninga til 50 ára við Kaupfélagið, þetta gerði hann án þess að deiliskipulag svæðisins lægi fyrir.

Þessum samskiptum kaupfélagsmanna og bæjarins lauk í raun þann 1. júlí 2009, þá mættu þeir á fund fulltrúa bæjarins og kröfðust 500 milljóna fyrir lóðaréttindin.

Kemur þá að hlut sérlegs fulltrúa gagnsæis, hófsemi og heiðarleika, Marteins Magnússonar bæjarfulltrúa. Við lestur fundargerða og eftir samtöl við fólk tel ég ljóst að hann hafi lagt sig í alla þá króka og alla þá kima sem finnanlegir eru til þess að efla stöðu „samvinnumannanna“ gegn hagsmunum bæjarbúa. Þar hefur hann í krafti setu í nefndum bæjarins gengið grímulaust erinda félaga sinna framsóknarmannanna í Kaupfélaginu, hvet ég bæjarbúa til þess að lesa fundargerðir og önnur gögn sem hægt er að nálgast. Er ég þess fullviss að niðurstaða ykkar verður ekki ólík minni, það er að Marteinn Magnússon er í skjóli setu sinnar í bæjarstjórn að hjálpa gróðapungum sem telja sig eiga Kaupfélagið, gróðapungum sem greinilega láta sig samfélagið engu skipta en ætla bara að græða.

**HÁIR HÆLAR** virðast ekki aðeins vinsælir meðal kvenna. Í aukana færist að karlmenn nýti sér hælaskó og er talið að menn á borð við Karl Lagerfeld og Nicolas Sarkozy noti hæla til að sýnast stærri, auk þess sem hönnuðirnir Gareth Pugh og Marc Jacobs hafa viðurkennt að hafa notað kvenmannshælaskó.






Ný sending
www.gabor.is
Sérverslun með Gabor xena
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16






NÝ SENDING FRÁ K&S
KENNEL & SCHMENGER SCHUHMANUFAKTUR





hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is




Gríma Þórðardóttir í nýja sumarkjólnum með senjórítulega eyrnalokka sem hún gengur með bæði hvunndags og spari, enda heilluð af spænskri menningu og tísku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ofurkvenleg strákastelpa

**Fegurðardísin Gríma Þórðardóttir er tvítug, kát og ævintýragjörn Vesturbæjarmær sem um liðna helgi var kosin vinsælasta stúlkan meðal íðilfagurra og íturvaxinna stallsystra sinna í Fegurðarsamkeppni Íslands.**

„Þessi kjóll er fyrsta sumarlega flíkin sem ég hef keypt fyrir sumarið en ég er mikið fyrir hlýralausa kjóla á sumrin, þótt ég hafi aldrei fyrr keypt mér blómakjól. Á honum eru semalíusteinar sem gera hann fínan, en það er hægt að dressa hann niður með skyrtu utan yfir,“ segir Gríma um skvísulegan kjól úr Dúkkuhúsinu.

Gríma er með skemmtilegri stelpum enda kosin vinsælust í bæði Ungfrú Ísland og Reykjavík.

„Ég hef strákalegri húmor og er aðeins furðulegri en hinar stelpurnar,“ segir strákastelpan Gríma sem fékk óvænt boð um keppni í Fegurðarkeppni Íslands eftir að vinkona hennar skráði hana inn.

„Ég ákvað þá að slá til og prófa eitthvað nýtt, og fannst keppnin allsherjar upplifun. Hún er alls ekki eins ströng og margir halda og ég þurfti ekki að skrifa upp á samning um að missa einhver aukakíló. Áherslan var helst á sjálfstraust og framkomu, sem kom sér vel því ég var frekar feimin fyrir keppnina,“ segir Gríma sem er nýstúdína af málabraut Menntaskólans við Hamrahlíð.

„Ég hef mikinn áhuga á erlendum tungumálum og menningu, og ætla enda ekki að búa mikið lengur á Íslandi. Ég flyt til Kaupmannahafnar í næstu viku þar sem við þrjár vinkonur höfum leigt okkur íbúð og ætlum að finna vinnu í sumar. Ég er svo haldin mikilli ævintýraþrá og í sumarlok ætlum við að leggja land undir fót fyrir sumarlaunin,“ segir Gríma sem frá unga aldri hefur fylgst með fegurðarsamkeppnum til gamans.

„En ég bjóst aldrei við að standa á sviðinu sjálf, enda ekki fyrr meðtekið skilaboð um að vera nógu sæt til að keppa í slíkum sætleika,“ segir Gríma og skellir upp úr, enda slétt sama um álit annarra. „Fatastíllinn fer eftir veðri og skapi. Ég spái lítið í hvað öðrum finnst en fer í það sem mér finnst flott hverju sinni.“

*thordis@frettabladid.is*


Gleðilegt sumar!

SAGA, ÞÓR OG VALHÖLL
Heilsudýnur á frábæru verði.
Queen rúm með botni frá kr. 99.900

STILLANLEG RÚM





2x90 cm – Verð frá 349.900

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Queen rúm með botni kr. 179.900

Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

# ;TÍSKA



**LOUIS VUITTON** hefur opnað nýja glæsiverslun á New Bond Street í London. Marc Jacobs, listrænn stjórnandi tískumerkisins, var sjálfur við opnunina.


NÝTT • GLÆSILEGT • YNDISLEGT



teg. KELLY - glæsilegur úr mjúku satíni í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

fridaskart.is

„Fjölin hennar ömmu“



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR & GULLSMIÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði

visir.is
„...ég sá það á vísi“

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






Kim Cattrall var stórglæsileg í síðum gullnum kjól frá Naeem Khan.

Glæsikvendið Sarah Jessica Parker vakti verðskuldaða athygli í skærgulum kjól frá Valentino og skóm frá Salvatore Ferragamo.

# Þokkafullar á dreglinum

**Kvikmyndin Sex and the City 2 var frumsýnd í New York í vikunni. Fjórmenningarnir sem leika þær Samönthu, Carrie, Miröndu og Charlotte mættu prúðbúnar eins og við var að búast. Í raun varð rauði dregillinn að nokkurs konar tískupalli enda leikkonurnar þekktar fyrir sinn ómótstæðilega stíl.**

Kristin Davis var í neonbleikum kjól frá Jean Desses.

Cynthia Nixon var í svörtum hlýralausum silkikjól frá Carolina Herrera.


Fyrir veisluna



Skokkar og kjólar

Ný sending – ótrúlegt úrval
St. 36–50

Netabolir í mörgun litum

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS




Ingvar og Susanne mynda hönnunartvíeykið Ostwald Helgason.

## Fjallar um rekstur hönnunarfyrirtækis

INGVAR HELGASON FATAHÖNNUÐUR HELDUR FYRIRLESTUR KL. 12 Í DAG Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚSI.

Ingvar mun fjalla um stofnun, rekstur og framtíðarsýn hönnunarfyrirtækis á alþjóðlegum markaði en þar talar hann af reynslu því hann er annar hönnuður tvíeykisins Ostwald Helgason. Hinn helmingur þess er Susanne Ostwald. Saman hafa þau komist vel áfram og stjörnur á borð við söngkonuna Rihanne eru farnar að klæðast hönnun þeirra.

Ingvar er fæddur í Reykjavík en fluttist til Kaupmannahafnar þar sem hann lærði saum og sníðagerð. Hann kynntist Susanne þegar þau unnu bæði hjá hönnuðinum Marjan Pejoski. Fatnaður Ostwald Helgason er nú hluti af hinum alþjóðlega tískuheimi því hann er fáanlegur í London, París, New York, Hong Kong, Tókýó og KronKron í Reykjavík. Næst á dagskránni er tískuvikan í London. *- gun*


“Spennandi útilífsævintýri - fjör og hópefli”

Kassaklifur - GPS ratleikir - Bátasiglingar - Vatnaleikir - Frumbyggjastörf

Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára - skipt í hópa eftir aldri
Upplýsingar og skráning á netinu - www.ulfljotsvatn.is

INNRITUN ER HAFIN

Opið virka daga kl 10-16 - sími 550 9800 - sumarbudir@ulfljotsvatn.is



SUMARBÚÐIR SKÁTA
ÚLFLJÓTSVATNI



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Í sumar, bikiní eða þríkiní á ströndina

Þótt undarlegt megi virðast á tímum skynsemi og vandlega hugsaðra innkaupa á fatnaði eru sundföt fyrir komandi sumar ótrúlega litrík og margbreytileg. Gæti verið að sundbolum og bikiníum sé ætlað að bæta fyrir hugleysi hönnuða sem að miklu leyti hanna markaðsvingjarnlega vöru til að lifa af á erfiðum tímum.

Í nokkur sumur hefur sundbolurinn verið að ryðja sér til rúms og sífellt minna um bikiní á ströndinni nema hjá þeim sem notuðu bara neðri partinn. En hver sagði að tískan gengi í hringi? Og nú er það bikiníið sem gildir að nýju. Ekki þó alltaf með bandinu hnýttu aftur fyrir hálsinn heldur oft á tíðum með breiðum borða yfir brjóstin sem kemur í veg fyrir far á öxlunum sem hér í Frakklandi er kallað bóndabrúnka og vísar í þá sem vinna úti og eru með sólbrúnkufar á hálsi eða handleggjum og þykir ekkert voðalega „chic“ í París.

Í sumar er helsta nýjungin það sem á íslensku mætti kalla þríkiní. Ólíkt bikiníinu, sem er í tveimur hlutum, er þríkiníið ekki í þremur hlutum. Nafnið kemur til af því að efri og neðripartur-inn eru tengdir saman til dæmis með fléttaðri snúru.

Fastir liðir eins og venjulega á vorin er sundfataherferð H&M sem að þessu sinni er ekki tengd neinni stórstjörnu en það er vissulega áhugavert að geta keypt ný baðföt fyrir fríið á ströndinni á hverju ári án þess að leggja í það stórar upphæðir. Hitt er svo annað mál að það sem framleitt er í Indlandi, Kína eða í Austur-Evrópu og skýrir lágt verð verslanakeðjanna gæti allt eins verið framleitt af fimm ára börnum á nóttunni með eina krónu á tímann í laun, hvað vitum við?

Litríkt skal það vera í sumar hvort sem um er að ræða fræg munstur ítalska tískuhússins Emelio Pucci sem á nýafstaðinni Cannes-hátíð klæddi Evu Longoriu eða bara eitthvað frá Cos (dýrari lína H&M). Fyrir þær sem halda sig við sundbolinn á hann þó ekki að vera heill heldur með beru á milli líkt og úr ræmum af efni (Pucci eða Michael Kors). Einnig er tilvalið að poppa sundbolinn upp með netkjól frá Y-3 (Yojhi Yamamoto) sem er fínn á barinn þegar degi hallar. Munið svo að nota náttúrulega sólarvörn (Bio) því sú sem flestir nota kemur í veg fyrir að geislar sólar fari í gegn, jafnvel í sjónum eftir að hún hefur skolast af húðinni og því er sólarvörnin að drepa sjávarlíf við strendur sólarsumarleyfisstaðanna.

Punkturinn yfir i-ið eru svo risasólgleraugu því stærri því betri. Ekki gott að kaupa þau ódýrustu fyrir þá bláeygðustu sem hafa viðkvæm augu. Annars er auðvitað til lausn á baðfatatískunni. Hægt er að fara á nektarströnd og þá þarf hvorki að hugsa um útgjöld eða tísku.

*bergb75@free.fr*

# Deacon til Ungaro

**Breski hönnuðurinn Giles Deacon tekur við sem listrænn stjórnandi franska tískuvörumerkisins Emanuel Ungaro.**

Giles Deacon, sem er fertugur, nam við Central Saint Martinsskólann. Hann stofnaði sitt eigið merki árið 2004 en þá hafði hann starfað hjá frægum tískuhúsum á borð við Gucci og Bottega Veneta í Mílanó.

Hann var útnefndur besti nýi hönnuðurinn árið 2004 þegar hann kynnti fyrstu tískulínu sína á tískuvikunni í London og var valinn Hönnuður ársins 2006. Í fyrra hlaut hann hin virtu frönsku verðlaun, ANDAM Grand Prix.

Það hafði legið í loftinu í nokkurn tíma að Ungaro sæktist eftir hönnuðinum en tilkynnt var um ráðninguna í vikunni. Deacon mun kynna fyrstu vor- og sumarlínu sína fyrir merkið í París í október.



Giles Deacon er hér með söngkonunni Lily Allen.


Veldu gæði og gott verð - Njóttu sumarsins




Útsölustaðir: Apótekin, Fjarðarkaup, verslanir








ALLT HELGIN

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447










Nemendur í fataiðn unnu fatnað í samráði við viðskiptavini.



Námi í fataiðn lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

# Kjólar, skart og skraut

**Útskriftarsýning nemenda Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans stendur nú yfir á Reykjavíkurtorgi Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu.**

Á sýningunni gefur að líta verkefni í faggreinum kjólasaums og klæðskurðar, gull- og silfursmíði og verkefni úr samstarfi Tækniskólans við Myndlistaskólann í Reykjavík, Mótun - leir og tengd efni. Í Hönnunar- og handverksskólanum er áhersla lögð á efni, tækni og vandað handverk og fagmennsku og sýna nemendur afrakstur tveggja til fjögurra ára náms.

Sýningin stendur til 6. júní og er opin mánudaga til fimmtudaga milli klukkan 10 og 19, föstudaga milli klukkan 11 og 19 og laugardaga og sunnudaga milli klukkan 13 og 17.



Mylla við upphlut er bæði fíngerð og falleg smíð.



Marga fallega skartgripi er að sjá á sýningunni skreytta steinum.



Við nám í gull- og silfursmíði öðlast nemendur þá færni og þekkingu sem nauðsynleg er til starfa í iðninni og lýkur náminu með sveinsprófi.















# Tjöld og útilega

**Sérblað • fimmtudagur 27. maí**









FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur

Viltu starfa í frábærri atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Kynntu þér spennandi nám sem býður
upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

Umsóknarfrestur til 31. maí

www.mk.is

Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM

















Arnór Bjarki Arnarson, skáti og útivistarjaxl, sefur úti undir berum himni hvenær sem tækifæri gefst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vaknaði við spark

**Tími útileganna er runninn upp og tjöldin grafin upp úr geymslum. Þau eru þó óþörf ef marka má Arnór Bjarka Arnarson.**

„Ég reyni að sofa úti eins mikið og ég get. Ef ég fer með fjölskyldunni eða vinum í útilegur þá sef ég yfirleitt fyrir utan tjaldið,“ segir Arnór Bjarki, skáti til níu ára. Hann segir hressandi að sofa úti í fríska loftinu og gott að komast í snertingu við náttúruna.

Arnór segir það kannski tengjast þörf fyrir að sýnast karlmannlegur að sofa úti en hann og félagar hans metast gjarnan um það hversu mörgum nóttum þeir ná undir berum himni á sumri. Hann viðurkennir þó að stundum sé kalt í pokanum.

„Jú, jú, mér hefur oft orðið skítkalt en maður finnur minnst fyrir kuldanum þegar maður er sofandi. Ég sef í ullarsokkum og nota góðan svefnpoka. Það er ekki verra að vera í ullarnærfötum en þegar veðrið er gott er það ekki nauðsynlegt. Einhvers staðar segir að það sé gott fyrir ónæmiskerfið að herja á það með smá kulda af og til.“

Arnór ráðleggur þeim, sem langar að sofa úti undir berum himni, að smeygja poka úr vatnsheldu efni sem andar utan um svefnpokann ef það skyldi rigna. Alltaf skuli klæða sig eftir veðri og í fyrstu ferð sé óvitlaust að hafa tjaldið með til vonar og vara. Arnór hefur sofið úti víða um land en einnig á ferðalögum erlendis. Á einu ferðalagi um Þýskaland svaf hann allar nætur undir berum himni.

„Ég var á ferð með nokkrum félögum. Við vildum ferðast með sem allra minnstan farangur og vorum ekki með tjald. Eina nóttina ákváðum við að gista í skógi í Rínarlöndum og dreifðum bara teppum á jörðina og lögðumst til svefns. Um morguninn vakna ég við það að verið er að sparka í mig og þá er það landvörðurinn sem átti þessa landspildu. Hann hélt að ég væri róni sem hefði sofnað þarna,“ segir Arnór hlæjandi og bætir við að það sé algengt að hann sé tekinn í misgripum fyrir útigangsmann þar sem hann liggur steinsofandi á víðavangi.

„Landvörðurinn leyfði okkur síðan að gista áfram á svæðinu en í skóginum átti að vera skátamót seinna í vikunni svo við ákváðum að vera með á því og gista bara áfram undir berum himni. Við reistum okkur reyndar smá skýli, sem var ekki með þaki heldur bara veggir og á tveimur hæðum en við gistum á efri hæðinni. Þannig sváfum við í Þýskalandi í tvær vikur og fórum aldrei inn.“ *- rat*



● **ÚTILEGUKORTIÐ** Mörg stéttarfélög munu hafa útilegukortið til sölu í sumar til sinna umbjóðenda, á lægra verði en almennt er við lýði. Það fyrirkomulag gerði vart við sig á síðasta ári en á þessu vori hefur þeim verkalýðsfélögum fjölgað stórlega sem bjóða upp á þennan kost. Fullt verð á kortinu er 13.900 krónur og misjafnt er hversu mikið stéttarfélögin niðurgreiða það til félagsmanna sinna. Kortið veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu í fjórar nætur samfleytt á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins sem eru dreifðir um landið.

LEIÐSÖGU SKÓLINN
ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN - NÁM Á HÁSKÓLASTIGI
Draumastarfið í draumalandinu?
LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

Einstaklega gefandi og skemmtileg starfsgrein sem er að sama skapi krefjandi og áhugaverð.
Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.
Umsóknarfrestur til 31. maí
INNRITUN STENDUR YFIR!
www.mk.is
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

12

Ísland er afar alkóhólískt samfélag



05 Allir álfarnir frá upphafi



06 SÁÁ bjargaði lífi mínu



BLAÐ SAMTAKA ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN · 1. TÖLUBLAÐ · MAÍ 2010

# SÁÁ BLAÐIÐ

## KRISTMUNDUR AXEL:

# PABBI VERTU EDRÚ




MYND: HARI@SKUGGAVERK.COM





Álfasala SÁÁ
fyrir unga fólkið 26-30. maí

Álfurinn fyrir unga fólkið

## í blaðinu...




**RÍTALÍNFARALDUR Á ÍSLANDI**
Framboð af amfetamíni, kókaíni og E-pillum dregst saman í kreppunni en rítalínneyslan eykst hratt og veldur því að í raun fjölgar amfetamínfíklum á Íslandi.




**JENNÝ ANNA BALDURSDÓTTIR**
Ofurbloggarinn Jenný Anna Baldursdóttir byrjaði að blogga til að halda sér edrú. Hún settist niður með Mikael Torfasyni og ræddi pólitíkina og pillufíknina.




**LÝÐVELDISBÖRNIN Á VOGI**
Kynslóðin sem fæddist á árunum 1940-1950 jók áfengisneyslu landsmanna um heilan lítir af hreinum vínanda á mann fyrir tvítugt.

## LEIÐARI



**ÞJÓNUSTUSKERÐING MUN AÐ SJÁLFSÖGÐU BITNA VERST Á ÞEIM SEM MINNST MEGA SÍN:**

# VEIKUSTU ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAFÍKLARNIR Í AUKINNI HÆTTU

**ÞÓRARINN TYRFINGSSON SKRIFAR**

Þó að fyrstu áhrif hrunsins og kreppunnar virðist ætla að verða þær að úr vímuefnavandanum dregur má ekki líta fram hjá því að þjónustan við þá sem eru veikastir hefur minnkað hjá SÁÁ og fyrirhugað er að minnka hana enn frekar. Endurkomufólkið hefur það greinileg verra en áður ef litið er í sjúklingabókhaldið á Vogi og verður það fólk að sækja sér þjónustu í vaxandi mæli annað, einkum á bráðmóttökur sjúkrahúsanna.

Mikilvægt er við þær aðstæður að afla upplýsinga sem segja okkur hvort þessi breyting sé að stofna heilsu skjólstæðinga okkar í voða og minnka lífslíkur þeirra. Þarna er mikilvægt að skoða ótímabær dauðsföll, fjölda hættulegra fylgikvilla og fylgjast með biðlistum.

Góður mælikvarði á  hvert stefnir í þessum málum eru ótómabær dauðsföll hjá áfengis- og vímuefnafíklum sem hafa verið á Vogi. Auðvitað deyja fleiri úr áfengis- og vímuefnafíkna ótímabært en þeir sem í gagnagrunninn eru skráir. Þessi skráning tekur þó til svo margra að hún segir okkur ákveðið og marktækt hvert stefnir.

Áfengis og vímuefnafíkn er alvarlegur sjúkdómur og það verður öllum ljóst þegar þeir skoða ótímabær dauðsföll hjá fíklum sem hafa verið á Vogi. Á undanförnum 10 árum hafa á milli 40 og 50 einstaklingar dáið ótímabært, eða fyrir 55 ára aldurinn, sem skráðir eru í gagnagrunninn. Þrjú ár hefur þessi tala farið yfir 50, árið 2000, 2005 og 2007. Við vitum ekki nánar úr hverju þetta fólk deyr en getum séð af öðru að háa talan fyrir 2000 og 2005 svarar til ungra vímuefnafíkla sem tóku of stóran skammt af morfíni. Talan fyrir árið 2009 er ásættanleg miðað við árin á undan þó að hlutfall þeirra sem eru 20-30 ára þegar þeir deyja sé nokkuð hátt.

Hafa verður í huga að  þjónustuskerðing er ekki komin til framkvæmda sem nokkru nemur árið  2009 og að á árinu 2010 hafa verið boðaðar minni fjárveitingar til bráðamóttöku sjúkrahúsanna, sjúkraflutninga, löggæslunnar og sjúkrahússins Vogs. Þessi þjónustuskerðing bitnar vissulega á veikum vímuefnafíklum sem þurfa hvað mest á þessari þjónustu að halda. Það vekur því ugg, þótt allt of snemmt sé að segja hvernig árið 2010 mun endanlega koma út, að tölur um dauðsföll úr gagnagrunni Vogs fyrir fyrstu 4 mánuði ársins 2010 eru hærri en á vondu árunum eftir 2000.

**ÁFENGIS OG VÍMUEFNAFÍKNA ER ALVARLEGUR SJÚKDÓMUR OG ÞAÐ VERÐUR ÖLLUM LJÓST ÞEGAR ÞEIR SKOÐA ÓTÍMABÆR DAUÐSFÖLL HJÁ FÍKLUM SEM HAFA VERIÐ Á VOGI.**




**YFIR 40 DEYJA Á ÁRI** **Af þeim sem eru undir 55 ára, og hafa farið á Vog, deyja yfir 40 á ári. Og þeim fer ekki fækkandi.**

Í desember síðastliðnum afhentu aðstandendur **SÁÁ** þingmönnum yfir 20 þúsund undirskriftir frá Íslendingum sem skoruðu á stjórnvöld að endurskoða niðurskurð  á framlögum heilbrigðisráðuneytisins. Enn eru blikur á lofti og horfur slæmar fyrir þetta ár.



**PÁLL ÓSKAR SKEMMTI** **Páll Óskar steig að sjálfsögðu  á stokk og tók lagið.**



**DIDDÚ  OG PÁLL ÓSKAR** **Systkinin Sigrún og Palli létu sig ekki vanta á Austurvöll en stemmningin var hlýleg á aðventunni.**

# Borgum 150 milljónir með sjúkrahúsrekstrinum

„Samkvæmt okkar áælunum lítur út fyrir að SÁÁ muni þurfa að borga 150 milljónir með sjúkahúsrekstrinum á þessu ári," útskýrir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi.

Í fyrra þurfti SÁÁ að greiða 75-80 milljónir með sjúkrarekstrinum en þá lá fyrir að framlög heilbrigðisráðuneytis myndu skerðast ennfremur árið 2010. Því hóf SÁÁ fólk baráttu gegn niðurskurðinum og söfnuðu félagar okkar yfir 20 þúsund undirskriftum og afhentu þingmönnum. Þeir tóku við undirskriftunum á Austurvelli 15. desember en létu það hafa lítil áhrif á sig.

„Það má búast við frekari skerðingu af hálfu ríkisins á næstu árum," segir Þórarinn en hann býst við að þurfa að spara 70-80 milljónir á þessu ári. „Slíkur sparnaður næst ekki nema með því að minnka þjónustuna og gera eðlisbreytingar á meðferðinni."



**ÞINGMENNIRNIR OKKAR** **SÁÁ fólk hefði hæglega getað  safnað fleiri undirskriftum en það virtist ekki hafa mikil áhrif á þingmennina.**



**MÚGUR OG MARGMENNI** **Það var góð mæting þegar SÁÁ fólk afhenti þingmönnum yfir 20 þúsund undirskriftir.**

SÁÁ BLAÐIÐ

**ÚTGEFANDI:**
SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann
Efstaleiti 7, 103 Reykjavík.
Sími: 530 7600

**ÁBYRGÐARMAÐUR:**
Þórarinn Tyrfingsson.

**RITSTJÓRI:**
Mikael Torfason.

**UMBROT OG HÖNNUN:**
Janus Sigurjónsson.

**LJÓSMYNDARAR:**
Gunnar Gunnarsson og Hari.

**PRENTUN OG DREIFING:**
Ísafoldarprentsmiðja.

**SIGURÐUR GUNNSTEINSSON**, áfengis- og vímuefnaráðgjafi á sjúkrahúsinu Vogi, hefur starfað með alkóhólistum síðan í desember 1978. Hann settist niður og velti fyrir sér hvað bati frá áfengis- og vímuefnafíkn sé í raun og veru.

# Bati frá **áfengis- og vímuefnafíkn**

## BATI

Á þeim rúmu þrjátíu árum sem ég hef starfað með alkóhólistum á Íslandi hafa batahorfur breyst frá því að vera mjög litlar yfir í að vera mjög miklar. Það er samt ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að enn deyja um 40-50 manns á ári vegna alkóhólisma.

Oft tölum við sem störfum við þetta um góðan bata en hvað er góður bati? Hvað þýðir það þegar þessi eða hinn er í góðum bata frá alkóhólisma? Í hverju er batinn fólginn? Fjölskylda alkóhólistans sjálfs veit að ef alkóhólistinn er ekki að drekka þá er allt í lagi, en það ekki endilega góð skilgreining á bata.

Þegar sjúkdómur er annars vegar, hvaða sjúkdómur sem er, þá skiptir máli að sem flestir sem að málinu koma viti hvað sé góður bati frá sjúkdóminum.

### Sjúklingurinn í afneitun

Skilgreining á bata frá alkóhólisma snertir ekki eingöngu alkóhólistann sjálfan heldur alla sem að málinu koma, hvort sem það er fjölskyldan eða fagfólk úti í samfélaginu. Það er mjög mikilvægt að sem flestir séu sammála um hvað sé bati frá áfengis- og vímuefnafíkn. Þegar fólk er inni á sjúkrahúsinu Vogi eða í eftirmeðferð á stofnunum SÁÁ þá reynum við sem hér vinnum að útskýra fyrir fólki hvað bati frá sjúkdóminum sé í raun og veru.

**ALKÓHÓLISMI**

**„Oft gleymist það að alkóhólismi er sjúkdómur þar sem sjúklingur hefur tilhneigingu til að neita því að hann sé veikur.“**



En þá erum við fyrst og fremst að tala um upphaf batans, eða bataferilsins. Sjúklingurinn er tiltölulega stutt hjá okkur, allavega hvað bataferlið varðar. Hér er alkóhólistinn kannski bara rétt fyrstu vikurnar eða mánuðina.

Þetta er upphafið að batanum, edrúmenskan sjálf. Viðkomandi hefur leitað sér aðstoðar og fengið hjálp til að koma sér út úr vímuefnaneyslunni. Það gerir fólki bara kleift að byrja bataferlið. Oft gleymist það að alkóhólismi er sjúkdómur þar sem sjúklingur hefur tilhneigingu til að neita því að hann sé veikur. Ef þú ert með annan sjúkdóm þá eru flestir fljótir til að hlaupa til og biðja um hjálp. En þegar áfengis- og vímuefnafíkn gegnir það öðru máli.

### Skilningur okkar á bata

Bati er sjálfvalin og viðvarandi lífsstíll sem einkennist af því að vera algáður, heilbrigður og ábyrgur þjóðfélagsþegn. Hér erum við að tala um bata frá því að vera háður áfengi eða öðrum vímuefnum. En hvað er bati umfram að vera ekki í neyslu? Hvað þýðir það í raun og veru að vera í bata?

Skilyrði númer eitt er auðvitað að stöðva alla neyslu á öllum vímuefnum, punktur. Það eru engin frávik. Ef þú ert með þennan heilasjúkdóm, alkóhólisma, þá ertu ekki að taka inn efnihleypa inn í þig efnum sem hafa þau áhrif að þú getir velt þessu líferni þínu úr sessi. Þessi skilningur þarf að ná festu úti í samfélaginu. Okkar fólk sem að fær meðferð og upplýsingar gerir sér grein fyrir þessu, með einhverjum undantekningum þó, en það er ekki þessi skilningur hjá öllum sem að málinu koma. Við sjáum



SIGURÐUR GUNNSTEINSSON
SKRIFAR

það því miður gerast að alkóhólisti fer kannski til læknis út af svefntruflunum eða kvíða vegna einhvers ástands og þá er oft ávísað lyfjum sem manneskjan þolir ekki. Margir hafa farið þá leiðina aftur inn í harða neyslu. Og þetta er kannski gert með góðum ásetningi. Læknirinn ætlar kannski bara að hjálpa og treystir viðkomandi, segir alkóhólistanum að hann eigi bara að taka eina töflu fyrir svefninn, en það fer oft öðruvísi þegar alkóhólisti er annars vegar. Neyslumunstrið hans er þannig að tvær gera meira en ein, fjórar meira en tvær og svo rúllar það upp á sig.

### Fimm ára ferli

Síðan er það tíminn. Hvað erum við að tala um í tíma þegar við tölum um bataþróun? Við tölum alltaf um bata sem þróunarferil, sem við gerum líka þegar vímuefnafíknin er annars vegar. Meðferðin er bara fyrsta skrefið í langri þróun. Alkóhólistanum er ekkert batnað eftir 40 daga meðferð. Hann hefur eftirvill aðeins náð einhverju lágmarks jafnvægi og varla það stundum. Alkóhólistinn þarf mikinn stuðning í upphafi ferilsins og bataferlið tekur langan tíma. Maður talar jafnvel um þetta í misserum eða árum eða áraröðum.

Upphafið að algáðu líferni hefur verið skilgreint sem tímabil sem nemur frá einum mánuði til eins árs. Að það sé upphafstímabil batans. Og í því ferli eru verkefni sem viðkomandi þarf að vinna að ef vel á að vera. Svo kemur viðvarandi algáð líferni eftir þann tíma. Sem spannar þá frá einu til tveimur árum upp í fimm ár. Þá er vinnan að læra að lifa einhverju stöðugu líferni. Og síðan kemur kannski það sem hægt er að kalla traust algáð líf. Við erum því í raun að tala um fimm ára ferli.

Ef við berum þetta saman við sjúkdóminn sjálfan og hvernig hann getur leikið fólk þá er þetta ekkert fjarri lagi. Menn eru lengi að jafna sig, bæði líkamlega, sálarlega, félagslega, andlega og svo framvegis. Það eru afleiðingar og viðgerðir sem þurfa að fara fram á svo mörgum sviðum.

### Gera meira en bara hætta

Alkóhólismi er krónískur sjúkdómur sem getur tekið sig upp aftur. Það skiptir engu máli hvort þú ert búinn að vera í bata í eitt eða tvö eða tíu eða tuttugu ár. Ef alkóhólisti fer að fúska við batann sinn eftir að hafa lifað mjög traustu og algáðu líferni lengi er voðinn vís.

Það er mikilvægt að í batanum felist það að viðkomandi teygi sig eftir auknum lífsgæðum. Að alkóhólistinn stuðli að eigin heilbrigði og auki á gæði síns persónulega lífs. Hér horfum við til líkamlegrar og andlegrar heilsu. Það eru auðvitað til ýmsir staðlar yfir það hvað er gott heilbrigt líf og við leggjum áherslu á að fólk geri meira en bara setja tappann í flöskuna. Reglusemi og heilbrigði er hér lykilatriði. Hvort sem það er varðandi mataræði eða hreyfingu. Okkar fólk þarf að kunna að takast á við streitu og kvíða án þess að taka inn lyf. Algáð líferni er fullt og við höfum séð rosalegan árangur af því þegar okkar fólk tekur sig í gegn eftir að hafa orðið algáð. Það fer að endurmeta sín lífsgæði, hættir að reykja og svo framvegis.

Vöxturinn batasamfélagsins á Íslandi hefur haldist í hendur við árangurinn sem við höfum náð í meðferðinni hér á sjúkrahúsinu Vogi og eftirmeðferðarstofnunum SÁÁ. Fyrir þrjátíu árum voru bara þrjár eða fjórar AA-deildir á Íslandi en nú eru þær um tvö hundruð. Varanlegur bati frá áfengis- og vímuefnafíkn og regluleg fundasókn í þessu samfélagi helst í hendur.



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég kaupi álfinn vegna þess að ég eins og flestir íslendingar á aðstandendur sem hafa þurft á aðstoð SÁÁ að halda í gegnum tíðina. Það er sérstaklega mikilvægt að styrkja SÁÁ núna þegar kreppir að því að aukning á vandamálum sem tengjast fíknum er alþekkt kreppueinkenni. Því miður hefur niðurskurðurinn bitnað á SÁÁ eins og fleiri heilbrigðisstofnunum. Ég geri því ráð fyrir að kaupa fleiri en einn álf í næsta átaki.

**Birgitta Jónsdóttir**
**alþingiskona**



Ég kaupi álfinn til að styrkja hið góða starf SÁÁ sem hefur hjálpað feykimörgum að takast á við erfiðan sjúkdóm og byggja líf sitt á nýjum grunni.

**Katrín Jakobsdóttir**
**menntamálaráðherra**



Ég hef sjálf notið þjónustu SÁÁ og lít á það sem forréttindi að hafa fengið að kynnast því sem fram fer á meðferðarstofnunum SÁÁ. Þar lærði ég meira um sjálfa mig á skömmum tíma en alla mína ævidaga. Ég væri ekki sú sem ég er ef ekki væri fyrir það lán mitt. Auk þess er alkóhólismi sjúkómur sem herjað hefur mjög á fjölskyldu mína, annað foreldri, systkini, maka og börn. Ég hef oft hugsað til þess hvort faðir minn hefði fengið að lifa lengur ef SÁÁ hefði verið til fyrir lát hans 1974. Niðurstaðan er að sú hefði verið raunin.

**Bergljót Davíðsdóttir**
**blaðamaður**



Álfurinn er árviss kaup hjá mér, - smá styrkur og virðingarvottur fyrir hið mikilvæga starf sem unnið er á vegum SÁÁ. Það frumkvöðulsstarf sem unnið er á vegum samtakanna er ómetanlegt og hefur verið horft til þess víða að úr heiminum. Það er stór þáttur í velferðarkerfi okkar, - sem hefur komið mörgum sem leiðst hafa af leið aftur á réttan kjöl. Megi það blómstra hér eftir sem hingað til.

**Ásta R. Jóhannesdóttir**
**forseti Alþingis**

# Sé ég þig en ekki mig?

## HAMINGJA

Þegar menn og konur hafa eitthvað mikilvægt að sýsla við snýst það um staðreyndir. Í einkalífi okkar er þó mest fengist við hugmyndir og hughrif.

Í hinum svokölluðu mikilvægu hagnýtu viðfangsefnum okkar reynum við að hafa skýr markmið, eitthvað sem við stefnum að. Við stundum viðskipti til að hagnast, hlaupum til að vinna. Hvert skref á að færa okkur nær takmarkinu.

En að hverju stefnum við í einkalífi okkar?

Að vera hamingjusöm?

Hamingja, lífsfylling, friður og kærleikur geta tæpast verið eitthvað praktískt sem við stefnum að, heldur aðeins eitthvað sem við upplifum og skynjum. Sá sem



stefnir að hamingju er ekki hamingjusamur.

Hamingja sem markmið í lífinu gæti verið sjálfsblekking – orð sem við notum til að fela þá staðreynd að hin mörgu markmið okkar stefna hvert í sína átt og eru oft ósamrýmanleg.

Að strita til að verða hamingjusamur er óskhyggja.

Margir stefna að því að vera elskulegir félagar og lífsförunautar og safna miklu fé. Er hægt að gera hvoru tveggja?

Getur elskulegur lífsförunautur helgað tíma sínum í söfnun eigna og fjármuna?

Getur peningasafnarinn verið heima á matartímum og átt notalegar stundir með fjölskyldu um helgar. Eru þetta markmið sem stefna hvort í sína átt? Til að ná fram einu þarf þá að vanrækja hitt?

Og ef við sinnum hvoru tveggja jafnt vanrækjum við þá bæði og náum engu fram nema nagandi frústrasjón?

Til þess að við getum lifað við hamingjuskort og ánægjuleysi verðum við að stunda sjálfsblekkingu. Staðreyndir eru ónothæfar til slíkra blekkinga svo við verðum að leita í hugmyndir og hálfsannleika til að réttlæta fyrir sjálfum okkar og öðrum að markmið okkar rekast á.

Það er erfitt að sjá sjálfan sig í þessari stöðu þó manni finnist þetta passa vel við aðra.

*Þýtt og sett saman af netinu*

**AÐ STRITA TIL AÐ VERÐA HAMINGJUSAMUR ER ÓSKHYGGJA**



ARNÞÓR JÓNSSON
SKRIFAR

**RITALÍN** er að verða faraldur á Íslandi. Taka verður ávísun lækna á lyfið til gagngerar endurskoðunar. Framboð af amfetamíni, kókaíni og E-pillum dregst saman í kreppunni en ritalínneyslan eykst hratt og veldur því að í raun fjölgar amfetamínfíklum á Íslandi á meðan kókaín- og E-pillufíklum fækkar.




# Ritalín er eitt eftirsóttasta vímuefnið

„Það verður ekki um villst að ávísun lækna á lyfið methylfenydat, eða ritalín, verður að endurskoða," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á sjúkrahúsinu Vogi, en tölulega upplýsingar frá sjúkrahúsinu og könnun á örvandi vímuefnaneyslu sjúklinga sem leita sér meðferðar á þessu ári sýna svo ekki verður um villst að ritalín er eitt eftirsóttasta vímuefnið á ólöglega vímuefnamarkaðinum.

Í kjölfar hrunsins, og kreppunnar, hefur framboð af af amfetamíni, kókaíni og E-pillum dregist saman. Þetta sért glöggt á tölum frá Vogi árið 2009. Ritalínneyslan vex hinsvegar hratt og vinnur upp þá minnkun sem varð á ólöglega amfetamíninu svo að í raun fjölgar amfetamínfíklum hlutfallslega á meðan kókaínfíklum og E-pillufíklum fækkar skart.

### Amfetamínfaraldur á Íslandi

Faraldur ólöglegrar amfetamínneyslu að sænskri fyrirmynd hófst á Íslandi árið 1983. Faraldurinn einkenndist af því að neytendurnir notuðu stóra sakamta af efninu og voru þekktir kannabisneytendur fyrir. Gamlir fíklar með nýtt efni. Þeir sugu efnið í nef og um 60% þeirra sprautuðu efninu í æð. Neytendurnir voru ungir og leiddust margir þeirra fljótt út í afbrot. Eitthvað dró úr faraldrinum frá 1987 til 1992. Á árunum 1995 til 2000 vex faraldurinn gríðarlega og nýju neytendurnir eru mjög ungir og eru að leita sér meðferðar í fyrsta sinn. Nýir fíklar með nýtt efni. Inn í amfetamínfaraldurinn komu svo kókaín og E-pillur og æ algengara var að sjúklingarnir sem komu til meðferðar voru að fara úr einu örvandi efninu í annað eftir efnum og aðstæðum.

Einmitt á þessum árum 1995 til 2000 er létt hömlun á ávísun lækna á amfetamín og skyldra efna. Sölutölur rjúka þá upp og við setjum enn eitt heimsmetið. Um og eftir 2000 verður það æ algengara að sjúklingar leita á Vog sem fyrst og fremst eru háðir ritalíni og sprauta því í æð. Sjúklingarnir sögðu fíkn sína í þetta efni jafnvel sterkari en í flest önnur vímuefni. Þetta var auðvitað óásættanlegt en ástand hélst nokkuð óbreytt næstu árin hvað ritalínið varðaði meðan kókaínneysla sótti í sig veðrið.

### Nota tugir taflna daglega

„Við höfum verið að skoða þessar breytingar og lögðum í viðamikla upplýsingasöfnun um örvandi vímuefnaneyslu á Vogi," útskýrir Þórarinn en nú liggja fyrir fyrstu upplýsingarnar um 600 einstaklinga sem komið hafa á Vog þetta árið. Í ljós kemur að 429 hafa notað örvandi vímuefni og 109 hafa sprautað efnunum í æð. Af þeim 109 sem sprauta hafa örvandi vímuefnum í æð segjast 64, eða um 60%, að ritalín sé það efni sem þeir noti mest eða næstmest. Þeir segjast sprauta sig 10-20 sinnum á dag og nota tugir taflna daglega. 103 af 109 sprautufíklum eru að nota ritalín eitt og sér eða með örðum örvandi vímuefnum. „Þessar upplýsingar ber að taka alvarlega og þær kalla á viðbrögð," segir Þórarinn en fagfólkið á Vogi hefur miklar áhyggjur ef ávísanir lækna á ritalín verði ekki teknar til gagngerar endurskoðunar.

**HLUTFALL ÖRVANDI VÍMUEFNAFÍKLA AF SJÚKLINGAHÓP Á SJÚKRAHÚSINU VOGI 1991-2009**




**KÓKAÍN OG E-PILLUFÍKN MINNI** **En á heildina litið þá vegur aukningin á amfetamín- og ritalínfíkn upp minnkunina.**

> **103 AF 109 SPRAUTUFÍKLUM ERU AÐ NOTA RÍTALÍN EITT OG SÉR EÐA MEÐ ÖRÐUM ÖRVANDI VÍMUEFNUM**

**VERÐ Á ÓLÖGLEGUM VÍMUEFNUM**

| Dags | Hass | Gras | Amf. | Kók. | Epilla | LSD | Contalgen 60mg | Contalgen 100mg | Heróín | Rit | Sub | Fj. sj. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 29-okt-09 | 2.940 | 3.880 | 5.100 | 15.000 | 2.750 | | 2.250 | 3.500 | | 560 | | 47/21 |
| 30-nóv-09 | 3.210 | 4.200 | 5.800 | 15.600 | 2.500 | 2.000 | | 3.500 | | 620 | | 51/22 |
| 29-des-09 | 3.500 | 4.800 | 6.200 | 18.300 | 3.000 | 2.500 | | 3.500 | | 720 | | 47/23 |
| 28-jan-10 | 3.000 | 4.410 | 5.080 | 14.270 | 3.000 | 2.500 | | | | 500 | | 50/24 |
| 26-feb-10 | 2.900 | 3.710 | 5.470 | 12.420 | 4.000 | 2.000 | 3.500 | 4.000 | | 730 | | 52/21 |
| 26-mar-10 | 2.580 | 3.490 | 4.370 | 14.800 | 3.000 | 3.000 | 2.000 | 3.500 | | 870 | | 50/26 |
| 30-apr-10 | 2.810 | 3.710 | 4.680 | 13.800 | 2.880 | | 2.500 | 3.500 | | 800 | | 54/27 |

**Verðið lækkar**
Í desember í fyrra náði verðið á ólöglega vímuefnamarkaðinum ákveðnu hámarki en verðið hefur farið lækkandi síðan.

VERÐ Á ÓLÖGLEGUM VÍMUEFNUM Á ÍSLANDI:

## KANNABISEFNI OG AMFETAMÍN LÆKKA

**Kannabisefnin lækka**
Grammið af hassi hefur farið lækkandi og kostar nú um 2.800 krónur á meðan grammið af grasi er á 3.700.



Reglulega kannar starfsfólk á sjúkrahúsinu Vogi verð á ólöglegum vímuefnum. Um er að ræða svokallað „götuverð" og allir sjúklingar sem koma á Vog, og hafa heilsu til, taka þátt í könnuninni.

Í nýrri könnun, sem birt er á vef samtakanna, www.saa.is, kemur í ljós að kannabis og ólöglegt amfetamín lækka lítillega í verði. Á síðasta ári fór grammið af hassi hæst í 3500 krónur og grammið af grasi náði 4800 krónum í fyrra. Í dag er hassið komið niður í 2800 og grasið í 3700. Ólöglegt amfetamín náði í fyrra 6200 en er nú komið undir 5000 krónur. Kókaín hefur einnig lækkað í verði frá því í fyrra, fór hæst í 18000 en er nú komið undir 14.000.

Það sem vekur þó mesta athygli ef litið er til síðustu tólf mánaða er vaxandi notkun ritalíns. Hver tafla er seld á 500 til 1.000 krónur, eftir því hvernig ástandið er. Verðir er þó oftar nær þúsund krónum og ljóst að ávísun lyfsins virðist alveg komin úr böndunum.



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Það er einhver kátína og kanvísi yfir álfinum. Að minnsta kosti kemur hann mér í gott skap. Það er bæði gott að horfa á hann og þreifa á honum. Það er gott að hafa álfinn með í för. Einn þekki ég sem alltaf er með fimm álfa í för með sér. Samt trúir hann ekki á álfa. Ég kaupi alltaf álf, og stundum álfa, því álfurinn ber með sér birtu og von. Þeim peningum er vel varið, því starf SÁÁ er starf sem ber raunverulegan árangur. Líf ungmenna, sem ná að snúa blaðinu við, er mikils virði. Að vera uppbyggilegur maður í stað þess að hírast í myrkri fíknar, að lyfta grettistaki í stað þess að vera baggi á sjálfum sér og öðrum, það er árangur SÁÁ sem álfar eiga sinn þátt í að hrinda í framkvæmd. Fjölgaðu áflunum í lífi þínu! Sjáðu árangurinn, kraftaverkin sem gerast.

**Einar Már Guðmundsson**
**rithöfundur**



Ég kaupi alltaf nokkra álfa. Við þurfum sameiginlegt átak til þess að hjálpa þeim unglingum sem hafa ánetjast vímuefnum og þurfa á okkar hjálp að halda. Þeir eiga líka að minna okkur á að enn þurfum við að standa saman í forvarnarstarfi fyrir unga fólkið okkar. Næstu kynslóð sem vonandi verður það vel upplýst og skynsöm að hún sleppi því algjörlega að neyta vímuefna í hvaða formi sem þau eru.

**Valgerður Matthíasdóttir,**
**arkitekt og fjölmiðlakona**



SÁÁ tekst á við áfengis- og vímuefnavandann, sinnir forvörnum og byggir upp meðferðarúrræði. Það er ekki annað hægt en að styðja við bakið á slíkum samtökum. Þess vegna kaupi ég alltaf álfinn, þetta er skemmtilegur og sniðugur hnoðri sem lætur gott af sér leiða - svo er hann líka fyrirtaks kattaleikfang!

**Þórhildur Ólafsdóttir**
**fjölmiðlakona**



Til að standa með SÁÁ sem hefur staðið með nánast hverri einustu fjölskyldu í landinu á einhverjum tíma. Til að þakka þá samstöðu.

**Svandís Svavarsdóttir**
**umhverfisráðherra**

**ÓMAR VALDIMARSSON**, verkefnastjóri álfasölu SÁÁ, er ekki í vafa um dulmagnaðan kraft álfanna sem SÁÁ selur á hverju ári. Hann mælir með áheitum á álfinn og segir það skila árangri. Svo bendir hann á að FH-ingar hafi verið hvað duglegastir að selja álfinn síðustu ár og árangurinn hefur ekki látið á sér standa hvað Íslandsmeistaratitla í knattspyrnu varðar. Og þau hjá FH ætla að selja fleiri álfa í ár en síðustu ár.



**HILMAR OG ÁLFARNIR** Um helgina hefst álfasala SÁÁ en þetta er í 22. sinn sem SÁÁ selur álfinn. Hér er Hilmar (í miðið) ásamt félögum sínum Ómari Valdimarssyni (til vinstri) og Ágústi Jónatanssyni (til hægri).

MYND: GUNNAR GUNNARSSON

# Áheit á álfaparið




Að þessu sinni bjóðum við upp á álfapar,“ segir Ómar Valdimarsson, verkefnastjóri álfasölu SÁÁ, en yfirskrift álfasölunnar er: „Álfurinn – fyrir unga fólkið.“ Enda verður öllum hagnaði af sölunni verið til að efla unglingadeildina á Sjúkrahúsinu Vogi. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn.

„Við munum selja álfinn alla helgina og hvetjum sölufólk, einstaklinga og félagasamtök, að hafa samband við okkur í gegnum heimasíðu SÁÁ, www.saa.is eða í síma 530-7600.

**ÁLFAPARIÐ**
**„Karlar geta keypt sér álfkonu, konur álf – eða öfugt,“ segir Ómar Valdimarsson verkefnastjóri.**

### Álfurinn tákn um hið góða

„Það hefur komið í ljós að það skilar ótrúlegum árangri að heita á Álfinn,“ segir Ómar Valdimarsson og er ekki að grínast. „Álfurinn er tákn um að maður stendur með lífinu frekar en dauðanum og maður er til í að leggja sitt af mörkum til að gefa ungu fólki kost á að lifa mannsæmandi lífi.“ Það eru nú þegar yfir 20 þúsund manns í landinu sem hafa farið í gegnum meðferð hjá SÁÁ og þeir geta allir vitnað um þetta. Það sama gildir um fjölskyldur þeirra því enginn alkóhólisti er einn, jafnvel þótt þeir telji sjálfir að svo sé á meðan þeir eru í neyslu.

„Mín eigin meðferð um árið hafði þannig bein – og góð – áhrif á að minnsta kosti tuttugu manns,“ segir Ómar í baráttuhug.

**„NÝFERMDIR KRAKKAR ERU AÐ KOMA Í MEÐFERÐ OG SUM ANSI ILLA FARIN AF LANGVARANDI NEYSLU ÁFENGIS**

### FH sigursælt og söluhæst

Hin ýmsu félagasamtök og íþróttafélög hafa verið dugleg við að nota álfasölu SÁÁ til að styrkja starf unga fólksins. Þannig hefur íþróttafélagið FH verið söluhæst undanfarin ár. Ómar er ekki undrandi á að árangurinn skili sér alla leið upp í meistaraflokk þar sem FH-ingum hefur gengið einna best, sér í lagi í meistaraflokki karla í knattspyrnu.

„Og í ár leggjum við allt undir og bjóðum upp á álfapar. Karlar geta keypt sér álfkonu, konur álf – eða öfugt. Þetta er ekki mikill peningur – 1500 krónur fyrir stykkið eða 3000 krónur fyrir parið.“

Allur peningurinn fer, sem fyrr segir, í að efla unglingadeildina á Vogi og veitir ekki af. Það er alltaf að fjölga því unga fólki sem leitar til SÁÁ – og það hræðilega er að aldurinn er að færast neðar. Nýfermdir krakkar eru að koma í meðferð og sum ansi illa farin af langvarandi neyslu áfengis eða annarra vímuefna. Kreppan kemur illa niður á þessum krökkum og mikilvægt að Vogur skeri ekki niður þjónustu við unga fólkið.



**VOGUR** Allur peningurinn sem safnast fer í að efla unglingadeildina á Vogi og veitir ekki af. Það er alltaf að fjölga því unga fólki sem leitar til SÁÁ.

**HRINGJA Í 907-1500**
■ Á meðan sölu álfsins stendur gefst Íslendingum kost á að hringja í 907-1500 og þá dragast 1.500 krónur af símreikningi. Allt til styrktar unga fólkinu okkar!

**HILMAR KRISTENSSON** á alla álfana frá upphafi:

## 22 álfar með mér

„Jú, þeir eru 22 talsins, með mér,“ segir Hilmar Kristensson leigubílstjóri um 21 álf sem hann hefur safnað í gegnum árin en Hilmar er ein af aðalsprautunum í félagsstarfi SÁÁ og er nú að vinna að álfasölunni sem fer í gang um helgina.

„Ég hef alltaf keypt álfinn og mun kaupa parið núna í ár líka,“ segir Hilmar en á hverju ári breytist útlit álfsins sem SÁÁ selur til styrktar unga fólkinu okkar. „Svo fölna þeir með árunum og þeir eru bjartastir þessir nýjustu, svoldið eins og mannfólkið kannski.“



# SÁÁ bjargaði lífi mínu

MYND: HARI@SKUGGAVERK.COM

„Eftir að ég kom úr meðferð 2006 hafði ég allt í einu miklu meiri tíma en ég vissi hvað ég ætti að gera við," útskýrir Jenný Anna Baldursdóttir ofurbloggari um tilurð þess að hún fór að blogga. „Það var runnið af mér og vegna neyslunnar var ég orðinn sjúklingur, tímabundið. Ég hafði fengið sykursýki 1 og var búinn að missa mátt í fætinum og það var óvíst um hvort það kæmi aftur í hann kraftur. Svo ég sat eiginlega föst heima og hafði ekkert að gera."

*Og þetta byrjaði sem snúrublogg er það ekki?*

„Jú, ég var skelfingu lostin við að falla og þess vegna fór ég að blogga um hvernig var að vera edrú. Ég var nær dauða en lífi þegar ég komst undir manna hendur hjá SÁÁ og vildi lifa," svarar Jenný en hún fékk mikil og góð viðbrögð við snúrublogginu.

„Fólk var mjög hrifið af þessu bloggi. Ég fékk mikið af kommentum á bloggið og fullt af tölvupóstum frá fólki sem vantaði upplýsingar eða ráð. Ég benti þeim auðvitað bara á fagfólk í þessum efnum. SÁÁ bjargaði lífi mínu."

## Allt öðrum að kenna

Eftir því sem tíminn leið þróaðist bloggið hennar Jenný úr því að vera blogg um edrúmennsku yfir í að vera um allt milli himins og jarðar. Í hruninu varð Jenný svo einn af vinsælustu bloggurum landsins enda mikil eftirspurn eftir hispurslausum skoðunum. Nú er svo komið að Jenný er að fá allt að 5000 heimsóknum á dag.

*Þú ert kjaftfor uppreisnarseggur er það ekki?*

„Jú, jú. Það má alveg segja það. Ég hef ofboðslega gaman að hrista upp í hlutunum. Reyni einmitt stundum að fara í taugarnar á til dæmis málhreinsunarmönnum á blogginu. Skít inn orðum eins og fokk og allskonar enskum orðum með íslenskri stafsetningu."



**JENNÝ ANNA BALDURSDÓTTIR „Ég var fársjúk og neyslan var farin að hafa áhrif á minnið mitt, ég hafði fyrir löngu gleymt öllum símanúmerum og ég laug stöðugt og það var voru allir að gefast upp á mér þegar ég fór loksins á Vog."**

Jenný Anna er líka pólitísk og var flokksbundinn Allaballi á sínum tíma. Hún hefur sterkar skoðanir á hvað er að gerast í landinu okkar. „Að fylgjast með þjóðmálunum er eins og að vera á sveppum og horfa á Fellini bíómynd," segir hún og hlær.

„Æi, stundum er samt voða leiðinlegt að horfa upp á hversu erfitt fólk á með að viðurkenna mistök. Þetta fólk er eins og maður var sjálfur áður en maður fór í meðferð. Það var allt öðrum að kenna og maður var svo mikið fórnarlamb."

## Gardínufíkill

„Þótt ég bloggi mikið um þjóðmálin núna er ég alltaf með edrúmennskuna mína uppi á borðinu, líka í blogginu. Mér finnst það bara vera spurning um heiðarleika," segir Jenný. „Þetta er bara ég og þótt ég sé ekkert að troða því upp á fólk þá finnst mér mikilvægt að vera ekki með neinn feluleik."

Jenný hefur aðeins fengið eitt bakslag í edrúgöngunna sína sem hófst á Vogi fyrir fjórum árum. Ári eftir að hún náði að verða edrú slasaðist hún og þurfti að fara á lyf og fór því strax á Vog en það er þjónusta sem alkóhólistum og fíklum býðst því oft getur þeim reynst erfitt að neyðast til að taka lyf.

„Ég var líka aðallega pillusjúklingur. Labbaði varla framhjá lyfjaskápnum öðruvísi en að bæta á mig nokkrum pillum," útskýrir Jenný og hlær að öllu saman í dag enda finnst henni mikilvægt að ná til kvenna í svipaðri stöðu og hún var í á sínum tíma.

*En hvað kemur til að þú farir svona seint í meðferð?*

„Ég byrjaði mjög seint að drekka. Drakk sósjalt kannski þegar ég var með stelpurnar mínar ungar og hafði tekið einhverjar rispur áður en ég gifti mig en þetta byrjaði mjög seint hjá mér. En þegar það loksins byrjaði var ég eins sorgleg birtingarmynd af gardínufíkli og hægt er að hugsa sér."

## Djöfull er þetta gott

Jenný sér ekki eftir að hafa farið og leitað sér hjálpar enda var hún mjög langt leidd.

„Ég var fársjúk og neyslan var farin að hafa áhrif á minnið mitt, ég hafði fyrir löngu gleymt öllum símanúmerum og ég laug stöðugt og það var voru allir að gefast upp á mér þegar ég fór loksins á Vog. Ég þorði varla að fara út úr húsi og var orðin spikfeit og leið mjög illa."

Stelpurnar hennar Jenný, sem eru fæddar frá 1970-1980, voru líka farnar að gefast upp á henni. En þetta eru flottar stelpur sem Jenný er afar stolt af. Sú elsta er lögfræðingur, sú næstelsta framkvæmdarstjóri í London og sú þriðja er að læra sagnfræði við Háskólann.



**JENNÝ OG INGA VINKONA** **Jenný hefur alltaf verið í pínu uppreisn og á það til að vera pínu kjaftfor á blogginu þótt hún sé auðvitað dama.**



**JENNÝ LITLA** **Jenný ólst upp við alkóhólisma á heimilinu sínu og segist vera prótótýpa fyrir meðvirka manneskju.**

> **ÉG VAR FÁRSJÚK OG NEYSLAN VAR FARIN AÐ HAFA ÁHRIF Á MINNIÐ MITT, ÉG HAFÐI FYRIR LÖNGU GLEYMT ÖLLUM SÍMANÚMERUM OG ÉG LAUG STÖÐUGT**



**BLOGGARINN JENNÝ** **„Þótt ég bloggi mikið um þjóðmálin núna er ég alltaf með edrúmennskuna mína uppi á borðinu, líka í blogginu."**

„Það er eiginlega óhugnanlegt hvað ég er ánægð með lífið núna. Ég er enn að vakna á morgnana og segja við sjálfa mig: Djöfull er þetta gott! Þetta einfaldar náttúrulega alla lífsins hluti að vera edrú. Þetta er allt annað líf og snýst kannski fyrst og síðast um ábyrgð."

## Læknaritari með makka

*En hvað kemur til að þú sért svona mikil nútímamanneskja, á blogginu og öll í tölvum og slíku?*

„Ég hef alltaf haft áhuga á tölvum. Á sínum tíma starfaði ég sem læknaritari á landspítalanum og var ein af



Ofurbloggarinn **JENNÝ ANNA BALDURSDÓTTIR** byrjaði að blogga til að halda sér edrú. Hún var nýkomin úr meðferð og hafði nægan tíma og var líka bara skíthrædd um að falla. Nú er hún einn af bloggurum Eyjunnar og fær um fimm þúsund heimsóknir á dag þegar best lætur. *Mikael Torfason* kíkti í kaffi.



**AÐ MESSA YFIR LIÐINU**
**„Ég byrjaði mjög seint að drekka," segir Jenný aðspurð um ástæðuna fyrir því að hún fer svo seint á lífsleiðinni í sína fyrstu meðferð.**



**TÖFFARINN JENNÝ**
**Fyrst byrjaði Jenný að blogga til að halda sér edrú og hún gerir það enn þótt þjóðmálin séu oftast efst á baugi hjá henni.**

## ÞETTA FÓLK ER EINS OG MAÐUR VAR SJÁLFUR ÁÐUR EN MAÐUR FÓR Í MEÐFERÐ. ÞAÐ VAR ALLT ÖÐRUM AÐ KENNA OG MAÐUR VAR SVO MIKIÐ FÓRNARLAMB

þeim fyrstu, ef ekki fyrst læknaritarinn, sem fékk makka. Það breytti ofboðslega miklu en ritarastarfið ýtti auðvitað undir þennan tækniáhuga," útskýrir Jenný en það hefur margt á daga hennar drifið.

Hún Jenný var líka um tíma ritari hjá Aðalverktökum („komminn sjálfur!") og svo bjó hún í Svíþjóð í fimm ár en flutti heim út af stelpunum. Fannst einhvern vegin eins og þær ættu að fá íslenska menntun.

„Ég hugsa samt oft til þess hvað það var gott að búa þarna úti. Auðvitað er Ísland ekki versti staður í heimi en það var ótrúlega gott að búa í Svíþjóð."

### Þakklæti ofarlega

Foreldra Jennýjar voru reglufólk en hún ólst hinsvegar upp við alkóhólisma hjá frænda sínum því Jenný ólst upp hjá langömmu sinni og syni hennar. Fólki fæddur 1899 og 1879.

„Þetta var yndislegt fólk, fordómalaust, víðsýnt og sjálfmenntað. En hann var mikill túramaður og kannski er ég þess vegna prótótýpan af meðvirkri manneskju. Ég sogaði alveg til mína alkana áður en ég byrjaði sjálf að drekka," útskýrir Jenný á sinn einlæga og glaðlega hátt.

*Viltu segja eitthvað að lokum?*

„Já, ég vil bara þakka SÁÁ fyrir að bjarga lífi mínu. Þarna er saman komin mikil þekking og kunnátta. Það er því svo sorglegt að SÁÁ þurfi sífellt að vera í tilvistarbaráttu eftir allan þennan tíma."

# VISSIR ÞÚ AÐ.... HÓFLEG DRYKKJA ER SKILGREIND Á EFTIRFARANDI HÁTT:




## HVAÐ ER **EINN DRYKKUR** AF ÁFENGI?

**Vínföng innihalda mismunandi mikið magn af áfengi og því er nauðsynlegt að finna mælikvarða sem almenningur á auðvelt með að skilja. Sú venja hefur skapast að tala um drykki af áfengi sem þá eru skilgreindir á eftirfarandi hátt: Einn drykkur eða vínskammtur inniheldur um 12 g af hreinu áfengi. Slíkur skammtur svarar til u.þ.b. eins barskammts (sjúss) sem eru 30 ml af brenndu víni, um 150 ml af léttu víni eða um 400 ml af bjór. Ofangreind mörk hófdrykkju geta verið of há fyrir aldrað fólk eða þá sem eru með vissa sjúkdóma. Ef þú ert í vafa um hver mörk þín eru skaltu ráðfæra þig við lækni þinn. Fólk yngra en 18 ára á ekki að nota áfengi!!**



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Á mínu heimili er álfurinn eiginlega vorboðinn - í tvennum skilningi. Þegar hann er kominn í hús er sumarið skammt undan. En hann er líka tákn fyrir öll kraftaverkin sem SÁÁ hefur unnið fyrir svo fjölmargar fjölskyldur, og þannig ýtt lífi þeirra úr vondum alkóhólískum vetri inn í nýtt vor. Álfurinn er þessvegna mín kynjavera, og ég tek honum alltaf með jafnmikilli gleði og hann mér.

**Össur Skarphéðinsson**
**utanríkisráðherra**


## AÐALFUNDUR SÁÁ

verður haldinn miðvikudaginn 2. júní kl. 17 í Von, Efstaleiti 7.

**Dagskrá fundarins er:**

- Skýrsla stjórnar um framkvæmdir og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári.
- Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til umræðu og samþykktar.
- Lagabreytingar ef fyrir liggja tillögur um þær.
- Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og varaendurskoðenda.
- Tekin ákvörðun um félagsgjöld.
- Önnur mál.



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég kaupi marga marga álfa vegna þess að allt í kringum mig er fólk í vímu. Allt í kringum mig er feluleikurinn í algleymingi um áhrif og afleiðingar ofneyslu vímuefna. Allt í kringum mig stendur fólki ógn af lífinu sjálfu. Án SÁÁ og trúarinnar á æðri mátt er leikurinn fyrirfram tapaður. Ég kaupi álfana alla í minningu þeirra sem dáið hafa um aldur fram vegna fíknisjúkdóma. Það geta allir keypt í það minnsta 5 álfa. Einn fyrir hvern fíkil í fjölskyldunni er gott viðmið. Eða fyllist hús þitt þá af álfum?

**Jónína Benediktsdóttir**
**framkvæmdastjóri**



Ég kaupi álfinn. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að við leggjum okkar af mörkum þar sem framlög til SÁÁ hafa dregið verulega saman. Stöndum saman, sýnum ábyrgð og stuðning og kaupum álfinn.

**Hrafnhildur Hafsteinsdóttir**
**verkefnastjóri**



Ég kaupi álfinn til þess að styðja góðan málstað. Innan vébanda SÁÁ er á hverjum degi unnið þrekvirki við að hjálpa fólki sem lendir í klóm fíknar. Svo kaupi ég líka álfinn fyrir börnin mín. Þeim finnst hann fyndinn og skemmtilegur.

**Guðmundur Steingrímsson**
**þingmaður**



Ég hef í starfi mínu komið að aðstoð við ungt fólk sem hefur lent á villigötum með líf sitt. Þar kynntist ég af eigin raun hinu miskunnarlausa helvíti sem bíður þeirra sem misstíga sig og lenda í sjálfheldu með líf sitt. Þegar ég ræddi við unga fólkið sem voru búinn með aðstoð að ná tökum á lífi sínu, blasti við mér að mín börn gætu hæglega verið í þessum sporum. Þess vegna kaupi ég SÁÁ álfinn heilshugar og alltaf fleiri en einn. Ég á sex börn og 11 barnabörn, sem eru mín dýrmætasta eign.

**Guðmundur Gunnarsson,**
**formaður Rafiðnaðarsambands Íslands**

# ÞAÐ VORU EITT S
# FEÐGAR...



**KRISTMUNDUR AXEL KRISTMUNDSSON** er ungur rappari sem vann Söngkeppni framhaldsskóla með lagi um pabba sinn sem féll 16. Júní 2008. Þeir höfðu búið saman tveir í Grafarvogi, edrú pabbi og strákurinn hans, í ellefu ár. Á einu bretti missti Kristmundur pabba sinn og heimilið sitt en hann býr nú hjá mömmu sinni og þakkar fyrir að pabbi sinn sé nú í meðferð í Svíþjóð.

„Pabbi var edrú í ellefu ár þar til hann féll 16. júní 2008," útskýrir rapparinn og tónlistarmaðurinn Kristmundur Axel Kristmundsson um tilurð lagsins Komdu til baka sem hann flutti í Söngkeppni framhaldsskóla og sigraði á dögunum.

„Pabbi, Kristmundur Sigurðsson, hafði átt sína vondu fortíð áður en við fórum að búa saman í Grafarvogi. Ég þekkti hann bara edrú og við vorum mjög nánir. Það voru bara við tveir í Grafarvogi. Feðgarnir."

Og lagið lýsir þessu sambandi þeirra feðga og er mjög tilfinningaríkt. Það hefur algerlega slegið í gegn á Íslandi og þegar viðtalið var tekið stóð lagið í þriðja sæti yfir mest seldu lögin á Tónlist.is. Það hefur einnig átt fast sæti á vinsældarlista FM 957 og klifrað hátt á Lagalistanum sem mælir hvaða lög eru mest spiluð á Íslandi.

**Einlægur rappari**

Kristmundur flutti ungur inn á pabba sinn en mamma hans er líka alkóhólisti. Hún er nú, samkvæmt Kristmundi, búinn að vera edrú í bráðum áratug en hlutirnir æxluðust þannig að Kristmundur bjó alltaf hjá pabba sínum.

„Mamma er frábær og við búum saman núna ásamt systur minni. Þær hafa reynst mér ótrúlega vel og fjölskyldan mín er sterk þrátt fyrir allt sem á hefur gengið," segir Kristmundur en bæði mamma hans og systir starfa á heimili fyrir heimilislausa menn, sem er á Njálsgötu.

*Hvað kemur til að þú sért svona einlægur rappari en ekki töffari eins og þeir eru svo oft?*

„Ég hef alveg gefið út svona hörð lög líka en finnst samt mikilvægt að semja lög um eitthvað sem skiptir mig miklu máli," segir Kristmundur en í lögunum hans talar hann ekki niður til fólks og er ekkert fyrir að lofa dóp eða pening eins og segir í lagi hans, Illað, sem er vinsælt meðal ungs fólks:

„Rappa ekki um dóp og pening því hvorugt er kúl."

**„ PABBI MINN EDRÚ ER ALLT ÖNNUR MANNESKJA EN FÍKILLINN. FYRIR MÉR ER ÞETTA SITTHVOR MAÐURINN. ÉG ÞEKKI PABBA MINN EN EKKI FÍKILINN. HANN ER ENGINN VINUR MINN**

**Alkóhólismi í fjölskyldunni**

Kristmundur er fæddur 1993 og ætti að fá bílpróf síðar á árinu. Hann er ekta Grafarvogsungmenni. Flutti ungur í Engjahverfið og gekk í Engjaskóla öll sín tíu grunnskólaár. Í dag er hann á almennri braut í Borgarholtsskóla og hangir mest með vini sínum Daniel Alvin en þeir byrjuðu að rappa saman fyrir fjórum eða fimm árum.

*Nú er alkóhólismi allt í kringum þig. Hefurðu spurt sjálfan þig: Af hverju ég?*

„Já, já. En ég pældi lítið í slíku fyrr en pabbi féll. Þetta var fullkomið líf sem við lifðum þannig að ég hafði engar áhyggjur. Það er hinsvegar ekki hægt að neita því að þetta er svoldið skrýtið hjá minni fjölskyldu því það er mikill alkóhólismi í fjölskyldunni," segir Kristmundur Axel en þessi kurteisi ungi maður skýtur síðan inn einu „afsakið orðbragðið" og heldur svo áfram; „en nánast öll fokkings fjölskyldan mín hefur átt í vandræðum með áfengi og fíkniefni."

**Pabbi aftur edrú**

Kristmundur er þakklátur fyrir að eiga edrú mömmu og pabba í dag. Hann gleymir því ekki að þakka fyrir hvað hann fékk gott uppeldi og tækifæri til að fá áhyggjulausa æsku með edrú pabba sem er nú kominn undir manna hendur í Svíþjóð.

„Hann er búinn að vera í meðferð úti í fjóra eða fimma mánuði og ég er á leiðinni í heimsókn til hans. Það verður gaman enda ekkert nema jákvæðir hlutir í gangi núna."

Ömurlegar afleiðingar sjúkdómsins eru ofarlega í huga Kristmunds.

„Pabbi minn edrú er allt önnur manneskja en fíkillinn. Fyrir mér er þetta sitthvor maðurinn. Ég þekki pabba minn en ekki fíkilinn. Hann er enginn vinur minn. Sjúkdómurinn tekur öll völd og hann breytist í eitthvað skrímsli hreinlega," segir Kristmundur og bendir á að afleiðingarnar séu skelfilegar.

„Einn bróðir minn er í fangelsi fyrir morð. Annar bróðir minn er í fangelsi fyrir aðra minniháttar glæpi. Og pabbi minn sat í fangelsi fyrir morð fyrir mörgum árum."

**„ RAPPA EKKI UM DÓP OG PENING ÞVÍ HVORUGT ER KÚL**

MYND: HARI@SKUGGAVERK.COM

>> KRISTMUNDUR AXEL „MAMMA ER FRÁBÆR OG V

# SINN







> **PABBI VAR EDRÚ Í ELLEFU ÁR ÞAR TIL HANN FÉLL 16. JÚNÍ 2008**

**5000 vinir á Facebook**

Viðbrögðin við lagi Kristmunds um pabba hans hafa verið með ólíkindum. Kristmundur hefur fyllt kvótann hvað vinafjölda varðar á Facebook, hann á fimm þúsund vini og yfir níuhundruð bíða eftir því að Kristmundur samþykki vinabeiðnina. Hann hefur einnig fengið mörg hundruð bréf frá krökkum sem hafa gengið í gegnum svipaða reynslu og hann eða eru að ganga í gegnum skelfilega hluti vegna alkóhólisma.

„Krakkar skrifa mér og segja sögu sína. Sumir þeirra búa við mikla erfileika vegna drykkju foreldra og ég fæ meira að segja bréf frá krökkum sem búa við heimilisofbeldi. Vandamálið er mjög stórt og veruleiki margra er mjög sár," segir Kristmundur

*Finnst þér jafnaldrar þínir meðvitaðir um hversu alvarlegur sjúkdómurinn alkóhólismi getur verið?*

„Nei. Að mínu mati er of lítil umfjöllun um þessi mál og það má gera miklu betur í forvarnarstarfi hvað ungt fólk varðar. Mér þykir of lítil umfjöllun um afleiðingarnar," segir Kristmundur.

**Á gott líf í dag**

Síðustu tvö ár, síðan pabbi Kristmundar féll, hafa verið honum lærdómsrík. „En líka ömurleg. Þetta er búið að vera erfitt og ég er mjög ánægður með að þetta sé allt á uppleið núna og mér líður vel í dag. Ég hef það mjög gott reyndar og á gott líf."

Í sumar mun Kristmundur ferðast um landið og skemmta ásamt Haffa Haff, Erpi Eyvindarsyni, Friðriki Dór, Óla Geir og Júlí Heiðari. Hann segist spenntur fyrir sumrinu og taki því sem kemur. Hann ætlar líka að leggja sitt af mörkum hvað álfasölu SÁÁ og býst við að troða upp ásamt Bubba Morthens í tengslum við fjáröflun SÁÁ.

-MT

VIÐ BÚUM SAMAN NÚNA ÁSAMT SYSTUR MINNI. ÞÆR HAFA REYNST MÉR ÓTRÚLEGA VEL OG FJÖLSKYLDAN MÍN ER STERK ÞRÁTT FYRIR ALLT SEM Á HEFUR GENGIÐ."

Hin svokölluðu **LÝÐVELDISBÖRN**, sem fædd eru á árunum 1940-1950, drukku mun meira en foreldrar sínir. Samkvæmt tölum frá sjúkrahúsinu Vogi hafa meira en einn af hverjum tíu af þessari kynslóð komið í meðferð.



**LÝÐVELDISBÖRNIN** **Þessi kynslóð jók áfengisneyslu landsmanna um heilan lítir af hreinum vínanda á mann fyrir tvítugt. Þegar hún svo komst á þing og til valda braut hún niður bindindisstefnuna og létti á hömlum á dreifingu, sölu og neyslu áfengis.**

# Lýðveldisbörnin á Vogi

Um 12 % Íslendinga sem fæddir eru 1940-1950 hefur komið á Sjúkrahúsið Vog. Þetta eru hin svokölluðu lýðveldisbörn og af þessari kynslóð má með sanni segja að karlarnir hafi verið heldur duglegri við drykkju en konurnar.

Um 14% af körlunum sem á lífi eru, og eru fæddir á lýðveldisárunum 1940-1950, hefur nú þegar komið á sjúkrahúsið Vog. Hlutfallið er heldur lægra hjá konunum eða um 6%. Hér eru ekki taldir þeir Íslendingar sem hafa látist, sumir jafnvel úr áfengissýki. Það er því von að sérfræðingar áfengis- og vímuefnasjúkdómum á Íslandi spyrji sig hverju við megum við við búast þegar kannabis- og amfetamínkynslóðirnar fullorðnist og komist á aldur.

**HLUTFALL LIFANDI EINSTAKLINGA SEM HÖFÐU KOMIÐ ÚR HVERJUM ÁRGANGI Á VOG Í LOK ÁRS 2009**




**HÁTT HLUTFALL ENDAR Á VOGI** **Um 14% af körlunum sem á lífi eru, og eru fæddir á lýðveldisárunum 1940-1950, hefur nú þegar komið á sjúkrahúsið Vog. Hlutfallið er heldur lægra hjá konunum eða um 6%.**

## Lýðveldisbörnin drukku meira

Það er staðreynd að Íslendingar sem fæddir eru 1940-1950 drukku miklu meira áfengi en foreldrar þeirra, einkum karlmennirnir. Þeir höfðu engin tækifæri til að nota ólögleg vímuefni því þau voru ekki komin til landsins.

Áfengið varð því þeirra eina vímuefni. Þeir urðu röskir skemmtanadrykkjumenn og sóttu öldurhúsin stíft um helgar og orð fór af þeirra fylliríum á hinum Norðurlöndunum og á sólarströndum. Þessi kynslóð jók áfengisneyslu landsmanna um heilan lítir af hreinum vínanda á mann fyrir tvítugt. Þegar hún svo komst á þing og til valda braut hún niður bindindisstefnuna og létti á hömlum á dreifingu, sölu og neyslu áfengis.

## Æskublómin er nú farin

Margt af þessum lýðveldisbörnum leituðu sér áfengismeðferðar um 30 ára aldurinn og sækja nú síðustu árin með vaxandi þunga á sjúkrahúsið Vog vegna dagdrykkju. Aðal æskublómin er nú af þessu fólki farin og áfengi miklu hættulegra en áður. Það er því í mikilli hættu að hljóta af drykkjunni tauga- og heilaskaða og fylgikvilla í lifur og bris. Drykkja þeirra, sem áður olli slysum og aukinni þörf fyrir löggæslu, veldur nú vaxandi kostnaði fyrir heilbrigðisstofnanir. Það er því forvitnilegt að skoða gagnagrunnin á Vogi sjá hversu margt af þessu fólki hefur þurft að leita sér áfengis- og vímuefnameðferðar á Sjúkrahúsið Vog. Um leið sést líka hversu áfengið eitt og sér kemur mörgum í meðferð.

> **DRYKKJA ÞEIRRA, SEM ÁÐUR OLLI SLYSUM OG AUKINNI ÞÖRF FYRIR LÖGGÆSLU, VELDUR NÚ VAXANDI KOSTNAÐI FYRIR HEILBRIGÐISSTOFNANIR**



### U-HÓPURINN

U-hópurinn er opinn meðferðar- og stuðningshópur á mánudögum og miðvikudögum milli 18:00 og 19:00 í Von, Efstaleyti, og er fyrir unglinga sem hafa lent í vandræðum vegna neyslu vímuefna. Ekki er nauðsynlegt að hafa verið á Vogi til að taka þátt í hópnum en gott er að tala við ráðgjafa í göngudeild áður. Síðasta mánudag í mánuði borðar hópurinn saman eftir hópvinnu.

### VIÐTALSÞJÓNUSTA



Ráðgjafi á vakt sinnir viðtölum við fíkla og aðstandendur þeirra á virkum dögum. Ekki er nauðsynlegt að hringja á undan sér og panta viðtal. Best er að koma á bilinu 13:00 til 16:00. Síminn er 530 7600 en viðtölin fara fram í Von, Efstaleyti 7.

### LOKUN FRESTAÐ

Nú nýlega ákvað Akureyrarbær að leggja göngudeild SÁÁ til 50% af kostnaði og því ákvað framkvæmdarstjórn SÁÁ að fresta lokun sem átti að koma til framkvæmda 1. júní. Kostnaður við göngudeildarstarfið er áætlaður rúmlega 100 milljónir króna og fyrir norðan verður sérstakt átak í álfasölunni til að tryggja rekstur göngudeildarinnar.



Álfasala SÁÁ
fyrir unga fólkið 26-30. maí

Álfurinn fyrir unga fólkið



## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég kaupi klósettpappír, rækjur og lakkrís frá krökkum sem eru að safna fyrir keppnisferðalögum. Ég kaupi áramótabombuna hjá hjálparsveitunum. Og ég kaupi álfinn frá SÁÁ. Þetta eru ekki miklir peningar. En þetta skiptir máli.

**Andri Ólafsson**
**fréttamaður**



Ég kaupi álfinn til að styðja við nauðsynlegt starf til styrktar unga fólkinu okkar. Ég þekki það af eigin reynslu hversu mikilvægt það er að komast í meðferð við þessum lævísa sjúkdóm. Kauptu álf, og jafnvel tvo, ég geri það.

**Linda Pétursdóttir**
**framkvæmdarstjóri**



Við sem þekkjum hörmulegar afleiðingar vímuefnaneyslu fyrir ungt fólk og fjölskyldur þess, erum afar þakklát fyrir ómetanlega umönnun og aðhlynningu SÁÁ. Þess vegna kaupum við álfinn til að styrkja þetta þjóðþrifastarf.

**Njörður P. Njarðvík,**
**prófessor emeritus**



Ég kaupi álfinn vegna þess að málefnið er þess virði að styðja það í verki. Því miður lendir samdrátturinn í skattpyngjuríkissjóðs á SÁÁ einsog öðrum og þótt ég hefði kosið að samtök á borð við SÁÁ þyrftu ekki að reiða sig á söfnunarfé þá er sú raunin kannski fremur nú en endranær. Ég hef grun um að ýmis fyrirtæki sem stutt hafa við bakið á SÁÁ séu ekki aflögufær, jafnvel horfin út úr tilverunni. Eftir stöndum við hvert og eitt sem varla viljum skilja SÁÁ eftir á berangri. Þess vegna mun ég kaupa álfinn og hvet aðra til að gera slíkt hið sama.

**Ögmundur Jónasson**
**alþingismaður**



Ég vil ekki að SÁÁ verði eins og álfur út úr hól. Til að forða því þarf starfsemin fjárstuðning. Ég vil skjól fyrir álfa og menn. SÁÁ er mörgu fólki lífsnauðsynlegt skjól.

**Kristján Þór Júlíusson**
**þingmaður**

# Eftirtaldir aðilar styðja SÁÁ

AFL starfsgreinafélag Austurlands
Afltak ehf
Akureyrarbær
Alþýðusamband Íslands
AP varahlutir ehf
Argus ehf
Ari oddsson ehf
Arkitektar Skógarhlíð ehf
Áltak ehf
Árni Reynisson ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
Ásklif ehf
Bernhard Laxdal ehf
Bessi hf
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Bílasala Guðfinns ehf
BJ endurskoðunarstofa ehf
Blendi ehf
Bókaútgáfan Leifur Eiríksson
Bókhaldsstofan ehf
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf
Breiðavík ehf
Búaðföng ehf
DK Hugbúnaður ehf
DS lausnir ehf
E.S. vinnuvélar ehf
Eignamiðlunin ehf
Evrópulög ehf
Faglagnir ehf
Ferskur ehf
Félagsbústaðir hf
Fitjavík ehf
Fjallabak ehf
Fjöruborðið
Frostfiskur ehf
Frumkönnun ehf
Garðabær
Garri ehf
Goggur ehf
GT tækni ehf
Gullberg ehf
Gunnar Eggertsson hf
Gylfi Guðjónsson ökukennari

Gæðafæði ehf
Haraldur Sigurðsson
Henson Sports Europe á Íslandi ehf
Herrafataverslun Birgis ehf
HGK ehf
Hitastýring hf
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Hornabrauð ehf
Hótel Djúpavík ehf
HS Orka hf
Húsanes ehf
Hveragerðiskirkja
Hyggir ehf endurskoðunarstofa
Ísafjarðarbær
Ísafoldarprentsmiðja ehf
Ísfugl ehf
Íslandsspil sf
Íslensk endurskoðun ehf
Íslensk erfðagreining
Ísloft, blikk og stálsmiðja ehf
Ísold ehf
Kaupfélag Skagfirðinga
Kælismiðjan Frost ehf
Lagnalagerinn ehf
Landsnet hf
Leturprent ehf
LH tækni ehf
KG Fiskverkun ehf
Kjarnafæði hf
Knastás ehf
KOM almannatengsl
Kompan ehf
Malbikunarstöð Hlaðbær Colas
Marás, vélar ehf
Matfugl ehf
Medulla ehf
Nínukot ehf
Nobex ehf
Nordic eMarketing ehf
Nýi ökuskólinn hf
Nýja bílasmiðjan hf
Pústþjónustan Ás ehf
Pylsuvagninn Selfossi ehf

Rafbogi ehf
Rafstjórn ehf
Reiknistofa fiskmarkaða hf
Reykjanesbær
Reykjavíkurhöfn
Rolf Johansen & co ehf
Ræktunarsamband flóa og skeiða ehf
Samiðn, samband iðnfélaga
Samskip
Selecta fyrirtækjaþjónusta ehf
Sena
Setberg bókaútgáfa
Seyðisfjarðarkaupstaður
Síldarvinnslan hf
Sjávariðjan Rifi hf
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Skinney - Þinganes hf
Smur, bón og dekkjaþjónustan
Sport-Tæki ehf
Spýtan ehf
Starfsgreinasamband Íslands
Suzuki bílar
Tandur hf
Tannlæknarstofa Ragnars Ó Steinarssonar ehf
Tannlæknastofa Hilmis ehf
Teiknistofan Óðistorgi sf
Teitur Jónasson ehf
Tölvu og tækniþjónustan ehf
Útfararstofa kirkjugarðanna ehf
Valhöll ehf, fasteignasala
Veiðarfæraþjónustan ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verslunarmannafélagið Ábót ehf
Verstlunarmannafélag Reykjavíkur
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vélsmiðjan Foss ehf
Viðhald og nýsmíði ehf
Villi Valli ehf
Vífilfell hf
Þjónustustofan ehf
Þorbjörn Fiskanes hf
ÆCO ehf

# ÍSLAND ER AFAR ALKA

**ÍRIS ERLINGSDÓTTIR** flutti til Bandaríkjanna fyrir tæpum tuttugu árum. Áður en hún hélt út í nám hafði hún meðal annars starfað sem ritstjóri Gestgjafans og fréttakona á Stöð 2. Nú skrifar hún fyrir Huffington Post og þakkar fyrir að eiga frábært líf án áfengis.



**ÍRIS ERLINGSDÓTTIR** **„Ein aðalástæðan fyrir því að ég ílengdist í Bandaríkjunum var að ég kynntist AA.“**



**SYSTKININ 1967** **Íris er fremst á myndinni (vinstra megin) og ekkert voða ánægð með að vera ekki lengur yngsta barnið í fjölkyldunni. Frá vinstri: Íris, Gunnar, amma (Kristín Friðriksdóttir) með Ásdísi í fanginu, Sigurður og Erla.**



**VORIÐ ER KOMIÐ TIL MINNESOTA** **Í dag býr Íris í Minnesota og er fyrst og síðast að skrifa og hugsa um börnin sín.**

„Ég flutti fyrst út til Bandaríkjanna árið 1990,“ útskýrir Íris Erlingsdóttir aðspurð hvað hún hafi eiginlega verið lengi ytra. „Ég fór ytra ásamt sambýlismanni mínum, Gunnlaugi Helgasyni, og syni okkar, sem þá var tveggja ára. Fyrst fór ég í fjölmiðlanám í San Diego og síðar fluttum við Gunnlaugur bæði til Los Angeles þar sem hann fór í leiklistarnám.“

Leiðir Írisar og Gunnlaugs skildu og hún ílengdist í Bandaríkjunum. Í dag býr Íris Minnesota, rétt hjá Minneapolis og St. Paul (Twin Cities) og er fyrst og síðast að skrifa og hugsa um börnin sín.

### Varð edrú í Bandaríkjunum

„Ein aðalástæðan fyrir því að ég ílengdist í Bandaríkjunum var að ég kynntist AA og gat ekki hugsað mér að yfirgefa það „kerfi“ – ég var bara viss um að ég myndi byrja aftur að drekka ef ég gerði það,“ segir Íris og bætir því við að hún hafi í fyrstu átt erfitt með að fylgja ráðleggingum frá fólki sem hafði meiri reynslu en hún af edrúmennskunni.

„Ég hlustaði til að mynda ekkert á þau ráð að taka engar „lífsbreytandi“ ákvarðanir á fyrsta edrú árinu eins og til dæmis að skilja við makann sinn, skipta um vinnu eða fara í nám,“ heldur Íris áfram og brosir.

„Ég vissi allt best. Það þýddi ekkert að tala við mig. En eins og aðrir sem ekki hlusta á þá sem eru vitrari, vísari og reynslunni ríkari þá borgaði ég ríkulega fyrir þennan hroka og æðibunugang. Ég hefði getað sparað mér mörg afturendabitin hefði ég hlustað á trúnaðarkonuna mína og fleiri. Mín ráð til þeirra sem eru nýorðin edrú: Hlustið á þá sem hafa meiri tíma (hafa verið edrú lengur) – og sem vinna gott prógramm, auðvitað. Við fáum öll meira en nægan tíma síðar til að hræra sjálf í persónuhagapottunum okkar.“

### Ísland alkóhólískt

En það var ekki bara óttinn við að byrja að drekka aftur sem var ástæðan fyrir því að Íris bjó áfram í Bandaríkjunum. Hún útskrifaðist úr fjölmiðlanáminu 1994 og fékk þá ársvísa. Síðar sótti hún um að fá sjálft græna kortið og fékk það („Alien of Extraordinary Talent And Ability“ – „Já, ég hef það skjalfest að vera „alien““) þannig að lítið mál var fyrir hana að dvelja áfram í sólinni á Vesturströnd Bandaríkjanna.

„Ísland var líka „vettvangur glæpanna“ hvað mig varðaði. Það fylgdi landinu allskonar fortíðarbrak. Minn fyrrverandi var kominn í nýtt samband og það var mikil eftirsjá í mér. Svo lét ég margt við Ísland hreinlega fara í taugarnar á mér,“ útskýrir Íris en að hennar mati er Ísland afar alkóhólískt samfélag.

„Íslendingar eru líka í meiriháttar afneitun um þá staðreynd.Það er ekki nóg með að stór hluti þjóðarinnar séu virkir alkóhólistar heldur er kerfið okkar sjálft mjög alkóhólískt. Stjórnkerfið stjórnast af alls kyns annarlegum sjónarmiðum og við virðumst ófær um að skilja að persónur og prinsipp, greina á milli hvað er persónulegt og hvað verður að vera faglegt, með tilheyrandi afleiðingum.“

### Rannsóknarskýrslan eins og sjúkrasaga

„Að lesa rannsóknarskýrslu Alþingis er stundum eins og að lesa valda kafla úr sjúkrasögu alkóhólista! Og lýsingar í ýmsum alkóhólismalitteratúr – eins og t.d. Tíminn og tárið: Íslendingar og áfengi í 1100 ár eftir Óttar Guðmundsson lækni, alveg frábær bók sem ætti að vera skyldulesning í skólum landsins – á sálarlífi alkóhólistans eru oft eins og uppskrift að hrunsþankaganginum: Menn halda að þeir séu guð almáttugir og yfir aðra hafnir (hin einstöku útrásarvíkingagen sem forsetinn lofaði út um allar heimstrissur), vilja gera allt í miklum flýti (skriffinnska, reglur og eftirlit eru bara rugl og tímasóun); eiga ákaflega erfitt með að fást við vonbrigði eða mótlæti (hva, við, við gerðum ekki neitt – allt sem miður fer er öðrum að kenna!) og hegðun þeirra einkennist af „yfirgangi, hroka og frekju.“ Þetta er þessi narsissismi hans hátignar alkóhólistans, sem hann á sameiginlegt með ungbörnum,“ segir Íris sem fylgist vel með íslensku samfélagi enda er hún fastur penni hjá Huffington Post (http://www.huffingtonpost.com/).



**MAMMA Á SKÍRNAR-DAGINN** **Íris og mamma hennar, Kolbrún Gunnarsdóttir.**

Írisi finnst umfjöllun Óttars um tímaskyn alkóhólistans ennfremur afar athyglisverð og útskýra margt sem miður hefur farið á Íslandi en í bók Óttars segir:

„... alkóhólisti á erfitt með að staðsetja sig í tíma. Sumt af því sem gera þarf er afgreitt, öðru er ýtt til hliðar inn í óljósan veruleika vímunnar þar sem ægir saman fortíð og framtíð, raunveruleika og ímyndun, lygi og sannleika ... Hann fær þá tilfinningu að hann geti framkvæmt hluti með því að hugsa um þá.“

„Hljómar þetta ekki kunnuglega? Og ég er ekki að tala um hér að menn þurfi að vera ræsisliggjandi alkóhólistar, eða dagdrykkjumenn, langt í frá. Það er þessi ranghugmynd um eðli alkóhólismans – að halda að aðeins þeir sem drekka mikið og oft geti verið alkóhólistar – sem gerir afneitunina svo auðvelda.“

### Svarar netverjum á Eyjunni

Íris býr og starfar, eins og fyrr segir, í Bandaríkjunum en undanfarið hafa íslenskir netverjar orðið varir við hana á Eyjunni.is (http://blog.eyjan.is/isafold/). Þar svarar hún ýmsum spurningum lesenda um alkóhólisma, meðvirkni, kynlíf og bara allt milli himins og jarðar. Íris segir að hugmyndin á bakvið Ísafold á Eyjunni hafi orðið til smátt og smátt. „Vinkona mín lenti í afar erfiðum skilnaði, önnur vinkona mín átti í erfiðleikum í hjónabandi og við vorum alltaf í símanum. Ég hafði sjálf gengið í gegnum skilnað og farið í gegnum meðferð og þessi ferli þar sem manni eru fengin ýmis tól til að takast á við margs konar tilfinningalega og andlega erfiðleika, þannig að ég gat deilt aðeins af minni reynslu af því. Ennfremur vantaði vinkonu mína sárlega ýmsar praktískar, lagalegar ráðleggingar (best ég byrji ekki hér á ræðu um skammarlega lélega stöðu íslenskra kvenna og barna við skilnað). Þær sögðu mér, svona í gríni, að ég ætti að vera með „vandamáladálk,“ vera svona „agony aunt“ og eftir árið hugsaði ég með mér, hvers vegna ekki?“

Nær allir eru ánægðir með svör Írisar á Eyjunni en hún tekur það fram að hún sé hvorki lögfræðingur né sálfræðingur og myndi seint halda því fram að hún vissi allt eða hefði svör við öllu. „Ég geri mig ekki út fyrir að vera sérfræðingur í einu eða neinu.“

Íris hefur hinsvegar miklar reynslu í að finna upplýsingar á borð við hver, hvar, hvað, hvenær, hvernig og af hverju, bæði vegna reynslu úr námi og því að hún hefur reynt ýmislegt um dagana.

„Mín reynsla er að mestu til komin vegna hinna fjölmörgu og fjölbreytilegu asnastrika sem ég hef gert,“ útskýrir Íris glaðlega, „bæði af alkóhólisma og almennum æðibunugangi. Ef sú reynsla getur orðið einhverjum að gagni eða sparað einhverjum sársauka og leiðindi, þá er það jákvætt. Svo finnst mér þetta bara gaman, að sjálfsögðu, annars myndi ég ekki nenna því.“

### Meistaragráða í kínverskri læknisfræði

Íris á þrjú börn. Frumburðurinn, Helgi, verður 21 árs í sumar en í fyrra fékk hann styrk til að fara í háskólanám í Kína, þar sem hann er núna. Svo á hún þau Ásdísi Soffíu og Daníel Gunnar sem eru átta og níu ára gömul.



**DANÍEL, ÍRIS OG ÁSDÍS** **Daníel Gunnar Lee ásamt systur sinni og mömmu um síðustu jól.**

*En á Íslandi varstu fréttamaður á Stöð 2 og þar áður ritstjóri Gestgjafans?*

„Já. Ég var líka í útvarpi en varð ég þreytt á fréttamennskunni og fór að læra kínverska læknisfræði („Traditional Oriental Medicene“) og er með meistaragráðu í þeim fræðum,“ svarar Íris og útskýrir að hún hafi farið í það nám meira af kappi en forsjá. „Ein af þessum „brilliant“ (ekki!) hugmyndum sem ég fékk á fyrsta ári edrúmennskunnar. Svo vildi ég auðvitað ekki hætta þegar ég var byrjuð.“

*Saknarðu þess ekkert að starfa við fjölmiðlun á Íslandi?*

„Þetta er auðvitað padda sem bítur mann og sleppir ekki. En á þeim tíma sem ég hætti þá fannst mér þetta orðið hálf innantómt og skilja lítið eftir sig. Sjónvarpsfréttir eru í eðli sínu afar slítandi vinna, sérstaklega á jafnlitlum markaði og Ísland er, þar sem maður þarf að gera allt sjálfur, finna upplýsingar, skrifa, taka viðtölin, setja fréttina saman og allt undir gífurlegri tímapressu. Maður kom kannski með einhverja hugmynd á fréttafundi um morguninn og þá þurfti hún að vera komin í fréttaform fyrir kl. 6 um kvöldið!“

### Vill fyrst og fremst skrifa

Íris hefur alltaf verið sískrifandi, alveg frá því hún var krakki og það hefur einhvern veginn haft tilhneigingu til að verða hennar aðalstarf.

„Ég uppgötvaði loks, eftir að ég varð óvinnufær vegna heilsuleysis – slasaðist í baki og á hálsi þegar ég var ófrísk af dóttur minni, fékk svo síþreytu og gigt og hengdist svo á verkjalyf í framhaldi af öllu þessu –

**ÍSLENDINGAR ERU LÍKA Í MEIRIHÁTTAR AFNEITUN UM ÞÁ STAÐREYND AÐ SAMFÉLAGIÐ SÉ ALKÓHÓLÍSKT**

## TENGLAR

**AA samtökin á Ísland:** www.aa.is
**Aflið Akureyri:** www.aflidak.is
**Al-anon á Íslandi:** www.al-anon.is
**Barnaheill:** www.barnaheill.is
**Barnaverndarstofa:** www.bvs.is
**Blátt áfram:** www.blattafram.is
**Femínistafélag Íslands:** www.feministinn.is
**Foreldrajafnrétti:** www.foreldrajafnretti.is
**Geðhjálp:** www.gedhjalp.is
**Jafnréttisstofa:** www.jafnretti.is
**Kvenréttindafélag Íslands:** www.krfi.is
**Mannréttindaskrifstofa Íslands:** www.humanrights.is
**Samtök um kvennaathvarf:** www.kvennaathvarf.is
**Stígamót:** www.stigamot.is
**Umboðsmaður barna:** www.barn.is

# HÓLÍSKT SAMFÉLAG



„AÐ ÞYKJAST VERA MÓDEL Í LA“ Íris bjó lengi í Los Angeles og þessar myndir eru frá því þegar hún „var að þykjast vera módel í LA,“ eins og hún segir sjálf og hlær að öllu saman. „Einhvers staðar – í Flórída held ég - eru einhverjir sund/undirfatatískubæklingar til með þessum myndum.“



**ÚTSKRIFT 1994**
Íris fékk verðlaun fyrir frábæran námsárangur og styrkveitingu að auki. „Önnur edrúgjöf!“ segir hún.

> MAÐUR GETUR EKKI GEFIÐ EITTHVAÐ SEM MAÐUR EKKI BÝR YFIR SJÁLFUR



**HELGI OG ÍRIS**
Frumburðurinn, Helgi Steinar Gunnlaugsson, verður 21 árs í sumar en í fyrra fékk hann styrk til að fara í háskólanám í Kína, þar sem hann er núna.



**MEÐ LITLU SYSTUR Í REYKJAVÍK** Líf án áfengis: „Að gera sér grein fyrir og meta hvað virkilega skiptir máli í lífinu – fjölskyldan.“ Íris með „litlu“ systur, Ásdísi Erlingsdóttur, úti „á lífinu“ í miðbæ Reykjavíkur í júní í fyrra.



**ÁSTKÆRA ÍSAFOLD**
Á Eyjunni.is (http://blog.eyjan.is/isafold/) svarar Íris spurningum frá lesendum.

að ég vildi ekki gera neitt annað en að skrifa. Og að það var bara allt í lagi,“ segir Íris.

*Hvað með kínversku læknisfræðina?*

„Auðvitað gat ég ekkert verið að „lækna“ fólk – maður getur ekki gefið eitthvað sem maður ekki býr yfir sjálfur – það eina sem ég hef með góðu móti getað gert undanfarin ár, með tilliti til heilsufars, er að skrifa. Og það er bara það sem ég vil gera. Svo núna get ég sagt þegar fólk spyr mig hvað ég „sé“ eða hvað ég ætla að verða þegar ég er orðin stór: „writer“ eða „skrifari“ – reyndar ekkert gott íslenskt orð til yfir „writer“; mér finnst maður ekki geta sagt að maður sé „rithöfundur“ nema maður sé með nokkrar bækur á bakinu.“

> DAGAR „MARTINI HÁDEGISVERÐARINS“ ERU LIÐNIR

### Fjölskyldusjúkdómurinn alkóhólismi

*En hvaðan kemur þessi mikli áhugi á alkóhólisma, meðvirkni og ofbeldi sem birtist í skrifunum á Eyjunni?*

„Ég er auðvitað alkóhólisti og hef því mikinn á áhuga á þessum sjúkdómi sem er fjölskyldu sjúkdómur í tvennum skilningi: Hann erfist og hann affekterar alla meðlimi fjölskyldunnar, hvort sem þeir eru alkóhólistar eða ekki.“

Íris hefur einnig glímt við átröskun og segist vera fíkill með stóru effi. „Ég skipti út fíknum þótt ég sé fyrst og fremst alkóhólisti. En ef það var tekið, kom bara eitthvað annað í staðinn – matur, svo sambönd/karlmenn, spenna, megrun, æfingar, nefndu það. Ég veit ekki hvaða guðslukka hefur komið í veg fyrir að ég prófaði ólögleg eiturlyf eins og kókaín og heróín, það einhvern veginn hvarflaði aldrei að mér. Enda passaði það kannski ekki við ímyndina sem ég vildi hafa af sjálfri mér, þessi fágaða, veraldarvana, léttvíns- og líkjörslepjandi heimskona.“

Það hefur ekki verið sársaukalaust að lifa í bata. Íris segir að það hafi tekið sig yfir áratug í AA og meðferð hjá Hazelden í Minnesota að losna úr þessari „hringekju helvítis.“

„Þvílíkt frelsi að geta vaknað á morgnana án þess að heilasellurnar í manni séu stanslaust böggandi mann, kolvitlausar úr heimtufrekju í allan fjandann.“

### Ekki eðlilegt að drekka frá sér ráð og rænu

„Og á Íslandi erum við, eins og ég sagði áður, „delusional“ varðandi áfengisneyslu okkar. Ég var t.d. búin að búa erlendis í mörg ár áður en ég gerði mér grein fyrir því að það var ekki „eðlilegt“ að unglingar og ungt fólk, eða bara fólk almennt, færi á fyllerí um hverja einustu helgi,“ segir Íris og er mikið niðri fyrir. „Eða að það væri ekki „eðlileg hegðun“ að drekka þar til maður líður út af. Eða drekka svo mikið að maður fái „blackout.“ Eða að hafa sérstakt „dauða- eða æluherbergi“ á skóladansleikjum. Eða að virðulegt, huggulegt fullorðið fólk (og unglingar) skjögri dauðadrukkið úti á götum borgarinnar. Þetta eru ekki normal, eðlileg, hegðunarmynstur. Þetta eru einkenni mass-alkóhólisma á talsvert háu stigi.“

Þú skrifar líka talsvert um ofbeldi á Eyjunni. „Ofbeldi, líkamlegt og andlegt, er óhjákvæmilegur fylgifiskur alkóhólisma og er annar málaflokkur sem við Íslendingar erum viljugir að sýna mikla þolinmæði, bæði í refsirétti og almennt í kringum okkur. Ég hef orðið mjög undrandi við lestur athugasemda á síðunni minni á Eyjunni.is (http://blog.eyjan.is/isafold/) að sjá hvað fólk er fúst til að afsaka ofbeldi, eigið og annarra. Margir sem skrifa inn snúa dæminu við og ásaka mig um að vera „ofstækisfull“ því ég líð ekki ofbeldi, hvorki í orði né á borði, hvorki andlegt né líkamlegt og ráðlegg öðrum að gera hið sama. Ef það er ofstæki, þá er ég bara hæstánægð með að vera ofstækisfull á því sviði.“

### Munurinn á löndunum tveim

*Finnst þér mikill munur á Íslandi og Bandaríkjunum hvað viðhorf til áfengisneyslu varðar?*

„Já, mér finnst það,“ segir Íris en bendir á að hún hafi engar rannsóknir máli sínu til stuðnings, einungis eigin tilfinningu fyrir málaflokkinum. Henni finnst til dæmis við á Íslandi hafa verið að gera ótrúlega góða hluti á þessu sviði hvað varðar meðferð en eftir situr viðhorf Íslendinga til áfengisneyslu.

„Það er ekki eðlilegt að drekka frá sér ráð og rænu með reglulegu millibili. Við erum dálítið raunveruleikafirrt hvað varðar áfengisneyslu okkar sem þjóðar; við viljum halda að þegar á heildina er litið séu Íslendingar ofsalega „sophisticated“ neytendur áfengis og að neysla okkar sé eðlileg, hugguleg, menningarleg og fullkomlega ásættanleg,“ segir Íris og bætir við að henni hafi fundist skondið að fylgjast með umræðunni hér heima um þessa tvo alþingismenn sem komust í fréttirnar í fyrra vegna áfengisneyslu.

„Bloggheimar voru fullir af athugasemdum um ofstækið í þessum alkanasistum og vínmenningarmorðingjum. „Hvurs lags eiginlega þó fólk fái sér vín með matnum eða kokkteila eða bjór eða hvað, það er bara normið í öllum siðmenntuðum löndum!“ Jæja, það er kannski normið í sjónvarpi og bíómyndum (sem fá mikið fjármagn frá áfengisframleiðendum), en kannski ekki svo mjög í hinum raunverulega heimi. Ég hef búið erlendis í 20 ár og get lofað því að það er ekki normið að fólk fái sér vín t.d. í hádeginu áður en það fer aftur í vinnuna. Dagar „martini hádegisverðarins“ eru löngu liðnir. Hér yrði það litið alvarlegum augum ef maður kæmi aftur í vinnuna lyktandi af áfengi. Ég hef ekki búið í Evrópu, en mér skilst á vinum mínum frönskum og ítölskum að það sé ekki venjan að blanda þessu tvennu saman, vinnu og vínneyslu. Ekkert vegna þess að það sé eitthvað ljótt eða vont, heldur fyrst og fremst vegna þess hvaða áhrif eitt eða tvö vínglös hafa yfirleitt á mann: maður verður syfjaður!“

### Huffington Post

*Hvað kom til að þú fórst að skrifa fyrir Huffington Post?*

„Eftir hrunið í október 2008 skrifaði ég smágrein um það. Ég vissi í raun ekkert hvað ég ætlaði að gera við hana, fannst ég bara þurfa að skrifa eitthvað niður. Vinur minn, sem er prófessor hér í Minnesota og skrifar fyrir NYT, WSJ og Huffington Post, sagðist vilja athuga hvort hann gæti ekki fengið Huffington Post til að birta hana. Það reyndist ekki vera neitt mál og eftir það buðu þeir mér að skrifa reglulega fyrir síðuna,“ útskýrir Íris en hún skrifar mest fyrir „World“ síðuna. Hún var á dögunum beðin um að skrifa um mat fyrir annan hluta síðunnar en „hef enn ekki komið því í verk!“

### Og að lokum: Líf án áfengis?

„Líf án timburmanna, án sektarkenndar, án svartsýni, án kvíða og lyga – listinn er langur. Að geta verið til staðar fyrir börnin sín, fjölskyldu sína og að gera sér loks grein fyrir, skilja og meta hvað virkilega skiptir máli í lífinu, hvað er manni mikilvægast. Betri líkamleg heilsa er að sjálfsögðu afar mikilvægur kostur, en eitt það besta er kannski tilfinningin að vera að mestu laus við allan ótta, hræðslu. Að hafa ekkert að fela, engar beinagrindur í skápnum sem ekki má tala um. Einnig, þegar maður fer að gera sér grein fyrir að maður þarf ekki að vera fullkominn, að það er í lagi að gera mistök, að maður er ekki vond manneskja óalandi og óferjandi þó maður geri mistök. Það gerir lífið svo miklu léttara, maður hættir að taka sig eins hátíðlega og áður, það var eins og maður væri alltaf með tíu tommu nagla í afturendanum.“

*Mikael Torfason*

## Bækur sem Íris mælir með



Höfundurinn, Melody Beattie, var einu sinni AA sponsorinn minn þegar ég bjó í LA. Hún er stundum dálítið of „new-agey“ fyrir minn smekk, en þessi bók hennar – og margar fleiri eftir hana – eru mjög athyglisverðar og virkilega hjálplegar. Þetta er „aðalbókin“ um meðvirkni, þessa áráttu að finnast maður verða að stjórna og bera ábyrgð á lífi og tilfinningum annarra einstaklinga sem eru fullfærir um að gera það sjálfir.



Ég verð að nefna bækur bandaríska rithöfundarins James Lee Burke. Þetta eru ekki fræðibækur, heldur spennusögur, „murder mysteries“ Burke hefur skapað ódauðlega söguhetju í rannsóknarlöggunni og alkóhólistanum (í bata – yfirleitt), Dave Robicheaux. James er alveg einstakur rithöfundur, hann er sjálfur í AA, var prófessor í ensku í mörg ár og skrifar um sálarlíf alkóhólistans af stakri næmni.

**Tíminn og tárið: Íslending-**



Óttar Guðmundsson geðlæknir skrifaði þessa bók sem kom út árið 1992. Hann er alveg frábær penni; allt sem hann lætur frá sér er gulls ígildi.

**The Thirsty Muse: Alcohol and The American Writer** eftir Tom Hardis





**Drinking: A Love Story** eftir Carolyn Knapp

**The Selfish Brain: Learning From Addiction** eftir Robert Dupont



FÉLAGSSTARF SÁÁ er í miklum blóma:

# Tónleikar, böll og 12 spora ráðstefnur



Félagsstarf SÁÁ er með blómlegra móti og fyrir utan hefðbundinn rekstur er SÁÁ fólk duglegt að skipuleggja hvers kyns fjáraflanir, sem og æðislega tónleika. En Vonarsalurinn í Efstaleyti er sérstaklega góður til tónleikahalds og í vetur mætti hver stórstjarnan á fætur annarri til að halda tónleika til styrktar SÁÁ.

Auk þess að hafa reglulega félagsvist og dansiböll í Von, ásamt þorrablóti, vorfagnaði, dansnámskeiðum og svo framvegis, þá er salurinn reglulega notaður undir tólf spora ráðstefnur. Þar koma erlendir ræðumenn og ræða bata frá áfengis- og vímuefnafíkn. Næsta slíka ráðstefna er ráðgerð um miðjan september. Félagsstarf SÁÁ er rekið í sjálfboðastarfi og geta allir tekið þátt. Hilmar Kristensson leigubílstjóri hefur verið ein aðalsprautan í félagsstarfinu lengi og hann segir félagsstarfið mikilvægan þátt í góðu og heilbrygðu edrúlífi.



**GEIR TÓK LAGIÐ** Geir gladdi tónleikagesti.



**PÁLL ÓSKAR Í VON** Páll Óskar mætti ásamt fríðu föruneyti í Von og hélt ótrúlega tónleika. Allt til styrktar SÁÁ í skugga niðurskurðar. Frábær mæting var á þessa yndislegu tónleika.

## AA FUNDIR Í VON

- Sunnudagur kl. 10:30
  í stóra salnum - Opinn fundur
- Mánudagur kl. 12:00
  í litla salnum - Opinn fundur
- Mánudagur kl. 19:30
  í litla salnum
- Fimmtudagur kl. 20:30
  í stóra salnum - Víkingar
- Fimmtudagur kl. 20:30
  í litla salnum - Pólskur fundur
- Föstudagur kl. 18:00
  í litla salnum - konur

## AL-ANON FUNDIR Í VON

- Þriðjudagur kl. 20:00
  í litla salnum.

## GA-FUNDIR Í VON

- Miðvikudagur kl. 19:15
  í litla salnum.

## OA-FUNDIR Í VON

- Fimmtudagur kl. 20:30
  í hópherbergi uppi.

## SOS-FUNDIR Í VON

- Miðvikudagur kl. 18:05
  í hópherbergi uppi.

## KJARNAKONUR Í VON

- Miðvikudagur kl. 20:00
  í litla salnum. Nánari upplýsingar í síma 530 7600.



**ÞRÍR GÓÐIR BAKSVIÐS** Egill Ólafsson, Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson.



**KRISTJÁN JÓHANNSSON** *Í vetur kom sjálfur Kristján Jóhannsson og söng í Von.*



**SKÁLDIÐ** Einar Már Guðmundsson fór mikinn á þorrablótinu og sýndi gamalkunna takta. Alveg frábær.



**YFIRLÆKNIR Á ÞORRABLÓTI** Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, er glymjandi ræðumaður og hér fer hann á kostum á Þorrablóti SÁÁ.



**VEISLUSTJÓRINN OG GEIR** Hér ræðir Geir skipulagsmál við veislustjórann, Torfa Geirmundsson rakara, á árlegu þorrablóti SÁÁ.



**GÓÐ MÆTING Á TÓNLEIKA** Það er alltaf troðið út að dyrum í Von þegar góðir tónleikar eru annars vegar.






FJÖLSKYLDAN SKEMMTIR SÉR SAMAN Í SUMAR:

## ÚTIHÁTÍÐ AÐ HLÖÐUM UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Í fyrra var margt um manninn og sólskin alla helgina um Verslunarmannahelgina að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd. Tjaldstæði og öll aðstaða í félagsheimilinu að Hlöðum er til fyrirmyndar. Á síðasta ári var þvílíkt stuð og ráðgert að bæta um betur í ár. Í fyrra skemmtu kempur á borð við Geir Ólafsson, Gylfa Ægisson, KK, Poetrix og fleiri auk þess sem listasmiðja var sett upp fyrir börnin, farið í leiki og margt annað skemmtilegt gert. Sundlaug á staðnum!



**ÚTIHÁTÍÐ** SÁÁ býður til útihátíðar að Hlöðum um Verslunarmannahelgina.





## AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?



Ég kaupi álfinn af því að hann er mjúkur og sætur og gleður augað. Þegar ég horfi á álfinn minn gleður það mig líka að hugsa til þess að með því að kaupa hann legg ég mitt af mörkum til að styrkja ungar manneskjur sem eru að koma lífinu sínu í lag eftir erfiða tíma. Meðferðarúrræði fyrir ungt fólk verða að vera til staðar í samfélaginu. Við stöndum vörð um unga fólkið okkar og bregðumst því ekki. Kaupum álfinn!

**Kristín Þórunn Tómasdóttir**
**prestur**



Allt of oft missum við ungt fólk í blóma lífsins vegna ofneyslu lyfja. Starf SÁÁ skiptir sköpum og getur bjargað mannslífum. Þess vegna kaupi ég álfinn og hvet landsmenn til að leggja málefninu lið.

**Ágústa Johnson**
**framkvæmdarstjóri**



Ég kaupi álfinn í þeirri von að geta þannig lagt smávægilegt lið í baráttunni við ljóta kallinn í brennivíninu. Hann hefur svo mikinn eyðileggingarmátt þessi kall þegar hann fær að vaða uppi, eins og hann getur verið ljúfur þegar hann er ekki í baráttuhug. En vöðvarnir hans eru víst alltaf spenntir og við vitum ekki hvenær hann reiðir til höggs og hver verður fyrir. Þá er eins gott að til sé batterí með viðbúnaðaráætlun i gangi. Þar kemur álfurinn sterkur inn.

**Sólveig Baldursdóttir**
**ritstjóri**



Vegna þess að ég hef átt því láni að fagna að sjá ættingja og vini eignast nýtt líf að lokinni áfengismeðferð hjá SÁÁ. Við slíkt þjóðþrifastarf er gott að styðja.

**Árni Páll Árnason**
**félagsmálaráðherra**




**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**, yfirlæknir á Vogi, segir mörg jákvæð teikn á lofti í Kreppunni. Skarpari línur í árangri hvað unga fólkið okkar varðar, nýgengni hjá fólki undir 25 ára aldri hefur minnkað. Það er meðal annars vegna árangurs af starfi SÁÁ og ákvörðunar um að útrýma biðlistum fyrir ungt fólk. *Mikael Torfason* settist niður með Þórarni og tók stöðuna.

**SPRAUTA „Við erum að sjá færri nýja sprautufíkla, færri nýja kókaínfíkla og svo framvegis. Þetta eru mjög jákvæðar fréttir og að auki hefur nýgengni hjá fólki undir 25 ára aldri minnkað."**

# **Góðar fréttir** í kreppunni

„Stóra fréttin eru nýgengistölurnar sem nú liggja fyrir," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, um stöðuna í kreppunni. „Við erum að sjá færri nýja sprautufíkla, færri nýja kókaínfíkla og svo framvegis. Þetta eru mjög jákvæðar fréttir og að auki hefur nýgengni hjá fólki undir 25 ára aldri minnkað."

Engu að síður sér Þórarinn að sumir hlutir séu verri nú en áður. Hlutfall þeirra sem sprautar sig eykst enn, þótt nýgengnin standi í stað eða minnki, og sá hópur eldist. Því fylgja meiri vandamál til dæmis vegna fleiri tilfella af lifrabólgu C.

### Bjartsýnn á framhaldið

„Fyrir kreppu vorum við farin að sjá árangur af starfinu okkar og svo virðist sem kreppan hafi haft jákvæð áhrif," útskýrir Þórarinn og bætir við að þau á Vogi séu mjög þakklát fyrir að þetta sé í ákveðnu jafnvægi hvað fyrrnefnt varðar.

Ástæðurnar fyrir jákvæðum tölum hvað þá sem óska eftir þjónustu SÁÁ varðar eru margþættar. Ein af ástæðunum er að fólk á minni pening til að kaupa áfengi og fíkniefni í kreppunni. Þannig dregst ofneyslan saman yfir það heila.

„Þetta getur samt orðið verra á ákveðnum stöðum," segir Þórarinn. „Fólk á Suðurnesjum finnst kannski fá jákvæð teikn á lofti því þar virðist vera aukning á neyslu." Fyrir nokkrum árum var Akranes í svipuðum sporum og Suðurnes núna en þar virðist jafnvægi hafa náðst aftur.

„En svona á heildina litið þá eru horfurnar jákvæðar og ég leyfi mér að vera bjartsýnn á framhaldið," bætir Þórarinn við.

**„ÁSTANDI VAR SATT AÐ SEGJA ORÐIÐ ALVEG SKELFILEGT"**

**„BATAHORFUR BYGGJAST FYRST OG FREMST Á ANDLEGRI GETU OG LÍFSVILJA"**

### Árangur unga fólksins

Árangurinn sem náðst hefur hjá unga fólkinu rekur Þórarinn meðal annars til þess að ungt fólk hefur aldrei komið að lokuðu húsi á Vogi. „Það hafa ekki verið og eru ekki biðlistar þegar ungt fólk er annars vegar," segir Þórarinn.

Biðlistinn á Vog telur um 60 manns og fer minnkandi eftir aukningu í fyrra. Á biðlista fara einungis þeir sem hafa verið á Vogi síðustu þrjú ár. Ungt fólk eða fólk sem er að koma í fyrsta sinn fer ekki á biðlista.

„Það má rekja árangurinn með unga fólkið til þess að við höfum enga biðlista. Á þessum aldri er þetta nú oft eins og smitsjúkdómur og því fleiri sem koma á Vog fyrr og ná að takast á við fíknina því færri smitast þarna úti. Vegna þess að eitt ungmenni í neyslu smitar út frá sér. Sérstaklega á þessum aldri," segir Þórarinn og bætir við að það hafi nú verið eins gott að unga fólkið hafi dregið úr neyslunni. „Ástandi var satt að segja orðið alveg skelfilegt."

### Eldra fólkið bætir í

Það er hinsvegar sorglegt að segja frá því að eldra fólk hefur eldur bætt í neysluna. Fólk sem er fætt upp úr 1960 eykur komur sínar á Vog og sumt af því fólki er að koma inn með alvarlega fylgikvilla ofneyslu áfengis.

„Sumir þessara fylgikvilla geta leitt til dauða eins og til dæmis Wernickes heilasjúkdómurinn (Wernick's encephalopathy) sem stafar af vannæringu. Við fáum um hundrað tilfelli á ári sem eru í yfirvofandi hættu. Þá hefjum við vítamínmeðferð með sprautum því ekki er nóg að taka vítamín í pillum á því stigi. En alkóhólistar eiga að sjálfsögðu að passa upp á að taka vítamín, sérstaklega B-vítamín, og aðstandendur ættu að vera á verði fyrir göngulagstruflunum eða augnriðu en það eru einkenni Wernickes."

*En er einhver munur á batahorfum einstaklings sem einungis notar áfengi en þess sem er að blanda því saman við fíkniefni?*

„Batahorfur byggjast fyrst og fremst á andlegri getu og lífsvilja," segir Þórarinn. „Er viðkomandi ákveðinn í að hætta? Það skiptir höfuð máli. En samt sem áður þá virðist það stundum vera erfiðara fyrir þá sem eru í mörgum tegundum, bæði áfengi og fíkniefnum, að ná bata. Og svo eiga þeir sem sprauta sig í æð oft miklu erfiðara með að ná bata en aðrir."

### Meðferð í skugga niðurskurðar

Á sjúkrahúsinu Vogi var tekin sú ákvörðun að halda þjónustunni uppi. Þannig að allt annað var skorið niður niður og að sögn Þórarins hafa þau á Vogi staðið í blóðugum niðurskurði.

„Til dæmis þá hurfu þeir styrkir sem við höfðum til rannsókna í hruninu ásamt styrkjum frá bönkum og stórfyrirtækjum. Svo ákvað ríkið að draga úr greiðslum til okkar með því meðal annars að verðbæta ekki sitt framlag en eins og við vitum öll hefur mikil verðbólga verið í landinu."

Búið er að leggja niður þá starfsemi sem hægt var að leggja niður án þess að skerða þjónustu.

„Við urðum til dæmis að leggja niður ráðgjafanámið hjá okkur og annað tengt því. Sem er ekki gott og þar erum við svoldið að fresta vandamálunum. Við höfum einnig skorið á alla endurmenntun hjá bæði læknum og hjúkrunarfólki. Lagt niður útgáfustarfsemi og erum ekki að búa til ný fræðslugögn eins og staðan er."

### Góður andi á Vogi

Auðvitað þýðir þetta afturför og eitthvað hefur þurft að draga úr þjónustunni, svo blóðugt hefur þetta verið. Sjúklingar þurfa nú til dæmis að taka þátt í kostnaði við eftirmeðferð. Það kostar 55 þúsund að fara á Vík eða Staðarfell. SÁÁ hefur hinsvegar styrkt fátæka alkóhólista og stofnað sérstakan sjóð til að sinna því hlutverki.

„Þetta hefur verið ótrúlega erfitt og mikið átak. En við getum þakkað fyrir að vera lítið sveigjanlegt fyrirtæki með virkilega gott starfsfólk. Hér er er góður andi og fólk hefur tekið saman á vandamálunum. En þetta hafa verið mikil átök í raun," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, að lokum.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON „Það hafa ekki verið og eru ekki biðlistar þegar ungt fólk er annars vegar," segir Þórarinn.**

MYND: GUNNAR GUNNARSSON


DECUBAL
NOURISHING & RE-HYDRATING CREAM
WITH VITAMIN E & COCONUT OIL FOR EXTRA DRY SKIN CARE
VERY PLEASANT - LEAVES A NON-GREASY FEEL
FRAGRANCE FREE
RECOVER CREAM
DECUBAL
THE ORIGINAL DECUBAL CREAM
NOURISHING CREAM WITH NATURAL LIPIDS
EASY TO APPLY
FRAGRANCE FREE
CLINIC CREAM
HUGSAÐU VEL
UM HÚÐINA
• Húðin okkar er viðkvæm og veðráttan á Íslandi getur verið húðinni erfið.
• Decubal viðheldur heilbrigði og ferskleika húðarinnar – allt árið um kring.
• Kynntu þér eiginleika Decubal og kveddu þurra húð.
ÞÚ FÆRÐ DECUBAL
Í NÆSTA APÓTEKI
DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

# Ævintýri fyrir ferðalanga

**Ellingsen hefur mikla reynslu í sölu á öllu því sem tilheyrir ferðamennsku. Fyrirtækið er tæplega aldargamalt, stofnað árið 1916. Björn K. Björnsson segir verslunina vera dótakassa fyrir ferðafólk.**

„Aðalsmerki Ellingsen er persónuleg þjónusta. Enda þarf ferðafólk oft góða aðstoð við völ á réttum búnaði þar sem fólk ætlar að ferðast við mismunandi aðstæður," segir Björn.

Í tjöldum, svefnpokum, bakpokum og ýmsum fleiri ferðavörum býður Ellingsen upp á hið þekkta útivistarmerki Coleman. „Tjöldin er hægt að fá eins, tveggja, þriggja og allt upp í fjögurra manna en þau þola öll mjög vel íslenskar aðstæður. Þessi sem eru eins manns og henta göngufólki eru sérstaklega létt, einungis 1,95 kíló, og eru með smelluólum til að festa á bakpokann. Tjöldin, sem þola veður og vind, eru lágreist þannig að fólk skríður inn í þau og þau eiga að verja ferðalanga betur í þeirra fjallaferðum," segir Björn.

Svefnpokana frá Coleman er hægt að fá í nokkrum gerðum, eftir því hvort ferðast er um hásumar eða að vetri til og þá hvar er ferðast. Þannig er hægt að fá poka sem hægt er að nota í allt að 16 stiga frosti. „Coleman-bakpokana er svo hægt að fá 50+ kílóa, með góðri grind og bakstuðningi, og svo léttari poka fyrir minni farangur. Hægt er að bæta búnaði utan á suma pokana, hengja stafi og annað, fyrir mestu ferðagarpana. 50 kílóa pokinn er til að mynda með vösum fyrir kort, festingar fyrir göngustafi og fleira til."

Annar nauðsynlegur göngubúnaður er að sögn Björns til að mynda göngustafir, gönguskór, sem eru til fyrir erfiðar göngur og léttari, legghlífar, almennur hlífðarfatnaður og hlý undirföt. „Einnig eru undirfötin, úr merino-ull, sem við erum með frá Devold, einn besti tveggja laga ullarundirfatnaður sem völ er á. Fötin eru með mjög góðri öndun og helst fólki þurrt þrátt fyrir að svitna því fötin flytja raka frá líkamanum," segir Björn og bætir við að fötin henti einnig þeim vel sem eru viðkvæmir fyrir ull. Einnig er á boðstólum útivistarfatnaður og gönguskór frá Columbia í góðu úrvali.

„Annars hvetjum við fólk bara til að koma og skoða. Hér er ævintýraheimur. Ferðagrillin frá Coleman hafa notið mikilla vinsælda og svo má nefna ferðavagna, ferðaborð og -stóla og svo er allt til fyrir stang- og skotveiðina."



Björn K. Björnsson hjá Ellingsen segir úrvalið mikið í versluninni að Fiskislóð 1. Hér er Grétar Þorgeirsson starfsmaður Ellingsen með veiðistöng. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ellingsen er sannkallaður ævintýraheimur.

**● FARIÐ AÐ ÖLLU MEÐ GÁT Í ÚTILEGUNNI** Sjóvá Forvarnarhús býður upp á eftirfarandi heilræði sem gott er að hafa í huga í útilegunni á vefsíðu sinni, forvarnarhusid.is:

- Akið hægt um tjaldsvæðið og verið sérstaklega á varðbergi þegar bakkað er. Börn geta verið að leik við götuslóðina.
- Ef börn eru með í för, látið þau ekki hlaupa um tjaldsvæðið án þess að kynna ykkur umhverfið fyrst.
- Farið varlega með gas nálægt tjaldinu. Ef eldað er á gasgrilli, þarf að passa að ekki kvikni í gróðri.
- Ef eldað er á kolagrilli, þarf að staðsetja það þannig að eldur nái ekki í tjald eða gróður. Aldrei sprauta íkveikilegi á logandi kolagrill. Gangið tryggilega frá grillinu eftir notkun og ekki kasta heitum kolum þar sem hætta er á íkveikju.
- Ef prímus er notaður til að hita upp tjald, staðsetjið hann vel svo hann velti ekki og ekki hreyfa við honum þegar hann er í gangi. Farið aldrei að sofa með hann í gangi. Geymið gaskútana utan tjaldsins þegar þeir eru ekki í notkun.
- Geymið ekki eldspýtur eða eggvopn, s.s. beitta hnífa eða skæri þar sem börn ná til.
- Geymið aldrei verðmæti í tjöldum. Þau eru auðveld skotmörk þjófa.




Columbia Sportswear Company



**Silver Ridge™ Softshell**
Góður útivistarjakki sem hentar vel í rigningu því hann þornar fljótt og andar vel með **Omni-Shield®** vatns- og öndunarfilmu.

Herrar
Verð: 36.990.-



**Silver Ridge™ II**
Frábærar útivistarbuxur með rennilásum á skálmum. Hægt að renna skálmum af og gera að stuttbuxum. Buxurnar eru léttar og endingargóðar, fljótþornandi með **Omni-Dry®** og **Omni-Shade® UPF 30** sólarvörn. Tvöfalt 100 % nylon.

Herrar
Verð: 17.990.-



**First Traverse™ Fleece Hoodie**
Frábær flíspeysa með hettu. Aðsniðin og mjúk með **Omni-Shield®** vatns- og öndunarfilmu. Stillanlegur faldur og rennilás á vösum. 96% pólýester, 4% elastine.

Dömur
Verð: 22.990.-



**Silver Ridge™ Cargo**
Frábærar útivistarbuxur með rennilásum á skálmum sem gera þér kleift að skipta um skófatnað með hraði. Hægt er að renna skálmum af og gera stuttbuxur. **Omni-Shade® UPF 30** sólarvörn og **Omni-Dry®** vatnsvörn.

Dömur
Verð: 19.900.-

**Tagori**
Sterkbyggðir og léttir gönguskór. Styðja vel við fæturna og vernda gegn hnjaski. Innlegg með **Agion®** lyktarvörn. Léttur og grófur **Omni-Grip®** sóli sem virkar vel í möl og á grófu undirlagi.
Dömur og herrar
Verð: 17.990.-





**Newton Ridge™**
Léttir og þægilegir gönguskór fyrir styttri ferðir. Vatnshelt leður með auka vörn við hæl. Útskiptanlegt innlegg.
Dömur og herrar
Verð: 27.990

Ellingsen

REYKJAVÍK: Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 - AKUREYRI: Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630

# Nokkur ráð við val á svefnpoka

Góður svefnpoki er nauðsynlegur í útileguna. Hérna eru nokkur ráð til að velja rétta pokann.

Margar gerðir eru til af svefnpokum en fyrir þá sem hreyfa sig mikið í svefni geta nokkrir aukasentimetrar við axlirnar gert gæfumuninn. Þeir sem þurfa minna pláss geta þá valið sér þrengri poka.

Þegar hitastig pokans er valið þá er sniðugt að velja poka sem hefur fimm til tíu gráða meira kuldaþol heldur en búist er við að lenda í.

Við val á efni pokans er dúnpoki sniðugur ef þyngd og pláss skipta miklu máli en gallinn er hins vegar sá að blautur dún-svefnpoki verður mjög kaldur. Svefnpoki úr gerviefni er því sniðugur við þær aðstæður.

Heimild: www.alparnir.is.



Margar mismunandi gerðir eru til af svefnpokum.



Geir Gígja telur sig hafa prófað um sextíu til sjötíu tjaldsvæði á tíu árum en hér er hann í Þakgili ásamt Lenu Rut, dóttur sinni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Útilegur mikil afslöppun

**Geir Gígja, sem fer í þó nokkrar útilegurnar yfir sumartímann, segir að félagsskapurinn í útilegum sé stór hluti skemmtunarinnar.**

„Við höfum stundað það að fara í útilegur í líklega tíu ár," segir Geir Gígja útileguáhugamaður sem rekur vefinn www.tjalda.is ásamt Jónínu Einarsdóttur, eiginkonu sinni. „Við eigum þrjú börn á aldrinum þriggja til tólf ára sem geta ekki beðið eftir sumrinu til þess að komast í fyrstu útilegurnar."

Geir segir að fjölskyldan hafi að vísu ekki farið enn í fyrstu útilegu sumarsins. „Við komumst ekki um síðustu helgi en lágum heima og kvöldumst í staðinn," segir Geir brosandi. „Við væntum þess að fara jafnvel um næstu helgi. Við erum að spá í að fara eitthvað tiltölulega stutt þar sem við getum mögulega laumast í sjónvarp til að fylgjast með kosningunum. Fossatún gæti orðið fyrir valinu."

Aðspurður segir Geir að fjölskyldan hafi farið í útilegur allar helgar í fyrrasumar nema eina. „Þetta er bara svo gaman. Gott veður, úti í náttúrunni í góðum félagsskap, jafnvel þótt við séum að fara í stuttan tíma með tilheyrandi veseni við að taka sig til þá er þetta samt sem áður svo mikil afslöppun," segir Geir sem hefur notað fellihýsi, tjaldvagn og tjald í útilegunum.

Fyrir styttri útilegur fer fjölskyldan á Suðurland, Vesturland og Norðvesturland. „Síðan er voðalega gaman að fara í lengri ferðalög og fara þá Vestfirðina, lengra inn á Norðurlandið eða bara hringinn," segir Geir og rifjar upp eina eftirminnilegustu ferð fyrrasumars: „Það var rosalega gaman um verslunarmannahelgina. Við fórum á Hellishóla og keyrðum aðeins upp á hálendið í frábæru veðri. Það er sú ferð sem stendur upp úr eftir sumarið í fyrra."

Geir segir fjölskylduna reyna að velja tjaldsvæði sem þau hafa ekki prófað áður en markmiðið sé að fara á öll 180 tjaldsvæðin á vefnum tjalda.is. „Við erum ábyggilega komin upp í einhver sextíu til sjötíu tjaldsvæði á þessum tíu árum."

*- mmf*




**Ronseal lituð viðarvörn**

Flagnar ekki, springur ekki.
Hefur 5 ára veðrunar þol.
Þolir rigningu eftir 60 mín.
Er vatnsþynnanleg

Ásborg • Smiðjuvegi 11 • s. 564 1212

**Full verslun af nýjum vörum frá Bat& Bodyworks og Victoria´s Secret!!!**



B&B handsápurnar vinsælu, Body Mist, Body Lotion; Bubble bath, Body scrub, Glossar o.mfl. Nýir ilmir: ma, Orange Safir, Berry summer Vanillas, Island Waters. Mango Temptation

WWW.Snót.is
S: 897 2902

**THAIGRILL.is**

Sjáið matseðilinn á www.thaigrill.is

Góður matur á góðu verði
HRINGIÐ - PANTIÐ - SÆKIÐ
Sími: 562 8333
Hagamelur 67 - 107 RVK
Opið frá 17:00 til 21:00 alla daga

Frábært Fjölskyldutilboð
Kjúklingur Kókos & Chili
Svínakjöt m/ cashewhnetum
Djúpsteiktar Rækjur
Steiktar Eggjanúðlur
Hrísgrjón & Sósa
kr. 4000.-

**CARGO** sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is

Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

**IVECO**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

**BOMAG**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is



**Öflugir fjarstýrðir bílar í miklu úrvali.**

Tómstundahúsið

Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími: 5870600 • www.tomstundahusid.is

**Lúxuskerra og Ungbarnastóll / Mjög handhægt**



- Þyngd 11.5 kg
- Stillanlegt bak með svefnstöðu.
- Stór innkaupagrind
- Gúmmídekk, með snúning að framan.
- Bremsur á öllum hjólum
- Litir í boði eru blár og appelsínugulur

VERÐ: 49,900.-kr

Upplýsingar veitir s: 868-5001

**Glugga- og Hurðasmíði**

Smíðum glugga, hurðir og opnanleg fög í ýmsum stærðum og gerðum bæði í ný og gömul hús.

Kíktu á : saereki.is

Særeki Smíðaþjónusta

S. 862 7894 saereki@simnet.is

**SMURSTÖÐIN EHF.**

„Sá smurði gengur"

Smurþjónusta og smáviðgerðir

Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

**BETRI NOTUÐ BARNAFÖT**

50% afsláttur

LAGERSALA
Hnokka og Hnáta
Bergstaðastræti 13
Opið fimmtud og föstudag 12-17
laugard. 29 maí 12-16

**Gröfu- og vörubílaþjónusta**

Allar stærðir af gröfum, er með fleyg.
Útvegum allt fyllingarefni og mold.

- Hellulagnir
- Hleðsluveggir
- Jöfnun lóðir
- Jarðvegsskipti

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.

Uppl. S. 892 2257

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn- verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**

Vagnhöfða 7, kjallara • 110 RVK • S. 445 5562 • Gsm 615 2562

Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.

Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR



SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR



**Full búð af nýjum vörum frá Lauma Frábær verð**

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

S. 587 1350

**Lækkað verð á Royal Canin hundafóðri!**

Medium 15kg. Verð: 10.900 kr.
Maxi 15kg. Verð: 11.200 kr.

Opið virka daga 10-18 og lau 10-16

DÝRAGARÐURINN
Síðumúla 10 • S: 517-6525



# Þjónustuauglýsingar

Alla fimmtudaga

sigrunh@365.is
arnarut@365.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

The Purple Rabbit vill kaupa djörf myndbönd íslenzkra kvenna. Nánari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

Áfengis og vímuefnaráðgjafi . Meðferðarheimilið Krýsuvík óskar eftir ráðgjafa til sumarafleysinga. Umsóknir skulu berast á netfangið : krýsuvík@krýsuvík.is eða í faxi:5551865.

**Hefur þú brennandi áhuga á snyrtivörum og vilt kynnast AVON tækifærinu ?**
Avon leitar að öflugum sölufulltrúum um allt land. Hafðu samband í síma 5772150 eða ths@avon.is

Skemmtilegt atvinnutækifæri í boði fyrir alla, konur og karla, unga sem aldna. Nánari uppl. í S. 571 2720 og 844 1744.

Matreiðslumann, starfsfólk í eldhús og sal vantar. Veitingahús 40 mín frá Reykjavík, húsnæði í boði. Uppl. í s. 771 8829.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Glæný eldheit upptaka**
Hún er ljóshærð, grannvaxin og græneyg og í þessari afar innilegu upptöku fylgist þú með henni klifra hærra og hærra og ná síðan hreint ótrúlegum endasprett. Ofboðslega innileg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Atvinna

# AFGREIÐSLUSTARF

Afbragðs starfskraftur óskast til starfa í Snyrtibankann, rúmgóða snyrtivöruverslun sem státar af fjölbreyttu vöruvali. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að starf geti hafist sem fyrst.

**Menntunar og hæfniskröfur:** Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa mikla ábyrgðartilfinningu og vera einstaklega þjónustulipur. Menntun á sviði snyrtifræði eða förðunarfræði kostur. Snyrtimennska og góð framkoma skilyrði.

**Meðal helstu verkefna:** Þjónusta og sala til viðskiptavina, þrif í verslun, framstillingar og önnur tilfallandi störf svo sem lagervinna.

**Umsóknir sendast til sgunnbj@simnet.is fyrir 31.05 2010.**

## Fasteignir



Bolholt 4 • Sími: 588 5530
berg@berg.is • www.berg.is
Fax: 588 5540

**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**
Petur@berg.is




**Opið hús Einidal 11 Njarðvík.**
**fimmtudaginn 27. mai. Kl. 17.00 til 19.00**

SUMARIÐ ER KOMIÐ OG TIL SÖLU GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS Í ÚTJAÐRI REYKJANESBÆJAR MEÐ TILBÚNA LÓÐ FRÁ NÁTTURUNNAR HENDI TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING. ÖLL SKIPTI SKOÐUÐ.

Einbýlishús á einni hæð 179,8. fm og innbyggður 41,2 fm bílskúr alls 221 fm. Húsið er fullbúið að utan steinað í ljósum lit. Þak og Þakkantur frágengin klæddur með lituðu áli. Lóðin er náttúruleg með berjalyngi. Gluggar eru glerjaðir og hurðir íkomnar og frágengngar. Að innan er húsið tilbúið til spörslunnar, málunnar og innréttinga. Í Húsinu eru fjögur svefnherbergi, stofur, sjónvarpshol, eldhús með góðum borðkrók, tvö baðherbergi, forstofa og gangur. Gengið er út i garð frá eldhúsi og stofu. Glæsileg eign.

**BERG fasteignasala stofnuð 1989**




**Hvassaleiti 24**

**Opið hús föstudaginn 28. maí nk. á milli 17-18.**
**Verið velkomin að líta við - Elín Viðarsdóttir fasteignasali Miklaborgar tekur á móti ykkur.**

Vel skipulögð og velumgengin 4ra-5 herbergja íbúð á 2. hæð við Hvassaleiti í Reykjavík ásamt bílskúr.

Óskar R. Harðarson hdl. og lög. fasteignasali
FASTEIGNASALAN
**MIKLABORG**
569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

## Atvinna

**Ali**

## Starfsfólk í úrbeiningu

Síld og fiskur óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmenn eða starfsmenn vana kjötskurði í starfsstöð fyrirtækisins að Dalshrauni 9. Upplýsingar um starfið gefur Davíð (david@ali.is) í síma 8203861 eða Sveinn (denni@ali.is) í síma 899 2572

MENNTASKÓLINN Á TRÖLLASKAGA

## Framhaldsskólakennarar

Menntaskólinn á Tröllaskaga auglýsir eftir framhaldsskólakennurum í eftirtaldar greinar:

- Enska – 50% staða
- Danska – 50% staða
- Fagurlistir – 50% staða
- Raungreinar – 25% staða
- Íþróttir – 25% staða

Laun greiðast samkvæmt stofnanasamningi skólans.

Umsækjendur þurfa að hafa **háskólamenntun í viðkomandi grein og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.** Leitað er að kennurum sem hafa frumkvæði, eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og vilja taka þátt í uppbyggingu náms með dreifnámssniði og í samræmi við ný lög um framhaldsskóla (nr. 92/2008).

Kostur er ef umsækjendur hafa þekkingu og reynslu sem nýtist skólanum umfram kennslu í sinni grein.

**Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst 2010. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn skólans sitji námskeið áður en skólastarf hefst þar sem hugmyndafræði skólans verður rædd ítarlega og nýir kennsluhættir og vinnubrögð þjálfuð. Námskeiðin verða haldin 24. júní en síðan 12. – 13. og 16. ágúst í Ólafsfirði.**

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Láru Stefánsdóttur skólameistara í netfangið **lara@mtr.is** eða í pósti: Menntaskólinn á Tröllaskaga, v/Ægisgötu, 625 Ólafsfjörður.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi **10. júní 2010**. Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir skólameistari í netfanginu **lara@mtr.is** og í síma 896-3357.

**Skólameistari**

Menntaskólinn á Tröllaskaga leggur áherslu á öflugt faglegt nám til stúdentsprófs og framhaldsskólaprófs sem tengjast ferðum og útivist, listum og fisktækni. Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði og leggur áherslu á fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og margs konar námsmat með sérstakri áherslu á leiðsagnarmat. Skólinn tekur til starfa í ágúst 2010.

## Óskast keypt

**Kaupi allt dót og muni úr dánarbúum og búslóðum.**

Upplýsingar í s. **8690345** - Örn

## Þjónusta

# Er bankinn erfiður ?

Aðstoð við nauðasamninga, umsókn um greiðsluaðlögun og ábendingar um önnur úrræði sem gætu komið að gagni.

Ráðgjafaþjónusta Samtaka Lánþega



**615 1522**
adlogun@gandri.com
http://adlogun.gandri.com

greiðsluAÐLÖGUN
hamraborg 10 // IS-200 kópavogur

## Tilkynningar

# AÐALFUNDUR

**Aðalfundur félagsins haldin fimmtudaginn 3. júní kl. 16.00, á skrifstofu félagsins að Haukanesi 23, 210 Garðarbæ.**

***Dagskrá aðalfundar:***

Venjuleg aðalfundarstörf.

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is

VEGAGERÐIN

## Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði

**Drög að tillögu að matsáætlun**

Vegagerðin auglýsir hér með drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði í sveitarfélögunum Reykhólahreppi og Vesturbyggð. Núverandi vegur er 24,2 km langur en nýr vegur verður 19,1 eða 16,1 km langur, háð leiðarvali í Mjóafirði. Skoðaðar hafa verið tvær leiðir, veglína A og veglína B í Mjóafirði. Nýlagning vegna veglínu A er 8,8 km en nýlagning vegna veglínu B er 8 km. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á Vestfjörðum.

Drög að tillögu að matsáætlun eru kynnt á veraldarvefnum, samkvæmt reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Tillöguna er hægt að skoða á eftirfarandi heimasíðu: **www.vegagerdin.is**.
Almenningur getur gert athugasemdir við áætlunina og er athugasemdafrestur í 2 vikur eða til 7. júní 2010. Athugasemdir er hægt að senda með tölvupósti til helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is eða senda til Vegagerðarinnar, Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri.

Auglýsingasími
512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðgeir Bjarnar Valdemarsson**

bifreiðastjóri, Mýrarvegi 113, 600 Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri, föstudaginn 21. maí sl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju, mánudaginn 31. maí kl. 13.30.

**Gyða H. Þorsteinsdóttir**
**Valdís M. Friðgeirsdóttir** — **Jón Sigþór Gunnarsson**
**Valdemar Þ. Friðgeirsson** — **Sveinbirna Helgadóttir**
**Edda S. Friðgeirsdóttir** — **Kristinn Björnsson**
**Gunnhildur G. Friðgeirsdóttir** — **Anders Larsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skarphéðinn Jónsson**

frá Kringlu, Dalabyggð,

lést að dvalarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík, þriðjudaginn 25. maí.

**Guðrún Skarphéðinsdóttir** — **Kjartan Sigurðsson**
**Sigríður Skarphéðinsdóttir** — **Jóel Þorbjarnarson**
**Jón Skarphéðinsson**
**Margrét Skarphéðinsdóttir** — **Thor Eggertsson**
**Svanhildur Skarphéðinsdóttir** — **Magnús Sigurðsson**
**Jónas Rútsson** — **Kristín Viðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Anna Gunnarsson**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 25. maí.

**Bjarni Gunnar Sveinsson** — **Júlía Leví**
**Magnús Þorsteinsson** — **Kristín Sigurðardóttir**
**Sigurður Þorsteinsson** — **Aldís Gunnarsdóttir**
**Herdís Þorsteinsdóttir** — **Finnur Kristinsson**
**Anna Hedvig Þorsteinsdóttir** — **Gunnar Svavarsson**
**Ásmundur Sigvaldason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og dóttir,*

**Guðrún Þórsdóttir**

skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur,

lést á heimili sínu þann 25. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. júní kl. 13.00.

**Ólafur Stefánsson**
**Þór Ólafsson**
**Stefán Ólafsson** — **Stefanía Björgvinsdóttir**
**Anna Hulda Ólafsdóttir** — **Gunnar Hilmarsson**
**Friðrik Boði Ólafsson**
**Anna Hulda Sveinsdóttir**
**og barnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**JAMIE OLIVER ER 35 ÁRA**

*„Margir krakkar nú á dögum geta sagt þér sitthvað um úrval og áhrif fíkniefna, en hafa ekki grænan grun um hvernig sellerí, mangó eða kúrbítur smakkast."*

***Jamie Oliver er enskur matreiðslumeistari og heimsþekktur sjónvarpskokkur. Hann berst ötullega gegn óhollum skólamáltíðum í grunnskólum Bretlands.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 27. MAÍ 1937**

## *Vígsla Gullna hliðsins*



**GOLDEN GATE-BRÚIN**

Golden Gate-brúin, sem útleggst Gullna hliðið á íslensku, var vígð þennan dag fyrir 73 árum. Gullna hliðið er í raun sund sem tengir saman San Francisco-flóa og Kyrrahaf, en brúin hefur brúað sundið frá árinu 1937.

Golden Gate er hengibrú og er eitt helsta kennileiti San Francisco og Kaliforníu ásamt því að vera mikilvægt samgöngumannvirki sem tengir borgina San Francisco við Marinsýslu. Þegar smíði brúarinnar lauk var hún lengsta hengibrú veraldar og hélt þeim titli til 1964, en nú er hún sú áttunda lengsta í heiminum og önnur lengsta brú í Bandaríkjunum, á eftir Verrazano Narrows-brúnni í New York.

**EDDA JÓNSDÓTTIR:** GERIR ÚTVARPSÞÁTTARÖÐ UM FÁTÆKT

# Fátækt vandamál okkar allra

Þrjátíu milljónum króna var nýlega úthlutað úr sjóði sem stofnaður var í tilefni Evrópuársins 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun. Eitt þeirra rúmlega tuttugu verkefna sem hlaut styrk var útvarpsþáttaröð sem Edda Jónsdóttir sér um og ber yfirskriftina Harðgrýti fátæktar.

„Ég er þakklát fyrir að fá þetta tækifæri og það er spennandi að fara út í þetta samstarfsverkefni með Ríkisútvarpinu og félagsmálaráðuneytinu. Þættirnir verða fluttir vikulega, sá fyrsti í maí og svo út júní og hugmyndin með þeim er að opna umræðu um fátækt hér á landi og vinna gegn fordómum sem beinast gegn henni með ýmsum hætti," segir Edda. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Edda berst gegn fordómum en hún er til að mynda einn af stofnendum V-dagsins.

„Mér finnst þetta áhugavert viðfangsefni sem snertir mitt áhuga- og fræðasvið. Það er þó vandasamt að skoða fátækt á Íslandi og eftir að ég byrjaði að vinna í þessu hef ég séð hvernig maður þarf að passa sig að alhæfa ekki um fátækt út frá til dæmis ákveðnum hópum. Oft er talað um öryrkja sem fátæka, sem og aldraða, en innan þeirra hópa eru þó margir sem hafa það ekki slæmt. Þetta er því þörf umræða að mörgu leyti, þar sem mikið er um ranghugmyndir og mýtur."

Edda nefnir að Rauði krossinn hafi fylgst vel með þróun fátæktar hérlendis frá árinu 1994. „Það segir manni að fátækt hér á landi er ekki ný af nálinni. Eftir efnahagshrunið erum við hins vegar að sjá nýjar birtingarmyndir hennar, þar sem fólk býr í fínum húsum og á fína bíla en allt fer í afborganir og á því ekkert afgangs í daglegar nauðsynjavörur. Einnig eru margir sem hafa haft lítið á milli handanna á einhverju tímabili ævinnar þótt það sé ekki fátækt að staðaldri."



**FÁTÆKT AÐ GETA EKKI FARIÐ Í SUMARFRÍ** Edda Jónsdóttir segir að fátækt þurfi að miða út frá þeim viðmiðum sem séu í gangi í þjóðfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrsti þátturinn fer í loftið á laugardaginn klukkan 13 á Rás 1 og verða þættirnir að minnsta kosti sjö talsins. „Ég vona að fólk muni vilja tala við mig og segja sögu sína því að með því að tala um þessa hluti getum við afbakað þær mýtur sem eru í gangi og gert hlustendum kleift að setja sig í spor annarra og útvarpið er frábært tæki til þess."

**juliam@frettabladid.is**

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Hannes Finsen**

fv. forstjóri, Vesturgötu 50a, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 16.maí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 27. maí kl. 15.00.

**Guðbjörg A. Finsen**
**Guðrún Finsen Bjarne** — **Wessel Jensen**
**Aðalsteinn Finsen** — **Hulda Hrönn Finsen**
**Sigríður Finsen** — **Magnús Soffaníasson**
**barnabörn og fjölskyldur.**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Helga Vilmundardóttir**

Álfhólsvegi 25,

lést miðvikudaginn 19. maí á Líknardeildinni í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 28. maí kl. 15.00.

**Gunnhildur J. Gunnarsdóttir,**
**Hlífar V. Helgason, Lísa María Hjartardóttir, Sindri Snær Snorrason, Gunnhildur V. Friðriksdóttir, Vilmundur Þorsteinsson, Þorsteinn J. Vilmundarson, Oddur F. Vilmundarson.**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jakob J. Jónsson**

frá Rifgirðingum, Silfurgötu 15, Stykkishólmi,

lést á sjúkrahúsinu Akranesi 23. maí síðastliðinn. Jarðsett verður frá Stykkishólmskirkju þriðjudaginn 1. júní kl. 14.00.

**Svava Kristjánsdóttir**
**Kristján Kári Jakobsson** — **Torill Strøm**
**Þórhildur Jakobsdóttir** — **Sigurður G. Sívertsen**
**Jón J. Jakobsson** — **Hulda Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnheiður Helga Guðmundsdóttir**

Vallholti 16, Selfossi, (áður Sólbergi Stokkseyri),

lést mánudaginn 24. maí.

**Anna Jósefsdóttir** — **Ingibergur Magnússon**
**Guðmundur Jósefsson** — **Arndís Lárusdóttir**
**Sigmundur Sigurjónsson**
**Ólafur Jósefsson** — **Rósa Kristín Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jónatansdóttir**
Fjóluhvammi 3, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala föstudaginn 21. maí. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. maí kl. 15.00.

**Anna Edda Gísladóttir** **Birgir Steinþórsson**
**Konráð Breiðfjörð Pálmason** **Marín Sigurgeirsdóttir**
**Margrét Stefanía Gísladóttir**
**Þórdís Lilja Gísladóttir** **Þráinn Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar B. Svanbergssonar**
fyrrverandi vatnsveitustjóra, Eyrarlandsvegi 33, Akureyri.

**Ásta S. Jónsdóttir**
**Guðrún E. Sigurðardóttir**
**Smári S. Sigurðsson** **Nanna K. Sigurðardóttir**
**Hrafn Ó. Sigurðsson** **David N. Ekström**
**Sigurður A. Sigurðsson** **Harpa Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreinn Ketilsson**
Sunnuhlíð, Svalbarðsströnd,

er lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 21. maí s.l., verður jarðsunginn frá Svalbarðskirkju á Svalbarðsströnd mánudaginn 31. maí kl. 14.00. Innilegar þakkir til starfsfólksins á Lyflækningadeild 1 á Sjúkrahúsi Akureyrar fyrir góða umönnun.

**Hólmfríður Hreinsdóttir** **Stefán Stefánsson**
**Ingibjörg Hreinsdóttir** **Haukur Már Ingólfsson**
**Hólmkell Hreinsson** **Kristín Sóley Sigursveinsd.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Ingibjörg Haraldsdóttir**
frá Patreksfirði,

síðast til heimilis að Arnarhrauni 4 í Hafnarfirði, lést á Landspítalanum þann 24. maí. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. júní kl. 13.

**Pétur Ólafsson**
**Arnbjörg Pétursdóttir** **Haraldur Ólafsson**
**Óliver Pétursson** **Svandís Þorvaldsdóttir**
**Kristín Petrína Pétursdóttir** **Sigþór Jóhannes Guðmundsson**
**Haraldur Pétursson**
**og barnabörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð, stuðning og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður og ömmu,*

**Sigfríðar Theódórsdóttur Bjarnar**
kennara, áður til heimilis að Fannborg 8, Kópavogi.

Sérstakar þakkir og kveðjur til starfsfólks Sunnuhlíðar og heimahjúkrunar í Kópavogi fyrir góða umönnun og styrk.

**Theódór Skúli Halldórsson** **Ólöf Helga Pálmadóttir**
**Gunnlaugur Halldórsson** **Cécile Gaillot**
**Sigfríður Guðný Theódórsdóttir**
**Pálmi Ólafur Theódórsson** **Birgitta Strange**



*Ástkær bróðir okkar,*

**Ásgrímur Einarsson**
Grundargötu 9 Siglufirði,

sem lést á heilbrigðisstofnuninni Siglufirði miðvikudaginn 19. maí, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 28. maí kl. 14.00.

**Systkini hins látna**
**Stella Minný Einarsdóttir**
**Sólveig Einarsdóttir**
**Ásta Einarsdóttir**
**Jón Einarsson**
**Eysteinn Óskar Einarsson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jenný Jónsdóttir**
Hæðargarði 29,

andaðist á hjúkrunarheimilinu EIR á hvítasunnudag 23. maí. Að ósk hinnar látnu fer útförin fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands og Minningarsjóð Bústaðakirkju.

**Valdís Antonsdóttir**
**Úlfar Antonsson** **Siv Oscarsson**
**Jón Axel Antonsson** **Magnfríður Halldórsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,*

**Guðrún Sigríður Eggertsdóttir, Bíbí,**
áður til heimilis að Gnoðarvogi 32,

lést að Sunnuhlíð föstudaginn 7. maí s.l. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigdór Helgason**
**Björk Sigdórsdóttir**
**Birgir Sigdórsson** **Sigrún Ólafsdóttir**
**Helga Helgadóttir**
**börn og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda (Gógó) Guðbjartsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi laugardaginn 22. maí.

**Ásgerður Hjörleifsdóttir** **Haukur Brynjólfsson**
**Elísabeth Lagerholm**
**Magnús Hjörleifsson**
**Guðmundur Hjörleifsson** **Jenný Þórisdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Bróðir okkar og mágur,*

**Baldur Bjarnason**
vélstjóri, Hafnarbraut 31, Hornafirði,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands 19. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju á Hornafirði 29. maí klukkan 13.

**Sigríður Kolbeins** **sr. Gísli H. Kolbeins**
**Sigjón Bjarnason** **Kristín Einarsdóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásgerður Kristjánsdóttir**
áður til heimilis að Gnoðarvogi 42, Reykjavík,

lést á dvalarheimilinu Skógarbæ að kvöldi 24. maí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 31. maí klukkan 11.

**Kristinn Sigmundsson** **Ásgerður Þórisdóttir**
**Þórður Sigmundsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur B. Finnbogason**
Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum föstudaginn 21. maí. Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 28. maí kl. 13.00.

**Kristjana Jónsdóttir**
**Guðrún Hildur Ingimundardóttir**
**Finnbogi B. Ólafsson** **Þórleif Drífa Jónsdóttir**
**Ólafur Haukur Ólafsson**
**Valdimar Ólafsson** **Margrét Steinunn Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, ömmu og langömmu,*

**Kristínar Ísleifsdóttur**
Kleppsvegi 62, áður Álftamýri 53, Reykjavík.

**Guðjón Tómasson**
**Kristmann Grétar Óskarsson** **Bergljót Hermundsdóttir**
**Sigríður Guðjónsdóttir** **Jón Ingvarsson**
**Ingibjörg Guðjónsdóttir**
**Guðjón Axel Guðjónsson** **Katrín Eyvindsdóttir**
**Kristín Laufey Guðjónsdóttir** **Óðinn Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330






# Þjóðfélag vonbrigðanna

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Skömmu eftir Hrun, raunar bara örfáum dögum, varð vitundarvakning á Íslandi. Íslendingar sannfærðust um að það væri raunhæfur möguleiki á að stokka kerfið upp; út með það gamla – inn með það nýja. Um allan bæ hélt fólk súpufundi þar sem vinir komu saman og skeggræddu um framtíðina, möguleikana og tækifærin sem í henni fólust.

**Í DAGBLÖÐUNUM** valdist gáfaðasta og lærðasta fólk landsins í skuggaríkisstjórnir og vísaði veginn að betra landi; samfélagi þar sem spillingunni, smásálarskapnum, og tittlingaskítsskotgrafarumræðunni yrði kastað fyrir róða. Mörgum fannst eins og þjóðin hefði endurheimt glötuð heilindi og með þau í veganesti myndi ekki langt um líða þar til við fengjum uppreisn æru í samfélagi þjóðanna.

**SJALDAN** hafa jafn háleit og göfug markmið farið fyrir jafn lítið. Af öllu því sem lagt var upp með Hrunveturinn mikla hefur nákvæmlega ekkert ræst. Við stöndum frammi fyrir því að meirihluti kjósenda í Reykjavík lítur á risastóran fokkjúputta sem álitlegasta valkostinn í borgarstjórnarkosningum. Markið var sannarlega sett hátt og það ætlaðist enginn til þess að þær umbætur sem kallað var eftir næðu fram að ganga á einni nóttu en gat okkur fjandakornið ekki orðið aðeins meira ágengt á einu og hálfu ári?

**VIÐBRÖGÐ** margra stjórnmálamanna við Hruninu eru þversagnakennd; í aðra röndina vilja þeir flýja það; þeir forðast að ræða það og segja að við eigum ekki að dvelja of mikið við hið liðna. Á hinn bóginn vilja þeir ríghalda í Hrunið og kenna því um allt sem afvega fer hjá þeim; í fyrra kenndu þeir Hruninu um lélegt gengi í kosningum, nú er Hrunskýrslan að þvælast fyrir þeim. Hvað næst? Enn hefur enginn stjórnmálamaður gengið fram fyrir skjöldu og einfaldlega sagt: ætli skilaboðin séu ekki þau að fólki finnst við ekki hafa staðið okkur vel.

**HRUNIÐ** sjálft er afstaðið, þótt við glímum enn við afleiðingar þess. Almenningur hefur hins vegar ekki séð þess merki að flokkarnir hafi lært nokkuð af því eða hafi yfirhöfuð áhuga á að læra eitthvað af því. Þar til það gerist verður það álitlegur kostur að láta kylfu ráða kasti og merkja við upprétta löngutöngina á kjörseðlinum. Það er ekki til marks um andúð á lýðræðinu, eins og sumir halda fram, heldur fyrst og fremst vonbrigði. Einfaldasta leiðin til að verða ekki fyrir vonbrigðum er að hætta að gera sér væntingar. Það er vissulega sorglegt hlutskipti þjóðar en engu að síður nákvæmlega það sem við búum við í dag.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ora
Ástríða í matargerð
GRILLUM
AF ÁSTRÍÐU
Hvítlauks- & piparsósa
Sósa með lauk & kryddjurtum
Sósa með sólþurrkuðum tómötum
Piparsósa
Hvítlaukssósa
NÝTT FRÁ ORA
GRILLUM SAMAN Í SUMAR
www.ora.is
Bernaisesósa
170 g

**! ath. kl. 12.10 í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.**

*Hvenær er ljósmynd list? spyr María Karen Sigurðardóttir, safnstjóri Ljósmyndasafns Reykjavíkur, í fyrirlestri sínum sem hún flytur í dag. María Karen tók viðtöl við nokkra einstaklinga sem starfa við miðilinn, og í fyrirlestri sínum mun hún velta fyrir sér sjálfsmynd íslenskrar ljósmyndunar, og kannski líka íslenskra ljósmyndara. Eru þeir listamenn eða handverksfólk?*

# menning

menning@frettabladid.is



**DANSLIST** Hinn heimsþekkti dansari Jorma Uotinen fer fremstur í bræðraflokknum á frumsýningu kvöldsins.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bræður í dansi og leik

**Í kvöld verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu nýtt dansverk eftir þær Ástrósu Gunnarsdóttur og Láru Stefánsdóttur sem þær kalla Bræður. Verkið kallast á við verk þeirra Systur sem þær unnu fyrir fáum misserum og vakti þá mikla athygli og fékk góða rannsókn. Sýningin er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.**

Bræður er dansverk um karlmenn þar sem dans, leikur, tónar og sjónlist mætast með djörfum og kraftmiklum hætti. Í verkinu er hugarheimur og veruleiki karlmanna í fyrirrúmi, séður með augum karla og kvenna í gegnum gleði, svita og tár. Samskipti kynjanna og kynhlutverk eru sýnd í óvenjulegu og opinskáu samhengi þar sem meðal annars er fjallað um erjur og ástríður, trú og tungumál, sátt og sundurlyndi. Bræður er hugverk þeirra Ástrósar og Láru Stefánsdóttur og kölluðu þær til leikskáldið Hrafnhildi Hagalín þegar kom að fullvinnslu hugmynda fyrir svið. Útlit og búningar er í höndum Filippíu Elísdóttur og Ragnhildur Gísladóttur semur tónlist.

Það hefur löngum verið skortur á karldönsurum á Íslandi. Þeir hafa ríkari tilhneigingu til að leita úr landi og enn hefur Íslenska dansflokknum ekki tekist að koma sér upp ungum dönsurum þrátt fyrir merkilega og mikilvæga tilraun að leita í skóla eftir ungum mönnum sem kunni að vilja tjá sig í dansi. Það þarf því að leita víða til að manna stóran korpus karldansara hér á landi og verður að leita út fyrir landsteinana: Bræðurnir eru þeir Jorma Uotinen, Vinicius, Ívar Örn Sverrisson, Ívar Helgason, Aðalsteinn Kjartansson, Gunnlaugur Egilsson, Brian Gerke, Aðalsteinn Kjartansson, Karl Friðrik Hjaltason, Oddur Júlíusson, Sigurður Andrena Sigurgeirsson, Sveinn Breki Hróbjartsson og Viktor Leifsson. Þá dansa þær báðar í sýningunni, Ástrós og Lára.

Það er hópurinn Pars Pro Toto (PPT) sem stendur fyrir sýningunni en Lára Stefánsdóttur stofnaði hann fyrir fjölda ára. Þótt dansinn sé í forgrunni verkefna Pars Pro Toto þá leitar sköpunin í samruna ólíkra listgreina; dans, tónlist, myndlist, leiklist, kvikmynd, ritlist o.fl. PPT gerir forvitnilegar tilraunir með ný form, sýningar sem krefjast opins huga og skilningarvita frekar en lærðrar rökhugsunar, sýningar sem gera væntingar til áhorfandans um smíði nýrra og fordómalausra tenginga, að hann opni fyrir skilningarvitin og leyfi áhrifum sýninga að flæða inn í huga og líkama.

Dansverkið Bræður er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins, Pars Pro Toto og Listahátíðar í Reykjavík og er styrkt af Leiklistarráði Íslands, menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg.

Aðeins tvær sýningar verða á verkinu, í kvöld og annað kvöld.

pbb@frettabladid.is


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

19.05.10 – 25.05.10



**1** Hrunadans og horfið fé
Styrmir Gunnarsson



**2** Friðlaus
Lee Child



**3** 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu
Reynir Ingibjartsson



**4** Hálendishandbókin 2010
Páll Ásgeir Ásgeirsson



**5** Góða nótt, yndið mitt
Dorothy Koomson



**6** Ljóðaúrval
Jóhannes úr Kötlum



**7** Myndlist í 30.000 ár



**8** Saga mannsins



**9** Þegar orð fá vængi
Ritst. Torfi Jónsson



**10** Hafmeyjan
Camilla Läckberg

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



http://conference.inotherwords.is

Art in Translation
International Conference on Language and the Arts

**Fimmtudagur, 27. maí**
17:30 *Norræna húsið:*
Fyrirlesari: Guðbergur Bergsson, **"Is the bad translation in art the best translation?"**

**Föstudagur 28. maí**
09:00 Fyrsti hluti
*Askja 130:* **Representation, Language, and Identity**
*Askja 131:* **Art in Two Tongues**
10:30 Kaffihlé
11:00 Aðal umræður
*Norræna húsið:* **The Poems of Ossian: An Artful Creation?**
12:30 Hádegishlé
14:00 Annar hluti
*Askja 130:* **New Strategies and Technologies for Translation**
*Askja 131:* Tvöfalt pallborð
**Language at Its Limits og Reframing (Re)presentation**
*Norræna húsið:* Translation into Film, Translation Between Films
15:30 Kaffihlé
16:00 *Norræna húsið:* Aðalumræður listamanna: **The Unspoken Odd**
20:00 Háskólabíó: Kvikmynd eftir Guy Maddin: **Tales from the Gimli Hospital**

**Laugardagur 29. maí**
09:00 Þriðjihluti
*Askja 131:* **Narrative Influences**
*Norræna húsið:* **Arts Education and Production in the Public Sphere**
10:30 Kaffihlé
11:00 Fjórðihluti
*Askja 131:* tvöfalt pallborð
**The Language of the Land og Overcoming Hegemonies**
*Norræna húsið:* Tvöfalt pallborð
**Subjectivity, Text, and the Body og Misunderstanding as Understanding**
12:30 Hádegishlé
14:00 Fimmtihluti
*Askja 131:* **Problems in Pedagogy**
*Norræna húsið:* **New Voices in New Languages**
15:30 Kaffihlé
16:00 *Norræna húsið:* Tónleikar: **Billie Holiday in Norwegian**
16:45 *Norræna húsið:* Fyrirlesarar: Lea and Pekka Kantonen, **"Translation Tours: Artist as Translator"**

Norræna húsið · Háskóli Íslands · University of Manitoba · Listaháskóli Íslands


SUMAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
4GB
4GB COBY MP620 MP3 SPILARI
9.990
HVERGI BETRA VERÐ
320GB
PACKARD BELL ÖRSMÁR FLAKKARI
11.900
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
750GB
750GB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
11.900
1.5TB
1.5TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
19.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA


BAND OF HORSES


DR. DOG

## > Í SPILARANUM

**Band of Horses** - Infinite Arms
Í svörtum fötum - Tímabil
Paul Weller - Wake up the Nation
We Are Scientists - Barbara
**Dr. Dog** - Shame, Shame

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN RICKY MARTIN Á TOPPINN ÁRIÐ 1999

# Ricky kemur sér á kortið



- Livin' la Vida Loca skaust á toppinn í Bandaríkjunum hinn 8. maí árið 1999.
- Lagið hélt toppsætinu í fimm vikur þar til Jennifer Lopez velti Ricky af stallinum.
- Þetta lag er talið hafa rutt brautina fyrir latínó-poppara á borð við Lopez, Enrique Iglesias og Shakiru.
- Ricky Martin varð í kjölfarið stórstjarna í poppinu og hefur selt yfir 60 milljón plötur um allan heim.
- Einkalíf Ricky Martin hefur lengi verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Hann þvertók um árabil fyrir að vera samkynhneigður og sagði að sögur þess efnis væru sprottnar frá óvinum sínum.
- Í lok mars á þessu ári tilkynnti Martin á heimasíðu sinni að hann væri samkynhneigður. „Ég er heppinn samkynhneigður maður. Ég nýt blessunar."



## > Plata vikunnar

Quadruplos - Quadruplos

★★★★

„Flottur hljómur, dýnamík og tryllingur einkenna þessa fyrstu plötu Quadruplos." TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# Það heitasta þessa vikuna ...

Poppheimurinn er alltaf að verða hvikulli. Ef ný hljómsveit nær að vekja athygli á sér á einni af aðal tónlistarhátíðunum eða á víðlesnum tónlistarvef eru músikpælarar úti um allan heim strax búnir að frétta af því og ef viðkomandi stendur undir væntingum fylgja fjölmiðlarnir í kjölfarið. Þessi pistill er dæmi um það.


**SJÓÐANDI HEIT** Sleigh Bells eru þau Derek Miller og Alexis Krauss.

Hljómsveitin Sleigh Bells frá Brooklyn er skipuð þeim Derek Miller og Alexis Krauss. Þau hittust árið 2008 og byrjuðu að vinna saman að tónlist. Derek semur lög, spilar á gítar og tekur upp, en Alexis syngur. Þau vöktu mikla athygli á CMJ-tónlistarhátíðinni í New York í október 2009 og í kjölfarið tók tónlistarkonan M.I.A. þau upp á sína arma og sendi myndbönd með þeim að spila á tónleikum úti um allar trissur. Þannig heyrði ég fyrst í þeim. Nú, örfáum mánuðum seinna, er svo fyrsta plata sveitarinnar, Treats, að koma út og tónlistarmiðlar keppast um að lofa hana. Pitchforkmedia gefur henni t.d. 8.7/10 og meðaleinkunn hennar á Metacritic er 89/100. Sleigh Bells er líka bókuð á flottustu tónlistarhátíðirnar, er t.d. að spila á Primavera Sound í Barcelona í kvöld.

Og standa Derek og Alexis undir lofinu? Já, já. Treats er fín plata. Tónlistin er fersk og skemmtilegt blanda. Pitchfork talar um „gítarriff úr pönki og metal, millihraða takta úr hip-hoppi og elektró og ofurgrípandi syngdu-með viðlög". Það er ágæt lýsing. Fínt að byrja á því að tékka á lögum eins og Crown on the Ground og Tell Em. Það er erfitt að geta sér til um það hvort það verði enn talað um Sleigh Bells eftir eitt eða tvö ár. Það veit samt á gott að M.I.A. fékk Derek Miller til að vinna með sér á nýju plötunni sem er væntanleg í næsta mánuði.

## FRÁ JACK JOHNSON:




**Plöturnar:**
To The Sea *(2010)*
Sleep Through The Static *(2008)*
Sing-A-Longs and Lullabies For The Film Curious George *(2006)*
In Between Dreams *(2005)*
On And On *(2003)*
Brushfire Fairytales (2001)

**Vinsæl lög:**



Flake *(Brushfire Fairytales)*
Sitting, Waiting Wishing *(In Between Dreams)*
Upside Down *(Curious George)*
Angel *(Sleep Through The Static)*
You And Your Heart (To The Sea)

**Heimildarmyndir:**
Thicker Than Water *(2000)*
The September Sessions *(2002)*


**JACK JOHNSON** Brimbrettatöffarinn söngelski er að gefa út sína sjöttu plötu, To The Sea. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jack fer á bólakaf

**Brimbrettakappinn hugljúfi, Jack Johnson, syngur inn sumarið með sinni sjöttu plötu, To The Sea, sem kemur út á þriðjudaginn.**

Jack Johnson segir að titill plötunnar vísi til þess þegar faðir leiðir son sinn í átt til sjávarins þar sem sjórinn tákni undirmeðvitundina. „Platan snýst um að fara undir yfirborðið og læra að þekkja sjálfan sig," segir hann. „Ég á þrjú börn, þannig að platan snýst dálítið um fjölskyldumál. Bæði um mig sem son föður míns og með hvaða augum ég horfi á börnin mín. Ég er 34 ára og er á ákveðnum tímamótum í lífinu þar sem mér líður stundum eins og barni en stundum eins og föður. Platan snýst um alla þessa hluti."

Johnson fæddist á Hawaii árið 1975. Faðir hans var mikill brimbrettakappi og ungur að árum fylgdi sonurinn í fótspor hans. Johnson vakti fljótt athygli fyrir hæfileika sína og gerðist atvinnumaður í faginu. Sá ferill stóð stutt yfir því þegar hann var sautján ára lenti hann í slæmu brimbrettaslysi. Hann vatt kvæði sínu í kross, útskrifaðist með kvikmyndagráðu frá Kaliforníuháskóla og sneri í auknum mæli að tónlistinni í frístundum sínum, þar sem Bob Dylan, Ben Harper og Jimi Hendrix voru á meðal áhrifavalda. Það var einmitt upptökustjóri Bens Harper, J.P. Plunier, sem fékk prufuupptökur frá Johnson í hendurnar og ákvað að taka upp fyrstu plötuna hans, Brushfire Fairytales. Síðan þá hefur aðdáendahópur Jack Johnson stækkað með hverri plötunni og hafa þær nú selst í hátt í tuttugu milljónum eintaka, þrátt fyrir að gagnrýnendur hafi ekki allir verið sammála um ágæti hans. Vinsældirnar koma samt ekki á óvart því tónlistin er sérlega sumarleg og léttleikandi og textarnir eru flestir uppfullir af bjartsýni, ást og gleði.

Johnson er mikill umhverfisverndarsinni og til að mynda var nýja platan tekin upp í tveimur hljóðverum hans í Hawaii og í Los Angeles sem eru bæði knúin áfram af sólarorku. Síðastliðinn mánudag ákvað hann svo að kynna plötuna með því að halda tónleika við strönd borgarinnar Santa Monica í Los Angeles þar sem gestir voru hvattir til að hreinsa ströndina í leiðinni.

Johnson hefur í nógu að snúast í sumar við að fylgja nýju plötunni eftir. Tónleikaferð um heiminn hefst um miðjan júní og á meðal viðkomustaða verða Hróarskelduhátíðin og Glastonbury á Englandi.

freyr@frettabladid.is




# Stones á toppnum

Breska rokksveitin The Rolling Stones á vinsælustu plötuna í Bretlandi í fyrsta skipti í 16 ár. Um er að ræða endurútgáfu á hinni vinsælu plötu Exile On Main Street. Platan kom fyrst út árið 1972 en er nú endurútgefin með áður óútgefnum lögum. Það var árið 1994 sem Stones komst síðast á toppinn í Bretlandi, þá með Voodoo Lounge.


**THE ROLLING STONES** Gömlu mennirnir eru enn vinsælir. Frá vinstri eru Mick Jagger, Ron Wood, Keith Richards og Charlie Watts.

Exile On Main Street er endurútgefin vegna útgáfu á heimildarmynd um gerð plötunnar. „Þessar vinsældir sanna að tónlist Stones er jafn öflug í dag og þegar hún var samin," segir David Joseph, stjórnarformaður Universal í Bretlandi, útgáfufyrirtækis The Rolling Stones.



VIÐ LOKUM SKÍFUNNI LAUGAVEGI!
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU
TÓNLIST · LEIKIR
TÓNLIST
LOKAHELGI! ALLT Á AÐ SELJAST!
VIÐ AUKUM AFSLÁTTINN Í 50%!
50% AFSLÁTTUR
LOKAHELGI!
Opið alla daga 12 - 18.
Athugið! Gildir aðeins í Skífunni Laugavegi 26
SKÍFAN
LAUGAVEGUR 26







# bíó

bio@frettabladid.is

### > ARFTAKINN FUNDINN

Michael Bay var ekki lengi að finna arftaka **Megan Fox** sem gaf það út nýverið að hún hygðist ekki leika í þriðju myndinni um umbreytingana. Sú heppna heitir Rosie Huntington-Whiteley, þekktust fyrir að vera Victoria's Secret-fyrirsæta.



## Burton í milljarð

Lísu í Undraland eftir Tim Burton hefur unnið það einstaka afrek að raka inn einum milljarði Bandaríkjadala í miðasölu. 332 milljónir komu inn í kassann í Bandaríkjunum og 667 milljónir á öðrum svæðum. Þetta þykir nokkuð merkilegt því þetta er aðeins sjötta myndin í sögunni sem nær þessu takmarki. Hinar eru Avatar, Titanic, Síðasta Hringadróttinssögumyndin, Dark Knight og þriðja myndin um Jack Sparrow og hina ribbaldana í Karíbahafinu.



**MAGNAÐ** Lísa í Undralandi hefur þénað yfir einn milljarð dollara í miðasölu um allan heim.

# Deilt um Frank Sinatra

**Ævi ítalskættaða söngvarans Frank Sinatra er sveipuð goðsagnakenndum ljóma. Hann var ætíð áberandi í bandarísku þjóðlífi, tók umdeildar ákvarðanir á stjórnmálasviðinu, studdi menn og málefni á opinberum vettvangi, var bendlaður við mafíuna og var allan sinn feril hleraður af FBI. Efniviðurinn er sannarlega fyrir hendi fyrir góða bíómynd.**



**SINATRA**

Scorsese vill gera Goodfellas-kvikmynd um **Frank Sinatra** en dóttir stjörnunnar er ekki hrifin af þeirri nálgun. Scorsese vill **Al Pacino** í stóra hlutverkið, dótturina dreymir helst um að sjá **George Clooney** sem bláskjá.

En Sinatra, stóra myndin um Frank, hefur aldrei verið gerð. Sem verður að teljast nokkuð merkilegt. Kvikmyndir um tónlistarmenn eru gerðar með reglulegu millibili. Og þær draga ekki alltaf upp fallega mynd af viðkomandi listamanni. Ævi og einkalíf sveitasöngvarans Johnny Cash í Walk the Line var ekki meðhöndlað neinum silkihönskum þar sem maðurinn í svörtu hélt framhjá eiginkonu sinni, smyglaði eiturlyfjum og var raunar hið mesta fól þar til hann fann Jesú. John Lennon ratar líka með jöfnu millibili á hvíta tjaldið, sömuleiðis Presley.

CBS-sjónvarpsstöðin réðst fyrir næstum tuttugu árum í gerð viðamikillar sjónvarpsþáttaraðar um Frank Sinatra. Phil Casnoff, þekktur fyrir sjónvarps- og sviðsleik, var fenginn til að túlka Sinatra. Hún var frumsýnd árið 1991 og fékk Golden Globe-verðlaun og sitthvað fleira. Sinatra var hins vegar enn á lífi og Casnoff hitti meira að segja goðsögnina meðan á tökum stóð. Þannig að ekki var rými til að skoða sögu söngvarans með gagnrýnum gleraugum. Þar er af nægu að taka; Sinatra daðraði við stjórnmál jafnt sem konur, studdi John F. Kennedy, átti vingott við mafíuósa og glímdi ætíð við mikið þunglyndi. Fjölskyldulífið var því oft þjakað af miklum skapsveiflum eins og kemur fram í ævisögu dóttur hans, Tinu Sinatra.

Sinatra hefur því aldrei fengið það framhaldslíf á hvíta tjaldinu sem hann á skilið. Martin Scorsese er nú sagður vera með handrit að kvikmynd um Sinatra og Brett Ratner hefur einnig lýst því yfir að hann vilji gera mynd þar sem ævi Sinatra er í aðalhlutverki. Scorsese hefur hins vegar ekki gert það upp við sig hvernig hann vilji gera myndina; tveir valmöguleikar séu í stöðunni. Annars vegar að gera tímabilsmynd með einum leikara í hlutverki Sinatra eða gera myndina á svipaðan hátt og Todd Haynes gerði með Bob Dylan þar sem nokkrir leikarar gerðu honum skil. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Scorsese þó mestan hug á að gera tímabilsmynd sem yrði í svipuðum stíl og Goodfellas og leikstjórinn magnaði lýsti því strax yfir að Al Pacino væri kjörinn í hlutverk Sinatra, De Niro smellpassaði síðan sem Dean Martin.

En eftir því sem fréttir herma frá Hollywood þá er fjölskyldu Sinatra ákaflega umhugað um ímynd söngvarans. Og líst ekkert á að Scorsese vilji gera „Goodfellas“-kvikmynd um söngvarann. Tina Sinatra, sem á réttinn að öllum verkum föður síns, er ekki sögð vera himinlifandi með yfirlýsingar Scorsese. Henni líst til að mynda illa á Al Pacino í hlutverk föður síns. „Ég myndi vilja sjá George Clooney leika hann,“ sagði Tina í samtali við fjölmiðla og vill að eigin sögn fá nokkuð mjúka mynd af föður sínum. Því ber að halda til að haga að Tina á allan réttinn að lögum föður síns og því veltur ansi mikið á henni og hennar skoðunum.

# Unglingar og rómverjar

Unnendur skylmingamynda halda áfram að fá dýrindis máltíðir framreiddar á kvikmyndahlaðborðið því stórmyndin Centurion verður frumsýnd um helgina.

Myndin gerist á Bretlandi um það leyti sem rómverska heimsveldið er að leggja landið undir sig. Herdeild undir stjórn Quintus Dias lendir í óvæntri mótspyrnu þegar hópur Pikta, þjóðflokks sem býr í Skotlandi, verst með kjafti og klóm gegn hernámi Rómverja. Þegar sonur leiðtoga Pikta er drepinn neyðast Rómverjarnir til að leggja á flótta enda eru Piktar þekktir fyrir sannkallaða villimennsku í stríði. Með helstu hlutverk í myndinni fara þau Michael Fassbender, Dominic West og Bond-pían Olga Kurylenko.

Þeir sem kjósa aðeins rólegri stemningu gætu kíkt á nýjustu mynd Michaels Cera. Þrátt fyrir að leikarinn Cera verði 22 ára 7. júní næstkomandi virðist hann helst næla sér í sextán ára gelgjuhlutverk. Youth in Revolt er engin breyting á því. Cera leikur Nick Twisp sem á í vandræðum með sjálfan sig en þegar hann kynnist draumadísinni ákveður hann að skapa Francois Dillinger, hið illa sjálf. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Ray Liotta og Justin Long.



**ALLTAF UNGUR** Michael Cera virðist fallinn í sömu gildru og Michael J. Fox, hann er alltaf ungur.

# EGF

BIOeffect™ **húðdropar**

# Vellíðan og betra útlit

Nýju **EGF BIOeffect™** húðdroparnir gefa frísklegra útlit og auka raka og fyllingu. Þeir innihalda EGF frumuvaka sem stuðlar að endurnýjun húðfrumna og spornar gegn öldrun húðarinnar.



## Nýju EGF BIOeffect™ húðdroparnir:

- Gefa ferskara yfirbragð
- Veita aukinn raka og fyllingu
- Eyða þurrkblettum
- Henta öllum húðgerðum
- Innihalda engin aukaefni
- Byggja á verðlaunuðum vísindarannsóknum
- Meðferð í einum dropa

*Íslensk nýsköpun,*
*hugvit og framleiðsla*




www.sifcosmetics.is

Sif COSMETICS

## EGF BIOeffect™ húðdroparnir fást nú í öllum verslunum Hagkaups

### Kynning í Hagkaup

Sérfræðingar frá Sif Cosmetics kynna nýju EGF BIOeffect™ húðdropana og verða viðskiptavinum Hagkaups til ráðgjafar í verslunum í Kringlunni, Skeifunni og Smáralind, föstudag og laugardag.

| | |
|---|---|
| Hagkaup, Kringlunni: | föstudag 28. maí kl. 12–19 |
| Hagkaup, Skeifunni: | föstudag 28. maí kl. 16–19 |
| Hagkaup, Smáralind: | laugardag 29. maí kl. 12–18 |

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

PIPAR\TBWA • SÍA • 101313






# Fólk

folk@frett



*„Ég held það sé mikill munur á því að vera heimskur og kjánalegur. Heimsk manneskja veit ekkert. Það að vera kjánalegur er að hafa hugrekki til að spyrja um það sem maður ekki veit.“*

**JESSICA SIMPSON**
**hefur oft verið talin undir meðaltali þegar kemur að greind.**



*„Vinsældir leikara eru hverfular. Þær eru hér einn daginn og farnar þann næsta.“*

**HARRISON FORD**
**um frægðina.**



*„Þú veist að þú elskar einhvern þegar þú vilt ekkert frekar en að hinn aðilinn sé hamingjusamur, jafnvel þótt þú sért ekki hluti af þeirri hamingju.“*

**JULIA ROBERTS**
**þegar hún var spurð út í ást án skilyrða.**



**MIKIÐ STUÐ** Hljómsveitinni Útidúr bregður fyrir í ímyndarauglýsingu fyrir Ísland þar sem hún leikur af sinni alkunnu snilld í veðurblíðunni á Austurvelli. Tökur á auglýsingunni, sem flokkast sem „Viral Video“, fóru fram í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Túristar dansa við Jungle Drum í íslenskri náttúru

**Landkynningarátak ferðamálafyrirtækja og iðnaðarráðuneytisins vegna eldgossins er smám saman að taka á sig endanlega mynd. Vefsíðan inspiredbyiceland.com verður opnuð í dag og nú er verið að leggja lokahönd á óhefðbundna auglýsingu.**

Umrædd auglýsing skartar erlendum ferðamönnum í íslensku landslagi þar sem þeir tala um upplifun sína af íslenskri náttúru. Í sumum tilvikum hefur Ísland svo mikil áhrif að þeir stíga trylltan dans undir laginu Jungle Drum eftir Emilíönu Torrini.

Reynir Lyngdal er leikstjóri myndbandsins, tökumaður er Bergsteinn Björgúlfsson en höfundurinn er Bragi Valdimar Skúlason hjá Fíton. Bragi segir auglýsinguna hugsaða til dreifingar á netinu, hún eigi eiginlega að dreifa sér sjálf og flokkast því sem svokallað „viral video“. Reynir segir það hafa verið gríðarlega skemmtilegt að vinna auglýsinguna, þeir hafi farið hringinn í kringum landið og tekið viðtöl við túrista sem flestir hafi verið bergnumdir af náttúrufegurðinni. „Auglýsingin á fyrst og fremst að vera skemmtileg, þetta eru myndbrot af fallegum stöðum í höfuðborginni og svo úti um allt land,“ segir Reynir en stórsveitin Útidúr er meðal þeirra sem birtist í auglýsingunni, hún leikur af sinni alkunnu snilld á Austurvelli í blíðskaparveðri. Meðal annarra sem koma við sögu er kór Öldutúnsskóla en aðaláherslan er lögð á frásagnir ferðamannanna. **freyrgigja@frettabladid.is**

# Fylgir Jóni eins og skugginn

„Ég er að safna heimildum. Þetta er, held ég, einstakur viðburður í Íslandssögunni,“ segir leikstjórinn Gaukur Úlfarsson sem fylgir grínistanum og frambjóðanda Besta flokksins, Jóni Gnarr, eins og skugginn þessa dagana. „Ég fékk leyfi til að mynda allt þetta ferli. Það er ótrúlega gaman að fá að fylgjast með þessu. Þetta er líka mjög upplýsandi fyrir fólkið í landinu að sjá hvernig þetta allt fer fram.“

Gaukur, sem byrjaði að taka upp í desember, er ekki búinn að ákveða hvað hann ætlar að gera við myndefnið, en nýlega myndaði hann uppistand Jóns í Landnámssetrinu. „Ég er ekki búinn að hugsa það langt. Ég á bara fullt í fangi með að eltast við Jón út um allar trissur,“ segir hann. „Þetta er frábært efni sem ég hef náð, enda er maðurinn einstakur snillingur. Hann stoppar aldrei, hvort sem hann er að segja skemmtilegar sögur eða hugsa upphátt. Hann er ekki bara fyndinn heldur er hann mikill hugsjónamaður.“

Gaukur hefur sjálfur unnið fyrir Besta flokkinn. Spurður hvort eingöngu jákvæð mynd verði dregin upp af Jóni segir Gaukur að hann hafi ekki enn rekist á neina óvænta, neikvæða hlið á Jóni. „Ég held að þjóðin hafi ákveðna hugmynd um hver hann er en svo er hann töluvert mikið öðruvísi en það. Hann er mikið meiri andans maður og hugsuður en ég hefði látið mér detta í hug. En hann er auðvitað fyndnasti hugsjónamaður sem ég hef kynnst.“ **- fb**



**GAUKUR ÚLFARSSON** Safnar heimildum um framboð Jóns Gnarr fyrir Besta flokkinn.

# Nýtt ofurpar

Bandaríska söngkonan Katy Perry sagði í nýlegu viðtali við útvarpsmanninn Ryan Seacrest að henni liði sem hún og unnusti hennar væru hið nýja stjörnupar. Söngkonan líkir sér og gamanleikaranum Russell Brand við Angelinu Jolie og Brad Pitt. „Mér finnst eins og ég og Russell séum nýja Brangelina nú þegar kvikmyndin hans, Get him to the Greek, verður frumsýnd. Við munum mæta á rauða dregilinn saman. Það er allt að gerast á sama tíma þessa dagana og það er mikil blessun, ef annaðhvort okkar væri ekki að vinna þá held ég að við yrðum pirruð á hvort öðru.“



**OFURPAR?** Katy Perry telur sig og unnusta sinn vera hið nýja stjörnupar.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Póker fyrir gott málefni

Góðgerðarpókermót verður haldið á Gullöldinni í Grafarvogi í kvöld klukkan 18. Mótið er til styrktar fjölskyldu Kristófers Darra Ólafssonar, sem lést á leiksvæði í Grafarvogi í maí. Hann var á fjórða aldursári.

Davíð Rúnarsson, einn af aðstandendum mótsins, segir fjölmarga landsþekkta skemmtikrafta ætla að mæta á svæðið og skemmta spilurunum, en á meðal þeirra verður enginn annar en Steindi Jr. 1.000 krónur kostar inn á mótið og menn geta keypt sig inn eins oft og þeir vilja innan tímamarka.

Fjölmörg fyrirtæki styrkja mótið með vinningum, en allt fé sem safnast rennur til fjölskyldunnar. Á meðal vinninga eru fartölva, utanlandsferðir, fatnaður, ljósakort og margt fleira.



**SKEMMTIR Á GÓÐGERÐARMÓTI** Steindi Jr. mætir á mótið á Gullöldinni í kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 27. maí 2010**

### → Tónleikar





**20.00 Freyja Gunnlaugsdóttir** klarínettuleikari og **Hanna Dóra Sturludóttir** Mezzósópran halda útgáfutónleika í Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir J. Brahms, W.A. Mozart og Atla Heimi Sveinsson.

**20.00 Kristján Jóhannnsson** óperusöngvari kemur fram á tónleikum í Hamarssal Flensborgarskólans ásamt kórum skólans. **Fjölbreytt efnisskrá.**

**21.00** Scott McLemore og **Hammond tríó** Þóris Baldursson koma fram á tónleikum á Café Rosenberg við Klapparstíg.

**22.00 Hvannadalsbræður** halda útgáfutónleika á Græna Hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

### → Sýningar

Í Gerðarsafni við **Hamraborg í Kópavogi,** stendur yfir yfirlitssýning á verkum Hafsteins Austmanns. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

### → Pub Quiz

**20.00** Fótbolta **Pub Quiz** fer fram á Enska barnum við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Þema kvöldsins er Íslenskur fótbolti. Nánari upplýsingar á **www.sammarinn.com.**

### → Leikrit

**20.00** Leikhópurinn **CommonNonsense** sýnir verkið Af ástum manns og hrærivélar í Kassanum, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindagötu. Nánari upplýsingar á **www.leikhusid.is.**

### → Leiðsögn

**14.00** Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir verður með leiðsögn um Nesstofu á Seltjarnarnesi og um sýninguna Saga og framtíð. **Aðgangur ókeypis.**

### → Fyrirlestrar

**20.00** Þýski ljósmyndarinn **Friederike von Rauch** segir frá frá verkum sínum og ferli í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Fyrirlesturinn er í tengslum við sýninguna Staðir sem nú stendur þar yfir. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 12-17. **Fimmtudaga er opið til kl. 21.**

**20.00** Fulltrúar frá **KRADS** arkitektum flytja erindi um verkefni stofunnar hjá Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Nánari upplýsingar á www.listasafnreykjavikur.is. **Allir velkomnir.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is








20% afsláttur af
öllum dömuskóm og töskum

Gildir út mánudag.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Skutluskáld gefur út bók

**Fjölmiðlakonan Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba Marinós, gefur út sína fyrstu bók, Makalaus, í dag. Í bókinni fjallar Tobba hispurslaust um íslenska stefnumótamenningu og að sögn útgefanda bókarinnar er þetta skutluskáldskapur af bestu sort.**



**SKUTLUSKÁLD** Þorbjörg Marinósdóttir gefur út sína fyrstu skáldsögu, Makalaus, í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er skáldsaga sem fjallar um einhleypa stelpu í Reykjavík og samskipti hennar við hitt kynið og flestir atburðir bókarinnar eru byggðir á raunverulegum atburðum,“ útskýrir Þorbjörg. Hún hefur haldið úti bloggi á DV.is í rúmt ár og kveðst fljótlega hafa tekið eftir því að þær færslur sem voru hvað mest lesnar voru þær er fjölluðu um samskipti kynjanna og því hafi hún ákveðið að skrifa bók um efnið. „Mig minnir að hver færsla sem fjallaði um samskipti kynjanna hafi verið lesin af um sjö þúsund manns og af því að dæma er augljóst að það er markaður fyrir skáldskap sem þennan hér á landi. Það sem kom mér kannski hvað mest á óvart var að kynjahlutfall lesenda var næstum jafnt og karlarnir voru jafn duglegir að tjá sig um færslurnar og konurnar. Mér fannst líka fyndið hvað þeir upplifðu hlutina allt öðru vísi en við og það er kannski svolítið kjarni bókarinnar; hvað við upplifum hlutina á mismunandi hátt.“

Skutluskáldskapur er gríðarlega vinsæll bókaflokkur erlendis og fjalla bækurnar flestar um ungar framakonur og leit þeirra að hinum eina sanna. Á Íslandi hafa áður komið út bækur sem flokka mætti sem skutluskáldskap en Þorbjörg telur að Makalaus sé fyrsta bókin sem skrifuð sé sérstaklega með þennan markað í huga.

Innt eftir því hvort búast megi við fleiri bókum frá henni í framtíðinni svarar Þorbjörg því játandi. „Ég er næstum byrjuð á annarri bók. Þegar maður er einhleypur verður maður að skrifa þetta niður og tappa af. Sagan er reyndar það persónuleg að ég er skíthrædd við að hún verði skotin niður en ég verð sátt ef hún fær þó ekki nema eina manneskju til að hlæja upphátt,“ segir Þorbjörg kát.

Útgáfuhóf verður haldið klukkan 17.00 í dag á Austur í tilefni útgáfu bókarinnar. sara@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 (POWER) | 12 |
| BROOKLYN'S FINEST | 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| HUGO 3 | 4 | L |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 5 | L |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30D - 8D - 8:30 - 10:30D | 10 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10:30 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 8 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 10:50 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30D - 8D - 9 - 10:30D | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| LAST SONG | kl. 8 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 - 10:50 | 12 |

já -er svarið NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| YOUTH IN REVOLT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SNABBA CASH LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 3.50 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| YOUTH IN REVOLT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BROOKLYN'S FINEST | kl. 6 - 9 | 16 |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 | 16 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 9 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 8 - 10* | L |

* Síðasta sýning

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| OCEANS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |




Fangaðu heiminn með Canon IXUS
DIGITAL IXUS
Frábær saga
er sögð með stíl.
IXUS sameinar fágað útlit og frumkvöðla ljósmyndatækni. Að taka frábærar myndir við allar aðstæður hefur aldrei verið auðveldara þar sem Scene Detection tækni velur á milli hentugustu tökustillingana eftir því hverjar aðstæður eru.
Allt að 14.1 megapixlar, val um 24 - 28 mm gleiðlinsa, snertiskjá og HD vídeó.
Taktu meira en myndir.
Taktu sögur.
Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook
Canon
Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt
ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornið - Penninn / Sauðárkrókur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Foto - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is

## 15 DAGAR Í HM



Ungverjar settu markamet þegar þeir skoruðu 27 mörk í 5 leikjum á HM í Sviss 1954 (5,4 í leik) en þeim tókst þó ekki að verða heimsmeistarar. Ungverjar töpuðu úrslitaleiknum, 2-3, á móti Vestur-þjóðverjum. Ungverska liðið var aðeins undir í sex mínútur í allri keppninni og það var síðustu sex mínúturnar í úrslitaleiknum eftir að Helmut Rahn hafði skorað sigurmark þýska liðsins á 84. mínútu. Ungverjar voru búnir að spila 31 leik í röð án taps fyrir úrslitaleikinn eða alla leiki sína frá árinu 1950.

# sport

sport@frettabladid.is

BJARNI ÞÓRÐUR HALLDÓRSSON: FÉKK RAUTT SPJALD OG VÍTI Á SIG FYRIR MEINT BROT Á FYRRUM LIÐSFÉLAGA.

## *Mér þykir alltaf vænt um Sævar Þór Gíslason*



Bjarni Þórður Halldórsson var ekki ánægður með vítaspyrnudóminn og rauða spjaldið sem hann fékk á sig í leiknum gegn Selfossi á þriðjudaginn. Sævar Þór Gíslason, sem var liðsfélagi Bjarna hjá Fylki, fiskaði vítið og spjaldið eins og hann orðaði sjálfur.

„Þetta var snerting, það var alveg klárt. Ég steig inn í hann og það kom snerting," sagði Sævar við Vísi eftir leikinn og bætti svo við á Rúv: „Ég var bara klókur og sótti vítið." Selfoss skoraði úr vítinu, jafnaði í 2-2, sem urðu lokatölur leiksins.

Bjarna var ráðlagt að fara ekki í viðtöl eftir leikinn, enda var hann orðinn ansi pirraður. Hann fór varlega í að tjá sig í gær þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans. „Vandamálin og leyndardómarnir gefa lífinu gildi en sannleikurinn og skýringarnar gera það snauðara," sagði Bjarni djúpur. „Þetta er Guðbergur."

En hvað um atvikið? „Ég tek hendurnar frá og leggst niður, ég finn ekki snertingu," sagði Bjarni en Sævar féll með tilþrifum og voru uppi skiptar skoðanir um hvort um víti væri að ræða eða ekki.

„Síðan ef við tökum það líka fyrir, það sem Sævar lætur hafa eftir sér eftir leikinn. Hann segir „ég fiskaði þetta, ég stíg inn í hann og sæki vítið". Hversu heiðarlegt er það? Að stíga inn í liggjandi mann sem getur ekkert hreyft sig eða farið neitt," sagði Bjarni og bætti við: „Af hverju er það ekki gult spjald fyrir hann eins og rautt fyrir mig? Í staðinn fæ ég bann fyrir enga snertingu finnst mér," sagði markmaðurinn.

Hann tók nokkur dæmi um markmenn sem fengu gul spjöld fyrir svipuð brot, til að mynda þegar Hannes Þór Halldórsson markmaður Fram braut á Gilles Ondo í leik Fram og Grindavíkur í þriðju umferð en hann fékk gult spjald fyrir það brot.

„Það þarf að leggja línu, hvenær á að gefa rautt og hvenær ekki," sagði Bjarni og bætti við:

„Mér þykir alltaf vænt um Sævar Þór Gíslason samt," sagði Bjarni glettinn eftir allt.

Pepsi-deild kvenna í kvöld:

## Ná þær aftur að stoppa Val?

**FÓTBOLTI** Það fer fram heil umferð í Pepsi-deild kvenna í kvöld og stórleikur kvöldsins er fyrir norðan þegar Þór/KA tekur á móti toppliði Vals í uppgjöri tveggja efstu liða deildarinnar.

Valskonur hafa ekki tapað stigi eða fengið á sig mark síðan þær mættu einmitt Þór/KA síðast. Þór/KA vann þá 2-1 sigur á Hlíðarenda en Valskonur hafa frá þeim leik unnið 6 deildarleiki í röð, haldið marki sínu hreinu í 540 mínútur og skorað 29 mörk í röð án þess að mótherjar hafi náð að svara.



**- óój**


SANYL ÞAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755


# Fannst við geta unnið

## Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir Austurríki í hreinum úrslitaleik um sæti í lokakeppni EM eftir grátlegt tap á móti Frökkum í Höllinni í gær.

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið þarf að bíða þar til á laugardaginn til þess að tryggja sér sögulegt sæti í lokakeppni EM eftir þriggja marka tap fyrir Frökkum, 24-27, í Laugardalshöllinni í gærkvöldi.

Jafntefli hefði dugað íslenska liðinu til að tryggja farseðilinn og um tíma leit allt út fyrir að frábær barátta og mikill vilji væri að skila liðinu á EM en þær frönsku voru sterkari í lokin og tryggðu sér nauman sigur.

Íslensku stelpurnar gáfu allt sitt í leikinn og sýndu mikinn styrk með því að gefast ekki upp þegar á móti blés og franska liðið virtist vera að stinga af. Íslenska liðið skoraði fimm mörk í röð um miðjan seinni hálfleik og komst yfir í leiknum en tókst ekki að halda út á móti einu besta liði í heimi.

„Mér fannst við betri aðilinn á löngum köflum, við vorum líka með betri samstöðu og betri liðsheild," sagði sársvekkt Anna Úrsúla Guðmundsdóttir eftir leik. „Við spiluðum góðan varnarleik og þetta var góður leikur af okkar hálfu. Nú förum við bara út í nótt og tökum þessar Austurríkisgellur!" sagði Anna ákveðin. „Þær eru vanari því að spila stóra leiki og þetta reddaðist einhvernveginn hjá þeim. Svona er handboltinn upp og niður og þessar tölur segja ekki neitt," sagði Anna sem var sérstaklega svekkt að hafa brennt af færinu á lokamínútunni. „Það sem einkennir Íslendinga er baráttuvilji, það skiptir ekki máli hvar við spilum, við trúum alltaf að við getum unnið. Íslenska hjartað er sterkt, það er einn möguleiki í viðbót og við ætlum að nýta hann," sagði Anna.



**FRÁBÆR LEIKUR HJÁ STELPUNUM** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og félagar í íslenska kvennalandsliðinu léku vel á móti silfurliði Frakka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frakkar náðu fjögurra marka forskoti í fyrri hálfleik og aftur í seinni hálfleik en íslensku stelpurnar komu sér í bæði skiptin aftur inn í leikinn. Stelpurnar spiluðu frábærlega á þrettán mínútna kafla um miðjan seinni hálfleik sem vannst 7-2. Íslenska liðið komst þá yfir í leiknum í 19-18. Hanna Guðrún Stefánsdóttir, sem átti frábæran leik gær, skoraði fimm mörk á þessum kafla. Íslenska liðið hélt þó ekki forskotinu lengi og franska liðið var með frumkvæðið á lokakaflanum.

Fyrirliðinn Rakel Dögg Bragadóttir var gríðarlega svekkt í leikslok. „Þetta er ógeðslega grátlegt að ná ekki að jafna þetta. Þetta er leiðinlegt. Mér fannst við alveg geta unnið þennan leik. Það sem fór með okkur var að klikka á dauðafærum og við gerðum of mörg mistök í sókninni. Við erum með gott lið og við höfum verið að taka miklum framförum. Þessi hópur á heima á stórmóti. Það er svekkjandi að klára þetta ekki í kvöld en ef við vinnum Austurríki þá komumst við á EM," sagði svekkt en ákveðin Rakel sem hrósaði áhorfendum fyrir stuðninginn.

**ooj@frettabladid.is, hþh**

### Ísland-Frakkland 24-27

**Mörk Íslands (Skot):** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 13/6 (20/8), Rakel Dögg Bragadóttir 3 (6), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (4), Hrafnhildur Skúladóttir 2 (7), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2 (3), Berglind Íris Hansdóttir 1 (1), Rut Arnfjörð Jónsdóttir 1(1), Rebekka Rut Skúladóttir (1), Sunna Jónsdóttir (1), Karen Knútsdóttir (3), Stella Sigurðardóttir (4).

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 11 (33/2, 33%), Íris Björk Símonardóttir 1(6, 17%).



**FRÁ Í MÁNUÐ** Ómar er meiddur á lærvöðva. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ómar Jóhannsson frá í mánuð:

## Vilja markmann að neyðarláni

**FÓTBOLTI** Ómar Jóhannsson, markvörður Keflvíkinga, verður frá í að minnsta kosti fjórar vikur. Hann er tognaður á vöðva framan á lærinu. „Þetta er mjög slæm tognun," segir Willum Þór Þórsson, þjálfari liðsins.

Keflvíkingar hafa þegar talað við KSÍ og ætla að fá markmann til sín á svokölluðu neyðarláni. Árni Freyr Ásgeirsson kom inn á fyrir Ómar í leiknum gegn KR og stóð sig vel en hann er aðeins 18 ára. Auk hans er einn markmaður í þriðja flokki til staðar.

„Þetta er full mikil ábyrgð á hendur þeim tveim," sagði Willum.

**- hþh**

Maradona, þjálfari Argentínu:

## Hleypur nakinn vinnist HM

**FÓTBOLTI** Diego Maradona, þjálfari argentínska landsliðsins, er tilbúinn að gera allt fyrir heimsmeistaratitil, meira að segja að koma nakinn fram.

Maradona gaf athyglisvert loforð í útvarpsviðtali daginn eftir leikinn sem var síðasti æfingaleikur liðsins fyrir HM. „Ef við vinnum HM þá mun ég hlaupa nakinn í kringum Obelisk," sagði Maradona en Obelisk er minnisvarði í miðbæ höfuðborgarinnar Búenos Aíres og einn þekktasti staður borgarinnar.

**- óój**


FRÁBÆRT VERÐ

Mjög öflugt grill fyrir Íslenskar aðstæður



- Mikil orka 16,5 kw/h
- Ryðfrítt lok og takkaborð
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Sterk viðargrind
- Neistakveikja í rofa
- Skúffa fyrir fitu
- Hitamælir
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð:136 x 106 x 62cm

16,5 kw/h

49.900
FULLT VERÐ 69.900

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM


Grindavík búið að skipta um þjálfara á miðju tímabili í fjórða sinn á sex árum:

## Kostic rekinn frá Grindavík í gær

**FÓTBOLTI** Lúkas Kostic var í gær rekinn sem þjálfari Grindavíkurliðsins eftir fjórða tapið í jafnmörgum leikjum í Pepsi-deild karla. Grindvíkingar hafa nú annað árið í röð skipt um þjálfara eftir aðeins nokkra leiki á Íslandsmótinu. Í fyrra hætti Milan Stefán Jankovic með liðið eftir aðeins þrjá leiki en þá líkt og nú var liðið stigalaust á botni deildarinnar.

Þetta er heldur ekki í fyrsta sinn sem Grindavík skiptir um þjálfara á miðju tímabili á undanförnum árum því þetta er í fjórða sinn á sex árum sem það gerist.

Leikmenn Grindavíkur voru í fríi í gær en ekki er ákveðið hver stýrir æfingu í dag. Grindvíkingar hófu leit að nýjum þjálfara í gærkvöldi á stjórnarfundi. „Við erum bara á byrjunarreit," sagði formaðurinn Þorsteinn Gunnarsson.

Hringt var í leikmenn Grindavíkur í gær og þeir látnir vita af ákvörðun stjórnarinnar. „Við virðum þessa ákvörðun bara og verðum að horfa bjartir fram á veginn," sagði Orri Freyr Hjaltalín, fyrirliði. „Lúkas er drengur góður og hann lagði sig allan fram fyrir félagið."

Þrálátur orðrómur um óánægju meðal leikmanna í garð Lúkasar hefur gengið lengi. „Sumir eru ósáttir við hann, aðrir eru bara ánægðir. Það er eins og gengur og gerist," sagði Orri. Næsti leikur liðsins er á móti Íslandsmeisturum FH í Kaplakrika á mánudaginn kemur en þar vann liðið í fyrra einn sinn stærsta sigur undir stjórn Lúkasar Kostic.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Lúkasi er sagt upp eftir aðeins nokkra leiki á öðru ári. Það varð sem dæmi allt vitlaust í KR fyrir þrettán árum þegar hann var rekinn sem þjálfari liðsins eftir aðeins fimm leiki. Leikmenn KR fóru þá í verkfall í þrjá daga og meðal þeirra voru þrír núverandi þjálfarar í Pepsi-deild karla, Heimir Guðjónsson (FH), Ólafur Kristjánsson (Breiðabliki) og Guðmundur Benediktsson (Selfossi).

**- óój, hþh**



**LÚKAS KOSTIC** Grindavík vann 6 af 23 leikjum undir hans stjórn 2009-2010.

# 20% Opnunartilboð




**Tjaldaland Útilífs er við hliðina á TBR-höllinni**

**0% VAXTALAUSAR LÉTTGREIÐSLUR allt að 6 mánuðum!**




**High Peak Como 6 manna**
Tvískipt innratjald með fortjaldi á milli. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 200 cm.
Verð **39.990** kr.



**High Peak Ancona 4 og 5 manna**
Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar. Hæð 190/200 cm.
Verð **42.990/52.990** kr.



**Taranto 6 manna**
Tvískipt innratjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 210 cm.
Verð **79.990** kr.



**High Peak Ikaria 4 manna**
Braggatjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 130 cm.
Verð **28.990** kr.



**High Peak Nevada 3 manna**
Sígilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 120 cm.
Verð **16.990** kr.



**High Peak Cave 2 og 3 manna**
Göngutjald sem er auðvelt í uppsetningu og aðeins 2,9 kg. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Fibersúlur. Hæð 90 cm.
Verð **19.990/23.990** kr.

# Tjaldaúrvalið er í Tjaldalandi

## Öll helstu merkin í tjöldum!

THE NORTH FACE
HIGH PEAK
FJÄLLRÄVEN



**The North Face Tadpole 2 manna**
Létt göngutjald 2,4 kg. Vatnsvörn 1.500 mm taffeta. Botn 5.000 mm taffeta. Álsúlur. Hæð 100 cm.
Verð **54.990** kr.



**High Peak Denali 3 manna**
Göngutjald með góðu fortjaldi. Vatnsvörn 4.000 mm. Botn 5.000 mm. Álsúlur. Hæð 120 cm. Þyngd 4,35 kg.
Verð **64.990** kr.

**Uppsett tjöld til sýnis alla virka daga frá kl. 10-17.**

**Fleiri upplýsingar á www.utilif.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50440 05/10

# ÚTILÍF

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

## > Teri Hatcher

„Ég mundi vilja breyta bakhluta mínum. Mér finnst hann aðeins of lafandi. Guð einn veit hvernig hann mun líta út þegar ég eldist. Ég mun líklega draga hann á gangstéttinni á eftir mér.“

***Teri Hatcher fer með hlutverk í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Aðþrengdum eiginkonum sem sýndir eru í Sjónvarpinu á fimmtudögum kl. 21.15.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ ÆSISPENNANDI STIGAKEPPNINNI Í EUROVISION

# *Hera slapp fyrir horn*

Spennan var gífurleg þegar tilkynnt var um hvaða þjóðir kæmust áfram í úrslit Eurovision-keppninnar sem verða haldin á laugardaginn. Þegar hver Austur-Evrópuþjóðin á fætur annarri var dregin úr pottinum virtist greinilegt að austantjaldsþjóðirnar hefðu í leynimakki sínu ákveðið að kjósa hver aðra áfram, eins og svo oft áður reyndar.

Fréttamaðurinn Sigmar Guðmundsson minntist einmitt með ásökunartón á Austur-Evrópu í lýsingu sinni og var alveg við það að missa trúna á að Je ne sais quoi færi áfram. Sömuleiðis varð brosið á Heru Björk alltaf minna og minna eftir því sem úrslitasætunum fækkaði. Hera ríghélt í púða kyrfilega merktan íslenska fánanum og var í þann mund að kveðja langþráðan draum sinn um að keppa fyrir hönd okkar í stóru keppninni, þegar Ísland var loksins dregið úr pottinum. Fagnaðarlætin urðu mikil og ljóst að þungu fargi var létt af bæði íslensku keppendunum og Sigmari. Honum hefði vafalítið leiðst yfir því að hafa þurft að lýsa úrslitunum án þess að Ísland kæmi þar nokkuð við sögu.

Síðast þegar Ísland var dregið síðast úr pottinum lenti Jóhanna Guðrún í öðru sæti og vonandi á Hera eftir að standa sig álíka vel þegar hún stígur á svið númer sextán í röðinni á laugardaginn.



**HERA BJÖRK** Hera Björk keppir í úrslitum Eurovision fyrir Íslands hönd á laugardaginn.

## FIMMTUDAGUR



▶ **18.00** Pokemon STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.00** Söngvakeppni evrópska sjónvarpsstöðva SJÓNVARPIÐ



▶ **19.45** King of Queens SKJÁREINN



▶ **20.45** NCIS STÖÐ 2



▶ **21.50** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Stiklur - Börn náttúrunnar** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha?** (29:35) (e)
**17.50 Stundin okkar** (e)
**18.20 Fréttir**
**18.50 Veðurfréttir**
▶**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá seinni forkeppninni.
**21.05 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva**
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (131:134) (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur, og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálft ár. Alríkislögreglumaður í Los Angeles reynir að komast að því hvað gerðist og hver olli því og koma upp gagnagrunni yfir framtíðarsýnir fólks. Meðal leikenda eru Joseph Fiennes, John Cho og Jack Davenport.
**23.00 Berlínaraspirnar** (2:8) (Berlinerpoplene) Norskur myndaflokkur frá 2007 byggður á vinsælum skáldsögum eftir Anne B. Ragde. (e)
**23.55 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e)
**01.55 Fréttir (e)**
**02.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 My Date with Drew**
**10.00 Blades of Glory**
**12.00 Pokemon 6**
**14.00 My Date with Drew**
**16.00 Blades of Glory** Jon Heder úr Napoleon Dynamite.
▶**18.00 Pokemon 6**
**20.00 Fool's Gold**
**22.00 The Ex**
**00.00 Billy Bathgate**
**02.00 Yes**
**04.00 The Ex**
**06.00 Road Trip**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Harry and Toto, Litla risaeðlan, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.50 Logi í beinni**
**11.50 Amazing Race** (7:11)
**12.35 Nágranna**
**13.00 NCIS** (17:19)
**13.45 The O.C.** (10:27)
**14.30 La Fea Más Bella** (174:300)
**15.15 La Fea Más Bella** (175:300)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar, Litla risaeðlan, Harry and Toto
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (20:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (1:24)
**20.10 Matarást með Rikku** (4:8) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum.
▶**20.45 NCIS** (21:25)
**21.30 Fringe**
**22.15 The Fixer** (6:6)
**23.05 Steindinn okkar** Drepfyndinn sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.
**23.30 Twenty Four** (17:24)
**00.15 Cold Case** (20:22)
**01.00 The Mentalist** (19:23)
**01.45 Supernatural** (12:16)
**02.25 Bring It On. In It to Win It**
**03.55 The Beat My Heart Skipped**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.40 NBA körfuboltinn. Orlando - Boston** Útsending frá leik Orlando og Boston í úrslitakeppni NBA körfuboltans.
**19.40 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**20.05 Grænland** Farið verður á framandi slóðir að þessu sinni og Grænland heimsótt og skoðað hvernig er að veiða hjá þessari nágrannaþjóð.
**20.35 HP Byron Nelson Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**21.30 Meistaradeild Evrópu. Bayern - Inter** Útsending frá leik Inter og Bayern Munchen í úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**23.10 NBA körfuboltinn. Orlando - Boston** Útsending frá leik Orlando og Boston í úrslitakeppni NBA körfuboltans.
**01.00 NBA körfuboltinn. LA Lakers - Phoenix** Bein útsending frá leik Lakers og Phoenix í úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Aston Villa - Bolton** Útsending frá leik Aston Villa og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.00 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.00 Kluivert**
**21.30 PL Classic Matches. Everton - Man United, 2003**
**22.00 Everton - Chelsea** Útsending frá leik Everton og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Rachael Ray**
**16.35 Dr. Phil**
**17.20 Spjallið með Sölva** (e)
**18.10 America's Next Top Model** (5:12) (e)
**18.55 H2O** (4:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka.
**19.20 America's Funniest Home Videos** (45:50) (e)
▶**19.45 King of Queens** (20:24) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Family Guy** (2:14) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**20.35 Parks & Recreation** (4:13) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Leslie er stressuð fyrir sitt fyrsta stefnumót með Dave og Ann fer með henni á æfingastefnumót til að undirbúa hana sem best.
**21.00 Royal Pains** (6:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons. Hank og Evan eyða helgi með forríkri fjölskyldu á einkaeyju fjölskyldunnar. Allt fer úrskeiðis sem getur farið úrskeiðis.
**21.50 Law & Order** (5:22)
**22.40 Jay Leno**
**23.25 The Good Wife** (20:23) (e)
**00.15 King of Queens** (20:24) (e)
**00.40 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Arnar Sigurmundsson formaður Landssamtaka Lífeyrisjóða er gestur Ingva Hrafns.
**21.00 Eitt fjall á viku** Í dag ljúkum við göngu á Víknaslóðir.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi Magnússon mætir í eldhúsið á Hereford steikhús.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.30

### Fringe



Önnur þáttaröðin heldur nú áfram um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni, Dr. Walter Bishop, og syni hans, Peter, rannsakar hún röð dularfullra atvika. Sannleikurinn um hvernig Peter lenti hjá Walter, og hvað kom fyrir móður hans, er við það að komast upp.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Parks and Recreation

### Skjáreinn kl. 20.35

Gamanþáttaröðin Parks and Recreation kemur frá sömu framleiðendum og The Office. Í þáttunum er gert grín að því hvernig opinberir starfsmenn geta gert einfalda hluti mjög flókna. Amy Poehler leikur aðalhlutverkið, konu sem vinnur á bæjarskrifstofunni í Pawnee í Indiana. Almenningsgarðar og leiksvæði barna eru hennar sérsvið og hún tekur starfið mjög alvarlega.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Stjórnsýslan og hrunið
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Mánafjöll
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Listahátíð í Reykjavík 2010: Kimmo Pohjonen
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Útvarpsperlur: Cosa Nostra - sikileyska mafían í brennidepli
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 Gilmore Girls** (20/22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Grey's Anatomy** (23/24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

**22.35 Ghost Whisperer** (16/23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.

**23.20 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**00.05 Gilmore Girls** (20/22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**00.50 Sjáðu**

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.55** The Inspector Lynley Mysteries **11.45** The Black Adder **12.15** The Black Adder **12.45** My Hero **13.15** My Hero **13.45** The Weakest Link **14.30** Absolutely Fabulous **15.00** The Black Adder **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** The Visit **18.30** The Inspector Lynley Mysteries **19.15** Dalziel and Pascoe **20.05** The Visit **20.35** Strictly Come Dancing **21.50** Strictly Come Dancing **22.40** Doctor Who **23.25** The Visit ous

## DR 1

**10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Seinfeld **12.00** Hvad er det værd? **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Disney's Substitutterne **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Forsvundne danskere **18.30** TV Avisen **18.55** SportNyt **19.00** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2010 **21.00** Höök **22.00** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Eurovision Song Contest 2010 **12.15** Norge rundt **12.40** Urix **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Harry - seks år og kokkelærling **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Eurovision Song Contest 2010 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Änglagård - sommaren etter

## SVT 1

**10.05** 100 procent bonde **10.35** Flyttlasset går **11.05** Fråga doktorn **12.30** Dox. Förlorade söner **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Så ska det låta **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Landgång **19.00** Eurovision Song Contest **21.00** Ouppklarat **21.30** Uppdrag Granskning **22.30** Livvakterna **23.30** Eurovision Song Contest



## MORGUNMATURINN



*„Stundum borða ég ekki neitt en helst vil ég fá mér ávexti og Baska-egg, sem er réttur sem maðurinn minn gerir alveg einstaklega vel.“*

Ástrós Gunnarsdóttir, einn af höfundum dansverksins Bræður.



**LÁRÉTT 2.** spjall, **6.** átt, **8.** aur, **9.** æxlunarkorn, **11.** slá, **12.** aðfall, **14.** rabb, **16.** drykkur, **17.** útsæði, **18.** angra, **20.** stöðug hreyfing, **21.** kvenflík.
**LÓÐRÉTT 1.** nýja, **3.** frá, **4.** þegn, **5.** hrökk við, **7.** hagnaður, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** ala, **16.** missir, **19.** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** na, **8.** for, **9.** gró, **11.** rá, **12.** aðsog, **14.** skraf, **16.** te, **17.** fræ, **18.** ama, **20.** ið, **21.** píls. **LÓÐRÉTT: 1.** unga, **3.** af, **4.** borgari, **5.** brá, **7.** arðsemi, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fæða, **16.** tap, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Gert Hof.
2. Árið 1885.
3. Aðför að lögum.




# Fjölnir er tíður gestur í norsku sjónvarpi

Norsk auglýsing þar sem athafnamaðurinn Fjölnir Þorgeirsson notar hreinsiefnin Zalo Oppvask og Kjøkkenspray óspart í eldhúsinu hefur verið spiluð mikið upp á síðkastið. Auglýsingin var tekin upp fyrir fyrr á árinu en þar sem vorhreingerningar eru í fullum gangi er Fjölnir orðinn tíðari gestur á sjónvarpsskjáum Norðmanna en áður.

Aðstoðarleikstjóri auglýsingarinnar var Sindri Kjartansson og óskaði hann sérstaklega eftir Fjölni í hlutverkið. „Þetta var fínt. Það er alltaf gaman að vinna með góðu fólki og Sindri er skemmtilegur,“ segir Fjölnir. Hann hefur áður leikið í auglýsingum sem hafa birst erlendis og má þar nefna bjórauglýsingu þar sem hann lék norskan skíðastökkvara. „Það er alltaf ein og ein sem dettur inn,“ segir hann og er alltaf opinn fyrir nýjum tækifærum.

Fjölnir er þessa dagana að undirbúa sig fyrir Landsmót hestamanna sem hefst á Vindheimamelum 27. júní, fari svo að hin skæða hestaflensa setji ekki strik í reikninginn. „Maður reynir að vera jákvæður,“ segir hann og vonar það besta. **- fb**



**FJÖLNIR ÞORGEIRSSON** Fjölnir auglýsir hreinsiefni í norskri sjónvarpsauglýsingu sem hefur verið sýnd að undanförnu.



**ZALO** Fjölnir hreinsaði eldhúsið með Zalo-uppþvottalegi.



**DÝRKAR HERU** Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, er eldheitur aðdáandi Heru Bjarkar og óskaði sérstaklega eftir því að fá að hitta íslensku söngdívuna. Vel fór á með þeim í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EÁ

ÖRLYGUR SMÁRI: TILFINNINGARNAR TÓKU ÖLL VÖLD HJÁ OKKUR

# Utanríkisráðherra Noregs yfir sig hrifinn af Heru Björk

Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, óskaði sérstaklega eftir því að fá að hitta Heru Björk og íslenska Eurovision-hópinn í gær. Íslensku þátttakendurnir urðu að sjálfsögðu við bón norska utanríkisráðherrans þrátt fyrir mikið annríki enda hefur fjölmiðlaáhuginn sjaldan eða aldrei verið meiri. „Ég veit eiginlega ekkert hvernig stóð á þessum fundi,“ segir Örlygur Smári, höfundur Je ne sais quoi, en það tryggði sér sæti í úrslitum Eurovision á síðustu stundu eins og frægt er orðið.

Örlygur segir að þau hafi fengið einhverja klukkutíma til að undirbúa sig. „Það var síðan farið með okkur upp á efstu hæð hótelsins og þar var búið að undirbúa þennan fund,“ segir Örlygur en Störe var í fylgd með norska ríkissjónvarpinu sem tók fundinn upp. Lagasmiðurinn snjalli segir Störe hafa verið sérlega áhugasaman um ástandið á Íslandi og ekki síður hvernig staðan væri vegna eldgossins. „Hera svaraði þessu bara af sinni alkunnu snilld, svo var lagið tekið og við gáfum honum diskinn,“ útskýrir Örlygur. Störe er ekki ókunnur Íslendingum því hann heimsótti landið í nóvember 2008. Og ekki ólíklegt að þar hafi hann kynnst tónlist Heru Bjarkar.

Ekki var unnt að fá viðtal við Heru Björk um málið en Valgeir Magnússon, umboðsmaður hennar, segir ásóknina í íslenska söngkonuna hafa verið gríðarlega og að það sé næstum því barist um viðtölin. Undir það tekur Örlygur sem hefur keppt þrisvar sinnum í Eurovision. „Við höfum fengið alveg ótrúlegar viðtökur og finnum fyrir alveg svakalegum meðbyr. Ég man hreinlega ekki eftir öðru eins,“ segir Örlygur sem viðurkennir að hann hafi verið með hjartað í buxunum þegar aðeins eitt umslag var eftir í undankeppninni á þriðjudaginn. „Við fundum það á okkur að við yrðum síðust upp úr hattinum og þegar við sáum glitta í hornið á íslenska fánanum stóðum við öll upp og fögnuðum, tilfinningarnar tóku eiginlega bara öll völd.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Gunnlaugur Magnússon fór með sigur af hólmi í fyrsta golfmóti listamanna sem haldið var um hvítasunnuhelgina á Seltjarnarnesi. Gunnlaugur lék holurnar átján á 38 punktum en í öðru sæti varð Sunna Borg á 37 punktum. Þegar höggleikurinn er hins vegar skoðaður náði gamanleikarinn **Gunnar Hansson** ágætis árangri en hann lék völlinn á 82 höggum og varð í öðru sæti. Hann hafnaði hins vegar í áttunda sæti hvað punkta varðar.



Annars virtust listamennirnir eiga misjöfnu gengi að fagna. **Ólafía Hrönn Jónsdóttir** hafnaði í neðsta sæti, lék hringinn á 135 höggum og fékk fyrir það tólf punkta. Af öðrum nafntoguðum kylfingum má nefna að Arnar Jónsson hafnaði í 38. sæti mótsins en eiginkona hans, Þórhildur Þorleifsdóttir, varð hins vegar í því nítjánda. Sigurður Sigurjónsson varð 31. og Randver Þorláksson varð að láta sér 18. sætið að góðu verða.

Útvarpsmaðurinn **Frosti Logason** er nú staddur í Brussel að kynna sér innviði Evrópusambandsins. Frosti er þar á vegum útvarpsstöðvarinnar X-ins 977, en þar sér hann um þáttinn Harmageddon ásamt Mána Péturssyni. Harmageddon-bræður telja sig geta tæklað þjóðfélagsumræðuna eins og aðrir fjölmiðlar og þekking Frosta á ESB mun væntanlega koma sér vel. Annars eru félagarnir ánægðir með hlustun á stöðina sem virðist vera með fleiri líf en kötturinn.



Misskilningur olli því á dögunum að morgunþáttastjórnandinn Ómar Eyþórsson var titlaður dagskrárstjóri X-ins í Fréttablaðinu, en Máni og Frosti ríkja þar eins og keisarar í veldi sínu. **- fgg, afb**




Livostin® (levokabastin); nefúði 50 míkróg/skammt og augndropar 0,5 mg/ml. Livostin er fáanlegt án lyfseðils og er notað gegn ofnæmisbólgum í nefi og augum. Verkun lyfsins hefst innan 15 mínútna og stendur í margar klukkustundir. Skammtastærðir eru þær sömu fyrir börn og fullorðna: Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös 2 sinnum á dag. Hver úðaskammtur inniheldur um 50 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Ef þess gerist þörf má gefa skammtinn allt að 4 sinnum á dag. Hver dropi inniheldur u.þ.b. 15 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Varúð: Ekki má nota Livostin ef þekkt er ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. Ekki er ráðlegt nota mjúkar augnlinsur með Livostin augndropum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Aukaverkanir: Tímabundin erting í nefi strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 5% sjúklinga). Tímabundin erting í augum, strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 16% sjúklinga). Ofnæmi hefur í einstaka tilvikum komið fram. Meðganga og brjóstagjöf: Lyfið veldur fósturskemmdum í dýratilraunum og ætti því ekki að nota á meðgöngutíma. Lyfið skilst út í móðurmjólk, en áhrif á barnið eru ólíkleg við venjulega skömmtun. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

# Meira að segja Jesús hatar KR

Nýr stuttermabolur verslunarinnar Dogma með áletruninni Jesús hatar KR hefur vakið mikla athygli að undanförnu. Bolurinn fór í sölu í síðustu viku og hefur runnið út eins og heitar lummur.

„Við hötum svo sem ekkert KR. Hugmyndin er fengin frá erlendum bol, Jesus Hates the Yankees,“ segir Magnús Már Nilsson, stuðningsmaður Fylkis og einn af eigendum Dogma. „Okkar mat er það að KR er sennilega mest hataða liðið á Íslandi, sem er ákveðið hrós. Það þýðir að þetta er stærsta félagið á Íslandi, enda hatar enginn Völsung. Þeir eiga bara að vera ánægðir með þennan bol,“ segir hann og útilokar ekki að klæðast bolnum þegar KR-ingar taka á móti Fylkismönnum í sumar.

Nafni hans, HK-ingurinn Magnús Valur Böðvarsson sem starfar hjá Dogma í Kringlunni, hefur þegar klæðst bolnum á KR-vellinum. Það var í jafnteflisleik gegn Keflavík á þriðjudagskvöld. Hann viðurkennir að hafa fengið misjöfn viðbrögð við uppátækinu. „Sumir gáfu mér illt auga en aðrir bara brostu. Ég held að flestir taki þessu sem gríni,“ segir Magnús Valur, sem klæðist bolnum einnig í vinnunni. Þar hefur hann þegar fengið skömm í hattinn. „Það var ein kona sem kom hérna sem fannst þetta vera guðlast.“



**JESÚS HATAR KR** Magnús Valur Böðvarsson í stuttermabolnum með hinni umdeildu áletrun. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Honum finnst bolurinn ekki vera of grófur. „Ef maður myndi ekki koma með boli sem móðga þá væru engir bolir til sölu hérna.“ **- fb**

# NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

## Dömu & herrafatnaður

Bolir
Skyrtur
Buxur
Kvart buxur
Zip/off buxur
Stretch buxur
Isotex buxur
Isotex jakkar
Flís peysur
Softshell jakkar
Ofl. ofl.

DARE 2b
CRAGHOPPERS

Regatta GREAT OUTDOORS™

## OKKAR VERÐ

Sérverð á nýjum barnafatnaði og völdum vörum á dömur & herra

**Barnafatnaður**
bolir 1.495,-
flís peysur 1.990,-
softshell peysur 4.490,-
kvartbuxur 2.990,-
zip-off buxur 2.995,-
regn buxur 1.490,-
regn jakkar 4.750,-
isotex buxur 2.490,-
isotex jakkar 3.990,-
flís undirfatasett 2.990,-
skór 4.995,-

**Dömu & herra**
flís undirfatasett 2.990,-
hydro-term bolur 2.990,-
hydro term buxur 2.990,-
skór 5.745,- til 14.995,-
anvil bolir 1.490,-
anvil peysur 3.990,-
anvil hettupeysur 3.990,-
sokkar 1.490,- til 1.990,-
legghlífar 2.990,-
bakpokar 3.745,- til 13.995,-
smávara ofl.

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT 15 ÁRA
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skapar rétta andrúmsloftið

Íslenski hópurinn hefur vakið mikla eftirtekt í Eurovision-keppninni í Ósló. Hera Björk og bakraddirnar þóttu standa sig með prýði á sviðinu á þriðjudagskvöld og síðan þá hefur Hera baðað sig í sviðsljósinu. Erlendir fjölmiðlar hafa sýnt Heru mikinn áhuga en þeim hefur hins vegar ekki öllum gengið vel að fá viðtal við hana. Öllum slíkum beiðnum svarar fjölmiðlafulltrúinn **Valgeir Magnússon** sem Íslendingar þekkja betur sem Valla sport. Honum hefur tekist að búa til þá ímynd að stórmál sé að ná tali af íslensku söngkonunni og eykur þessi meðhöndlun enn á umtalið á staðnum.



### Fótaskortur á kyninu

Óheppnin eltir starfsfólk Rásar 2 á röndum þessa dagana. Í síðustu viku ætluðu þau Guðfinnur Sigurvinsson og Linda Blöndal að senda út síðdegis frá Grundarfirði en virtust hafa gleymt öllum beygjum uns þau enduðu í Staðarskála í Hrútafirði. Í gær bankaði óheppnin í svo upp á hjá **Matthíasi Má Magnússyni** í Popplandinu. Matta varð á að minnast þess að Stevie Nicks, söngvari hljómsveitarinnar Fleetwood Mac, væri 62 ára. Að því loknu kynnti hann lag með HONUM. Eins og flestir vita er Stevie Nicks af hinu kyninu. Netverjar tóku boltann samstundis á lofti og veltu því fyrir sér hvað Alice Cooper væri gömul…-

**hdm, jab**



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Þreyttir á hálfnöktum ferðamönnum
2. Garðbæingar fara á klósettið á kostnað Hafnfirðinga
3. Símanúmer frá helvíti
4. 17 milljón brjálaðar býflugur
5. Þrír farþegar slösuðust í ókyrrð yfir Atlantshafi
6. Segist saklaus af bókaþjófnaði





